

Engin skrímsli til

Kolbrún Benediktsdóttir sótti Thomas Møller Olsen til saka. Hún ræðir um starf sitt undanfarið og þá skoðun sína að fangelsin séu full af fólki sem þurfi að hjálpa. ➔26



Meiri tengsl við Ísland
Nicola Sturgeon,
forsætis-
ráðherra
Skota.

➔ 32



Rólegur fjölskyldufaðir
Birkir Már Sævarsson
landslíðsmaður. ➔ 34



Ferðaráð um Rússland
Spennandi áfangastað-
ur næsta sumar. ➔ 36

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • ATVINNA

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

FRÉTTABLAÐIÐ / ANTON BRINK

LEITIN
AÐ UPPRUNANUM

HEFST Á
SUNNUDAG
Á STÖÐ 2

Jólagestir
2017


MÍÐASALA
HEFST 19. OKTÓBER

-20%
SÖFNUNAR-
STELL
HNÍFAPÖR
GLÖS
12. - 21. OKTÓBER

AFSLÁTTARDAGAR
15% afsláttur af **iittala**
ÝMIS ÖNNUR TILBOÐ Í GANGI

TÉKK
KRISTALL
Laugavegi 178 - Sími 568 9955

Veður



Í dag er spáð vestan 8 til 13 metrum á sekúndu og skúrum vestanlands. Á austurhellingi landsins verður hvassviðri og gæti jafnvel slegið í storm í verstu vindstrengjum við fjöll. Með hvassviðrinu fylgir rigning eða slydda norðaustanlands fram eftir degi. **SJÁ SÍÐU 48**

Sjálfstæðismenn með mest fylgi

KOSNINGAR Sjálfstæðisflokkurinn mælist stærri en Vinstri græn í nýjum Þjóðarpól Gallup með tæplega 24 prósentu fylgi samanborið við 23 prósentu fylgi VG. Næst þeim kemst Samfylkingin með 13 prósentu fylgi en það er um fjögurra prósentustiga aukning frá síðasta Þjóðarpóli.

Miðflokkurinn mælist í níu prósentum og Framsóknarflokkurinn í sjö prósentum. Þá minnkar fylgi Flokks fólksins sem þó mælist inni á þingi með um sex prósentu fylgi.

Fylgi Vindreisnar er á uppleið og er nú komið í 4,8 prósent og því nálægt fimm prósentu þröskuldinum. Björt framtíð mælist úti með um þrjú prósent og fylgi Pírata mælist í tæpum 9 prósentum. – þea

Flug 666 til HEL í síðasta sinn

FINNLAND Flug AY666 á vegum finnska flugfélagsins Finnair flaug til HEL í gær, föstudaginn þrettánda. Flugferðin vakti mikla athygli enda hefur dagsetningin löngum verið tengd hjátrú, talan 666 tengd kölska og flugvallarkóðann HEL, sem stendur fyrir Helsinki, þarf varla að útskýra nánar. Þar að auki fór flugvélin í loftið frá Kaupmannahöfn klukkan 13 en sú tala þykir einnig slæmur fyrirboði.

Þrátt fyrir hina slæmu fyrirboða gekk flugið vel og allir farþegar lifðu ferðina af. Þetta var í 21. skipti sem Finnair stendur fyrir flugi AY666 til Helsinki föstudaginn þrettánda en flugið á milli Kaupmannahafnar og Helsinki á sér ellefu ára sögu. Hins vegar var þetta síðasta skipti sem vélinni er flogið á föstudaginn þrettánda því að frá og með nóvember mun flugnúmerið verða AY954. – þea



Framlagning kjörskráa

Kjörskrár vegna kosninga til Alþingis, sem haldnar verða laugardaginn 28. október 2017, skulu lagðar fram eigi síðar en **18. október 2017**.

Kjörskrá skal leggja fram á skrifstofu sveitarstjórnar eða á öðrum hentugum stað sem sveitarstjórn auglýsir sérstaklega. Kjörskrá skal liggja frammi á almennum skrifstofutíma til kjördags.

Peim sem vilja koma að athugasemdum við kjörskrá er bent á að senda þær hlutaðeigandi sveitarstjórn.

Dómsmálaráðuneytinu, 12. október 2017.

Aldrei verið bleikari



Þessir starfsmenn Eimskips hafa eflaust aldrei verið bleikari en þeir voru í gær þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði. Töku starfsmennirnir bleika daginn með trompi og klæddu sig upp sem bleikir hryllingstrúðar, átu bleikt bakkelsi og héldu á bleikum blöðrum. Dagurinn hefur notið sívaxandi vinsælda undanfarin ár í hinum bleika októbermánuði sem helgaður er baráttunni gegn brjóstakrabbameini. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Auglýsir enn fylgdarþjónustu

LÖGREGLUMÁL Catalina Ncogo, sem var dæmd fyrir hörmang árið 2010, auglýsti á Snapchat-reikningi sínum fylgdarþjónustu sem hún rekur. Talar hún um „stelpurnar sínar“ og birtir myndir af konum sem hægt er að komast í kynni við. Segir hún að trúnaði sé heitið og virðist hafa milligöngu um þjónustuna. Þá er tekið fram að hún greiði virðisaukaskatt vegna starfsmennar. „Við sjáum oft að þetta er auglýst sem fylgdarsíður. Það er hins vegar ekkert sem flokkast undir fylgd þarna. Það er engin lína. Það er bara eins og við köllum þjóra vændi sem á sér stað á þessum síðum,“ sagði Snorri Birgisson lögreglufulltrúi við fréttastofu í gær. – ss

» Catalina Ncogo var dæmd fyrir hörmang árið 2010 en auglýsir nú fylgdarþjónustu á Snapchat.

Græn vakning verður meðal verslunarmanna

Netmatvöruverslunin Boxið fagnar eins árs afmæli með því að ferja dósir viðskiptavina í endurvinnslu og leggja skilgjalda á reikning viðskiptavina. Gott fyrir umhverfið, segir stofnandinn. Bónus opnar sína grænustu matvöruverslun.

VIÐSKIPTI Netmatvöruverslunin Boxið býður viðskiptavinum sínum nú upp á að fyrirtæki skili dósunum fyrir þá í endurvinnslu. Sigurður Pálmi Sigurbjörnsson, stofnandi Boxins, segir að reynsla starfsmanna Boxins sé sú að fólk hafi margt samviskubít þar sem það hafi einfaldlega ekki tíma í að flokka og skila.

„Vegna þess ákváðum við að bjóða upp á þá þjónustu að taka dósir af heimilum fólks, fara með í endurvinnsluna og leggja svo andvirði skilgjaldsins inn á reikninginn hjá fólki á Boxinu,“ segir Sigurður og bætir því við að með þessu sé verið að nýta þá vannýttu auðlind sem dósirnar eru.

Sigurður segir þetta gott fyrir umhverfið, viðskiptavini og fyrirtæki. Þar sem Boxið keyri vörur til viðskiptavina og taki með dósir í sömu ferð sparist líka eldsneyti þar sem bill Boxins getur að því loknu farið með dósir margra fjölskyldna á endurvinnslustöð í einu í stað þess að margir bílar fari sömu ferð.

Ákveðið var að bjóða upp á þessa þjónustu í tilefni af ársafmæli verslunarinnar. Sigurður segir að undanfarin ár hafi gengið vel og vöxtur hafi verið mikill. „Við erum alltaf að bæta síðuna og þjónustuna og auka úrvalið. Við finnum að fólk kann gríðarlega vel að meta svona þjónustu.“

En Boxið er ekki eina matvöruverslunin sem vill hugsa betur um umhverfið. Í gær var greint frá því að verslun Bónuss á Smáratorgi yrði opnuð í dag á nýjan leik. Í fréttatilkynningu sem Bónus sendi frá sér kemur fram að í nýju versluninni



Vitundarvakning í umhverfismálum setur mark sitt á matvöruverslanir.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Við erum að nýta vannýttu auðlind hjá fólki.

Sigurður Pálmi Sigurbjörnsson, stofnandi Boxins



sé umhverfispáttum gert hátt undir höfði. Viðskiptavinum nýju Bónusverslunarinnar býðst nú að skilja umbúðir eftir í versluninni og láta starfsmenn hennar um að flokka þær og skila.

Þá segir í tilkynningunni að í öllum kælum og frystum sé grænt kælikerfi sem sé fremst á sviði umhverfsvænna kælikerfa.

Eina kælifernið sé íslenskur koltví-sýringur og kemur hann í stað umhverfisskaðvaldsins freons.

Þá sé vélbúnaður kerfanna jafnframt sparneytinn og kælum og frystum sé lokað með gegnsæjum lokum, bæði til að spara orku og bæta meðferð vöru.

thorgnyr@frettabladid.is



HÚRRANDI HAUSTFAGNAÐUR

hjá söluaðilum Toyota í dag kl. 12–16



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY



Við hrópum ferfalt húrra fyrir sérvöldum bílum á sýningartilboði. Takmarkað magn af Land Cruiser 150 Black, Hilux Invincible, RAV4 og Toyota C-HR á sjaldséðu verði.

100.000 kr. gjafabréf frá 66°Norður fylgir með öllum nýjum bílum.

Funheitt tilboð á **Webasto miðstöðvum** fyrir veturinn og sértíloð á **vetrardekkjum frá Kletti**.

Rjúkandi kakó með rjóma og gómsætar veitingar á dúndurflottri haustsýningu hjá öllum viðurkenndum söluaðilum Toyota í dag kl. 12–16.

Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.



TÖLUR VIKUNNAR 08. 10. 2017 TIL 14. 10. 2017

132 tonn

af lambakjöti voru flutt út í ágúst fyrir um 60 milljónir króna. Kílóverðið var því um 450 krónur.




3,4

milljónir á mánuði greiðir Orkuveita Reykjavíkur í leigu fyrir þá fermetra sem standa nú auðir og ónotaðir vegna rakaskemmda í höfuðstöðvunum.

112

þúsund eintök geisladiska og hljómpatna seldust hér á landi í fyrra. Árið 1999 seldust 868 þúsund en þá náði salan hámarki. Frá árinu 2005 hefur seldum eintökum fækkað samfellt eða úr 823 þúsundum það ár.



326

umsóknir um greiðsluáðlögun bærust Umboðsmanni skuldara á fyrstu átta mánuðum ársins. Sjö þúsund umsóknir hafa borist embættinu síðan það tók til starfa í ágúst 2010.

68.300

voru háskólamenntaðir landsmenn á aldrinum 25-64 ára í fyrra.

2-0

var sigur íslenska karlalandsliðsins í fótbolta gegn Kósóvó í lokaleik riðlakeppninnar fyrir HM. Þar með tryggði liðið sér þátttökurétt í lokakeppni HM í Rússlandi.



Þrjú í fréttum Afsögn, ljóð og nemakort

Benedikt Jóhannesson fráfarandi formaður Viðreisnar

sagði af sér formennsku í flokknum og kvað sína eigin hagsmuni þurfa að víkja. Áður hafði Benedikt beðist afsökunar á þeim ummælum sínum að varla nokkur myndi hvaða mál hefði orðið til þess að stjórnarsamstarfi var slitid. Benedikt sagði ummælin hafa verið afar klaufaleg.



Jónas Reynir Gunnarsson skáld

hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar árið 2017 fyrir ljóðahandritið Stór oliuskip. Alls barst 51 óbirt ljóðahandrit undir dulnefni en til þess að hljóta þessi verðlaun þurfa höfundar að sækja um þau sérstaklega.



Ásta K. Ólafsdóttir

móðir fatlaðs nema

greiddi um 30 þúsund krónur á mánuði í um eitt og hálf ár fyrir akstursþjónustu fyrir son sinn. Henni var ekki greint frá því að hægt væri að fá 20 þúsund króna árskort. Strætó áframsendi beiðni hennar um endurgreiðslu til velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Kröfunni var hafnað með þeim rökum að sveitarfélaginu væri ekki skylt að bjóða upp á kortin. Þau væru valkostur við annars konar greiðsluþátttöku.



ÁTVR keypti notaða Land Cruiser bifreið á 9,8 milljónir

Nýi Land Cruiser jeppinn er 7 ára gamall og leysir af hólmi 10 ára jeppa sömu tegundar. Starfsmenn ÁTVR nota jeppann til að sinna erindum víðs vegar um land. Aðstoðarforstjóri ÁTVR segir nauðsynlegt að hafa traustan og góðan bíl við íslenskar vetraraðstæður. Splunkunýir ráðherrabílar keyptir fyrir lægri upphæð.

STJÓRNSÝSLA Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins keypti í sumar notaðan, sjö ára gamlan Toyota Land Cruiser-jeppa á 9,8 milljónir króna til að nota í starfsemi sinni. Jeppanum er ætlað að leysa af hólmi annan tíu ára gamlan Land Cruiser-jeppa fyrirtækisins.

Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri ÁTVR, segir í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins að jeppinn sé ekki hugsaður fyrir einhvern tiltekinn starfsmann fyrirtækisins. ÁTVR þurfi traustan og góðan bíl til að takast á við íslenska veturinn og sinna verkefnum víðs vegar um landið.

„ÁTVR rekur 50 Vínbúðir. Þar af eru 37 á landsbyggðinni og eru þær dreifðar um landið. Farið er í Vínbúðirnar reglulega allt árið um kring. Ferðirnar eru af ýmsum toga, t.d. vegna viðgerða og viðhalds, gæðaeftirlits, talninga, rekstareftirlits og kennslu. Nauðsynlegt er að vera með traustan og góðan bíl við vetraraðstæður eins og þekkjast á Íslandi,“ segir Sigrún Ósk.

Gamla bílinn, 2007 árgærdina af Land Cruiser sem ekinn er 305 þúsund kílómetra, reyna Ríkiskaup nú að selja í gegnum uppboðsvef Króks. Á föstudag var komið hæsta boð upp á 2,6 milljónir króna í þann bíl og virðast Land Cruiser-jepparnir því halda sér vel í verði.

Í ljósi þess að nýi jeppinn, sem keyptur var í júní síðastliðnum, er aðeins þremur árum yngri en sá gamli, vekur hið háa kaupverð þó athygli. Að sögn Sigrúnar kostaði billinn 9.789.132 krónur og var keyptur í gegnum örútbod Ríkiskaupa líkt og venjan er við bifreiðakaup hins opinbera.



ÁTVR segist þurfa traustan jeppa til að sinna starfsemi sinni víðs vegar um land. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Til samburðar hefur á undanförunum misserum nær allur ráðherrabílafloti landsins verið endurnýjaður fyrir tæpar 100 milljónir. Allir nema tveir ráðherrabílar velferðarráðuneytisins.

Í nóvember var keyptur splunkunýr Volvo XC90 T8 tengiltvinnjeppi fyrir ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra á 9,4 milljónir. BMW X5 tengiltvinnjeppi fyrir dómsmálaráðherra á rúmar 9 milljónir í maí 2016, Mercedes Benz E250 lúxusbifreið var keypt fyrir fjármála- og efnahagsráðherra í janúar 2015 á tæpar

Nauðsynlegt er að vera með traustan og góðan bíl við vetraraðstæður eins og þekkjast á Íslandi.

Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri ÁTVR



9,6 milljónir. Allt nýir bílar en ódýrari en hinn 7 ára gamli jeppi ÁTVR.

Innanríkisráðuneytið festi í mars síðastliðnum einnig kaup á nýjum Toyota Land Cruiser 150 VX-jeppa fyrir samgönguráðherra. Hann kostaði, nýr úr kassanum, 10,7 milljónir.

Ekki er ólíklegt að nýi Land Cruiser-jeppi ÁTVR sé vel útbúinn, en hann var keyptur nýr árið 2010 af útgerðarmanninum Magnúsi Kristinssyni, fyrrverandi eiganda Toyota-umboðsins á Íslandi, sem væntanlega hefur vandað valið.

mikael@frettabladid.is

FIAT BÍLASÝNING Í DAG


OPÍÐ 12-16.

Í OKTÓBER FYLGIR NÝJUM FIAT VEGLEGUR VETRARPÁKKI: VETRARDEKK, GÚMMÍMOTTUR OG ÞJÓNUSTUSKOÐANIR Í 2 ÁR

SKALLATENNISMÓT FIAT OG ÁTTUNAR FM VERÐUR HALDIÐ Á MEÐAN SÝNINGU STENDUR- ÖLLUM HEIMIL ÞÁTTAKA. KAFFI, SÆLGÆTI, GOS OG ÍS FRÁ ÍSBÚÐINNI VALDÍSI VERÐUR Á BOÐSTÓLUM.

fiat.is

LÍFIÐ ER LJÚFT VIÐ TAMPA BAY



Stökktu í sjóinn og láttu sólina verma þig

Vont veður þekkest varla við Tampa Bay í Flórída. Loftslagið er sérlega milt og stöðugt með ljúfri sjávargölu sem strýkur vangann. Njóttu sólskins, gómsæts matar og úrvals fjölskylduvænna skemmtana í fallegu og afslöppuðu umhverfi.

Icelandair flýgur tvisvar í viku til Tampa Bay allan ársins hring.



Framboð og oddvitar eftir kjördæmum

Norðvesturkjördæmi

9 framboð og oddvitar þeirra

| | |
|---------------------------------|---------------------------|
| Sjálfstæðisflokkur Samfylkingin | Haraldur Benediktsson |
| Vinstri græn | Guðjón S. Brjánsson |
| Viðreisn | Lilja Rafney Magnúsdóttir |
| Píratar | Gylfi Ólafsson |
| Björt framtíð | Eva Pandora Baldursdóttir |
| Framsóknarflokkur | Guðlaug Kristjánsdóttir |
| Flokkur fólksins | Ásmundur Einar Daðason |
| Miðflokkurinn | Magnús Þór Hafsteinsson |
| | Bergþór Ólason |



Norðausturkjördæmi

10 framboð og oddvitar þeirra

| | |
|---------------------------------|-------------------------------|
| Sjálfstæðisflokkur Samfylkingin | Kristján Þór Júlíusson |
| Vinstri græn | Logi Már Einarsson |
| Viðreisn | Steingrímur J. Sigfússon |
| Píratar | Benedikt Jóhannesson |
| Björt framtíð | Einar Aðalsteinn Brynjólfsson |
| Framsóknarflokkur | Arngrímur V. Ásgeirsson |
| Flokkur fólksins | Þórunn Egilsdóttir |
| Miðflokkurinn | Halldór Gunnarsson |
| Alþýðufylkingin | Sigmundur Davíð Gunnlaugsson |
| | Þorsteinn Bergsson |

Reykjavík norður

11 framboð og oddvitar þeirra

| | |
|---------------------------------|----------------------------|
| Sjálfstæðisflokkur Samfylkingin | Guðlaugur Þór Þórðarson |
| Vinstri græn | Helga Vala Helgadóttir |
| Viðreisn | Katrín Jakobsdóttir |
| Píratar | Þorsteinn Viglundsson |
| Björt framtíð | Helgi Hrafn Gunnarsson |
| Framsóknarflokkur | Óttarr Proppé |
| Flokkur fólksins | Lárus Sigurður Lárusson |
| Miðflokkurinn | Ólafur Ísleifsson |
| Alþýðufylkingin | Guðfinna J. Guðmundsdóttir |
| Íslenska þjóðfylkingin | Vésteinn Valgarðsson |
| | Jens G. Jensson |

Suðvesturkjördæmi

Reykjavík norður

Reykjavík suður

Reykjavík suður

Suðurland

11 framboð og oddvitar þeirra

| | |
|---------------------------------|------------------------------|
| Sjálfstæðisflokkur Samfylkingin | Páll Magnússon |
| Vinstri græn | Oddný G. Harðardóttir |
| Viðreisn | Ari Trausti Guðmundsson |
| Píratar | Jóna Sólveig Elnarsdóttir |
| Björt framtíð | Smári McCarthy |
| Framsóknarflokkur | Jasmina Crnac |
| Flokkur fólksins | Sigurður Ingi Jóhannsson |
| Miðflokkurinn | Karl Gauti Hjaltason |
| Íslenska þjóðfylkingin | Birgir Þórarinnsson |
| Dögun | Þorvaldur Helgi Auðunsson |
| | Ragnhildur L. Guðmundsdóttir |

Reykjavík suður

11 framboð og oddvitar þeirra

| | |
|---------------------------------|-----------------------------|
| Sjálfstæðisflokkur Samfylkingin | Sigríður Á. Andersen |
| Vinstri græn | Ágúst Ólafur Ágústsson |
| Viðreisn | Svandís Svavarsdóttir |
| Píratar | Hanna Katrín Friðriksson |
| Björt framtíð | Þórhildur Sunna Ævarsdóttir |
| | Nichole Leigh Mosty |

| | |
|------------------------|-----------------------|
| Framsóknarflokkur | Lilja Alfreðsdóttir |
| Flokkur fólksins | Inga Sæland |
| Miðflokkurinn | Þorsteinn Sæmundsson |
| Alþýðufylkingin | Þorvaldur Þorvaldsson |
| Íslenska þjóðfylkingin | Guðmundur Þorleifsson |

Suðvesturkjördæmi

11 framboð og oddvitar þeirra

| | |
|---------------------------------|-----------------------------|
| Sjálfstæðisflokkur Samfylkingin | Bjarni Benediktsson |
| Vinstri græn | Guðmundur Andri Thorsson |
| Viðreisn | Rósa Björk Brynjólfssdóttir |
| Píratar | Þorgerður Katrín Gunnarsd. |
| Björt framtíð | Jón Þór Ólafsson |
| | Björt Ólafsdóttir |

| | |
|------------------------|----------------------------|
| Framsóknarflokkur | Willum Þór Þórsson |
| Flokkur fólksins | Guðmundur Ingi Kristinsson |
| Miðflokkurinn | Gunnar Bragi Sveinsson |
| Alþýðufylkingin | Erna Lina Örnudóttir |
| Íslenska þjóðfylkingin | Baldvinsdóttir |
| | Geir Harðarson |

Helmingi fleiri karlar en konur oddvitar

Níu flokkar bjóða fram í öllum kjördæmum. Tölf flokkar skiluðu inn framboðslistum til yfirkjörstjórna kjördæmanna sex áður en frestur til þess rann út í hádeginu í gær. Af 63 oddvitum listanna er aðeins 21 kona og eru karlar þannig í yfirgnæfandi meirihluta.

STJÓRN MÁL Níu flokkar bjóða fram í öllum sex kjördæmunum fyrir alþingiskosningarnar. Frestur til að skila inn framboðslistum rann út á hádegis í gær. Tölf flokkar skiluðu inn listum til yfirkjörstjórna kjördæmanna.

Hinn nýstofnaði Miðflokkur Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar býður fram í öllum kjördæmum líkt og Sjálfstæðisflokkurinn, Samfylkingin,

Vinstri græn, Viðreisn, Píratar, Framsóknarflokkurinn, Björt framtíð og Flokkur fólksins.

Alþýðufylkingin býður fram í fjórum kjördæmum, Norðaustur-, Suðvestur- og Reykjavíkurborg kjördæmunum tveimur. Íslenska þjóðfylkingin í fjórum kjördæmum, Suður-, Suðvestur- og Reykjavíkurborg kjördæmunum. Dögun býður aðeins fram í Suðurland kjördæmi.

33%

af oddvitum listanna sem bjóða fram í kjördæmunum sex eru konur.

Yfirkjörstjórnir þriggja kjördæma úrskurða um gildi framboðanna í dag. Í Norðvesturkjördæmi voru öll framboð samþykkt og í Suðurland kjördæmi líka, nema framboð Íslensku þjóðfylkingarinnar. Yfirkjörstjórn vildi ekki tjá sig um hvort flokkurinn fengi frest til að gera úrbætur eða úr hverju þyrfti að bæta. Í Kraganum voru annmarkar á þremur framboðum, Íslensku þjóð-

fylkingarinnar, Alþýðufylkingarinnar og Þjartrar framtíðar. Flokkarnir fá frest þar til í dag til að gera úrbætur.

Þegar litid er til kynjaskiptingar oddvita í kjördæmunum eru karlar í meirihluta. Af 63 oddvitum listanna sem bjóða fram í kjördæmunum sex eru 42 þeirra karlar eða rúm 66 prósent á móti 21 konu eða rúmum 33 prósentum. mikael@frettabladid.is

Mosfellsbær taki á móti tíu

MOSFELLSBÆR Velferðarráðuneytið undirbýr nú móttöku 50 flóttamanna til landsins í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá því í lok ágúst. Tekið verður á móti hópi hinsegin fólks úr flóttamannabúðum í Kenýa og arabískumælandi fólki sem nú er í Jórdaninu.

Þetta kemur fram í bréfi velferðar-

ráðuneytisins þar sem óskað er eftir því að Mosfellsbær taki við tíu flóttamönnum. „Mosfellsbær hefur áður lýst yfir vilja sínum til að taka á móti flóttamönnum og er því jákvæður gagnvart erindinu,“ segir bæjarráð Mosfellsbæjar sem setur í gang viðræður við ráðuneytið og undirbúning samnings um verkefnið. – gar

Fljúga með 4,5 milljónir farþega

FERÐAÞJÓNUSTA Áætlað er að farþegar Icelandair á næsta ári verði um 4,5 milljónir og muni fjölga um 400 þúsund frá yfirstandandi ári. Það samsvarar um 11 prósentu fjölgun.

Flug verður hafið til þriggja

nýrra áfangastaða, Cleveland og Dallas í Bandaríkjunum og Dublin á Írlandi, auk Berlínar sem bætist við leiðakerfið nú í




nóvember. Þá verður ferðum fjölgað til fjölmargra borga í Norður-Ameríku og Evrópu.

Fram kemur í fréttatilkynningu frá Icelandair Group að snemma á næsta ári mun Icelandair taka í notkun þrjár nýjar 160 sæta Boeing 737 MAX 8 flugvélar. – jhh

florealis.is




FLOREALIS
Hrein náttúruvísindi



Liljonia

Ætluð til meðferðar á óþægindum í leggöngum. Inniheldur nærandi og rakagefandi efni sem bæta og viðhalda heilbrigði legganga.



Rosonia

Froða til meðferðar á ytri kynfærum. Inniheldur nærandi skógarstokksrórs, sem hjálpar til við uppbyggingu vefja.

Náttúruleg vörn gegn óþægindum á kynfærasvæði

Rosonia og Liljonia frá Florealis byggja á vísindalegum grunni og hafa viðurkennda virkni gegn óþægindum (kláða, sviða og bólgu) á ytra kynfærasvæði og í leggöngum.

AMERÍSKIR DAGAR

KALKÚNA- LUNDIR



TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa

2.624 kr/kg

Verð áður 3.499.-



TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa

2.799 kr/kg

Verð áður 3.499.-

TILBOÐ
30%
afsláttur á kassa

559 kr/kg

Verð áður 799.-



KALKÚNABRINGA

KALKÚNALEGGIR



Twinkies
Amerika í tveimur bitum.



Kimberley's
Ekta amerískar muffins.



★ NÝTT ★

Jimmy's Nachos
Með tveimur tegundum af sósum, salsa og ostal



Ben & Jerry's
Fyrir gott kvöld.



Eggo vöflur
Eins og úr annari vídd.



Pringles tortilla
Einu sinni smakkað, getur ekki hætt.

TILBOÐ
15%
afsláttur á kassa



Justin's
Heslihnetu-, jarðhnetu- og möndlusmjör.



TILBOÐ
35%
afsláttur á kassa

Bone doctor
Hágæða BBQ sósur.

Gildir til 22. október á meðan biggðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Minjastofnun Íslands

auglýsir eftir umsóknum um styrki úr húsafriðunarsjóði fyrir árið 2018

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðlýstra og friðaðra húsa og mannvirkja, sbr. reglur um úthlutun úr húsafriðunarsjóði nr. 577/2016. Veittir verða veita styrkir úr sjóðnum til:

- viðhalds og endurbóta á friðlýstum og friðuðum húsum og mannvirkjum, og öðrum húsum og mannvirkjum, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi.
- byggingarsögulegra rannsókna, þar með talið skráningu húsa og mannvirkja, og miðlun upplýsinga um þær.
- sveitarfélaga til að vinna tillögur að verndarsvæði í byggð, í samræmi við ákvæði laga nr. 87/2015 og reglugerðar nr. 575/2016 um verndarsvæði í byggð og til verkefna innan verndarsvæða í byggð.

Umsóknir eru metnar með tilliti til varðveislugildis, t.d. vegna byggingarlistar, menningarsögu, umhverfis, upprunaleika og tæknilegs ástands ásamt gildis fyrir varðveislu byggingararfleifarinnar.

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar, m.a. úthlutunarreglur, er að finna á vef Minjastofnunar Íslands, www.minjastofnun.is.

Umsóknarfrestur er til og með 1. desember 2017. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur koma ekki til álita við úthlutun styrkja.

Minjastofnun Íslands hefur eftirlit með að styrkt verkefni séu viðunandi af hendi leyst og í samræmi við innsend umsóknargögn. Bent er á leiðbeiningarit um verndarsvæði í byggð og um viðhald og endurbætur friðaðra og varðveisluverðra húsa sem finna má á vef Minjastofnunar Íslands (undir Gagnasafni) og á Húsverndarstofu í Borgarsögusafni Reykjavíkur/Árbæjarsafni.



Suðurgötu 39, 101 Reykjavík
Sími: 570 1300
www.minjastofnun.is
husafriðunarsjodur@minjastofnun.is

Lausnin sé að fækka börnum á leikskólum

Formaður Félags leikskólakennara segir ákvörðun borgarráðs um að veita leikskólakennurum 20 þúsund króna eingreiðslu til að mæta manneklu í leikskólum ekki leysa neinn vanda. Svárið sé frekar að fækka börnum á leikskólum.

KJARAMÁL „Þetta leysir engan vanda til frambúðar. Ég veit að borgin gerir sér grein fyrir því,“ segir Haraldur Freyr Gíslason, formaður Félags leikskólakennara, um þá ákvörðun borgarráðs að veita leikskólakennurum og öðru starfsfólki leikskóla borgarinnar 20 þúsund króna eingreiðslu sem lið í aðgerðum til að mæta manneklu og efla mannauð.

Kostnaður við þessar eingreiðslur eru 27,3 milljónir króna auk 11 milljóna sem varið verður til sambærilegra greiðslna til starfsfólks frístundaheimila og sértækra félagsmiðstöðva.

„Þetta er sennilega hugsað sem umbun fyrir það álag sem hefur verið á starfsfólkinu,“ segir Haraldur, inntur eftir því hvort þessir tugir milljóna fari ekki fyrir lítið þegar þeir skila sér aðeins í 20 þúsund króna eingreiðslu til hvers starfsmanns. „Önnur sveitarfélög mættu taka sér Reykjavíkurborg til fyrirmyndar að þessu leyti og veita starfsfólki umbun. Vandamálið er ekki bundið við borgina,“ segir Haraldur og bendir á að umræðu um bætt starfsumhverfi sé ekki lokið hjá borginni. Í þeirri umræðu leggi leikskólakennarar áherslu á að fækka börnum í leikskólunum, fjölga undirbúningsstundum og færa



Of mörg börn eru á hverjum leikskóla að mati Haraldar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Leikskólastigið hefur þróast hratt sem skólastig og of hratt til að geta staðið undir sér.



Haraldur Freyr Gíslason, formaður Félags leikskólakennara starfsumhverfið nær því sem þekkest á öðrum skólastigum. Aðspurður um hvort það fari ekki á skjön við kröfur samfélagsins og áherslur stjórnmalanna að fækka börnum á leikskól-

um, segir Haraldur að ekki verði bæði sleppt og haldið. „Leikskólastigið hefur þróast hratt sem skólastig og of hratt til að geta staðið undir sér. Svo koma kröfur samfélagsins um að leikskólarnir taki inn yngri og yngri börn. Það hefur aukið á vandann. Það átta sig kannski ekki allir á því hvað það er stutt síðan börn voru ekkert almennt í leikskólum.

Fyrir 1994 voru bara tilteknir forgangshópar sem fengu heilsdagspláss í leikskólum. Við þurfum að spyrja okkur hvort við ættum ekki að hægja á vextinum á meðan við aukum nýliðun.“ adalheidur@frettabladid.is

AÐVENTUFERÐ ELDRI BORGARA TIL KAUPMANNAHAFNAR

19.–22. nóvember | 26.–29. nóvember 2017

117.800 kr. á mann í tvíbýli og
139.500 kr. á mann í einbýli



Innifalið í verðinu er flug, flugvallarskattar, gisting í þrjár nætur með morgunverði á Absalon Hotel (4 stjörnur) og allur akstur erlendis. Einnig er innifalinn skoðunarferð um gamla bæinn með Sigrúnu Gísladóttur, heimsókn í

Jónshús, „Julefrokost“ á Restaurant Grøften og síkjasigling með djassbandi Michaels Bøving. Ferðirnar eru skipulagðar í samráði við Emil Guðmundsson. Íslensk fararstjórn.

+ Frekari upplýsingar fást hjá Hópadeild Icelandair í síma 505-0406 eða með því að senda tölvupóst til hopar@icelandair.is.

ICELANDAIR

HAUSTTILBOÐ

Stórlækkað verð á völdum bílum



500.000 kr. afsláttur

Fullt verð með afslætti
3.950.000 kr.
verð áður 4.450.000 kr.

Volkswagen Tiguan

Árgerð 2015, ekinn 65 þús. km, dísil, 140 hö.,
1.968 cc, sjálfskiptur, fjórhjóladrif

Raðnúmer: 290851

31.800 kr. á mánuði*

*m.v. 50% útborgun og lán í 84 mánuði með 7,75% vöxtum og árlegri hlutfallstölu kostnaðar 9,38%



700.000 kr. afsláttur

Fullt verð með afslætti
3.590.000 kr.
verð áður 4.350.000 kr.

Mercedes-Benz B 180

Árgerð 2015, ekinn 47 þús. km, dísil, 109 hö.,
1.461 cc, sjálfskiptur, framhjóladrif

Raðnúmer: 320442

28.900 kr. á mánuði*



180.000 kr. afsláttur

Kia Sportage

Árgerð 2015, ekinn 78 þús. km,
dísil, 136 hö., 1.995 cc, sjálfskiptur,
fjórhjóladrif

Raðnúmer: 320212

verð áður 3.870.000 kr.

3.690.000 kr.



600.000 kr. afsláttur

Mercedes-Benz A180

Árgerð 2015, ekinn 34 þús. km,
dísil, 109 hö., 1.461 cc, sjálfskiptur,
framhjóladrif

Raðnúmer: 170204

verð áður 3.590.000 kr.

2.990.000 kr.



700.000 kr. afsláttur

Mercedes-Benz Viano

Árgerð 2007, ekinn 251 þús. km,
dísil, 205 hö., 2.987 cc, sjálfskiptur,
afturhjóladrif

Raðnúmer: 991872

verð áður 2.690.000 kr.

1.990.000 kr.



200.000 kr. afsláttur

Kia Soul

Árgerð 2015, ekinn 71 þús. km,
dísil, 128 hö., 1.582 cc, sjálfskiptur,
framhjóladrif

Raðnúmer: 992187

verð áður 2.390.000 kr.

2.190.000 kr.



160.000 kr. afsláttur

Ford Mondeo

Árgerð 2011, ekinn 112 þús. km,
dísil, 116 hö., 1.560 cc, beinskíptur,
framhjóladrif

Raðnúmer: 992220

verð áður 1.750.000 kr.

1.590.000 kr.



300.000 kr. afsláttur

Mitsubishi Pajero Instyle

Árgerð 2015, ekinn 52 þús. km,
dísil, 200 hö., 3.200 cc, sjálfskiptur,
fjórhjóladrif

Raðnúmer: 320634

verð áður 5.790.000 kr.

5.490.000 kr.



700.000 kr. afsláttur

Mercedes-Benz E-class

Árgerð 2015, ekinn 12 þús. km,
dísil, 170 hö., 2.143 cc, sjálfskiptur,
fjórhjóladrif

Raðnúmer: 290225

verð áður 6.290.000 kr.

5.570.000 kr.



200.000 kr. afsláttur

Peugeot 307 SW

Árgerð 2007, ekinn 146 þús. km,
bensín, 140 hö., 1.997 cc, sjálfskiptur,
framhjóladrif

Raðnúmer: 992262

verð áður 690.000 kr.

490.000 kr.



300.000 kr. afsláttur

Volkswagen Tiguan

Árgerð 2014, ekinn 80 þús. km,
dísil, 140 hö., 1.968 cc, sjálfskiptur,
fjórhjóladrif

Raðnúmer: 320564

verð áður 2.990.000 kr.

2.690.000 kr.



500.000 kr. afsláttur

Mercedes-Benz CLA 180

Árgerð 2016, ekinn 7 þús. km,
bensín, 123 hö., 1.595 cc, sjálfskiptur,
framhjóladrif

Raðnúmer: 320528

verð áður 5.490.000 kr.

4.990.000 kr.



500.000 kr. afsláttur

Mercedes-Benz GLA 220 CDI 4MATIC

Árgerð 2015, ekinn 55 þús. km,
dísil, 170 hö., 2.143 cc, sjálfskiptur,
fjórhjóladrif

Raðnúmer: 290512

verð áður 5.990.000 kr.

5.490.000 kr.



500.000 kr. afsláttur

Mercedes-Benz GL500

Árgerð 2013, ekinn 64 þús. km,
bensín, 436 hö., 4.663 cc, sjálfskiptur,
fjórhjóladrif

Raðnúmer: 991719

verð áður 9.490.000 kr.

8.990.000 kr.



NOTAÐIR BÍLAR
www.notadir.is

Kletthálsi 2
110 Reykjavík
590 2160

Opunartímar:
Virka daga 10–18
Laugardaga 12–16

Lykill
fjármögnun

Stórhundakynning um helgina

FRÁ 13:00 TIL 16:00

KYNNIÐ YKKUR TEGUNDIRNAR ★

SPJALLIÐ VIÐ REYNDA HUNDAEIGENDUR

DÝRALÆKNIR ★ FÓÐURKYNNINGAR ★

HEIÐRÚN KLARA HUNDAÞJÁLFARI ★

DÝRAHJÁLP ★ LUKKUDOTTAR OFL.

20% TIL 30%
AF ÖLLUM GÆLUDÝRAVÖRUM

PRO PLAN

ROYAL CANIN

Hills

NordicGold

Belcando

Brit Premium

FERSK SENDING AF HAUSTLYNGI
OG SÍGRÆNUM PLÖNTUM



20%
af öllum
haustlaukum
afsláttur

CALLUNUR
VERÐ FRÁ
190KR STK

ÚRVAL AF BLEIKUM BLÓMVÖNDUM*



*HLUTI AF ÁGÓÐA RENNUR TIL KRABBAMEINSFÉLAGSINS

BRUNCH HLABBORÐ
Á SPIRUNNI
UM HELGAR FRÁ
KL 11:30-15:00



GARÐHEIMAR

Stekkjárbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is



XPRENT
Hönnun & Merkingar

**ER KYNNING eða SÝNING
Á NÆSTUNNI?**
Banner-up standar í miklu úrvali!

PRENTUN HÖNNUN MERKINGAR xprent.is

Xprent ehf - Sundaborg 1 - 104 Reykjavík - Sími 777-2700 - email:xprent@xprent.is

**Auglýst eftir
umsóknum um
þýðingastyrki**

Miðstöð íslenskra
bókmennta auglýsir eftir
umsóknum um styrki til
þýðinga á íslensku.

Umsóknarfrestur er til
15. nóvember 2017.

Umsóknareyðublöð á
rafrænu formi og nánari
upplýsingar á islit.is.

MIDSTÖÐ ÍSLENSKRA BÓKMENNTA



FLUGSKÝLI TIL LEIGU

Isavia óskar eftir tilboðum í leigu á Skýli 3 á Reykjavíkflugvelli. Skýlið er 2.770 m² og 27.700 m³ að stærð. Fyrir framan skýlið er 1.500 m² flughlað. Skýlið er eingöngu ætlað í flugtengda starfsemi.

Tilboð og frekari fyrirspurnir skulu berast til Ingólfs Gissurarsonar, ingolfur.gissurarson@isavia.is. Skýlið er laust til afhendingar 1. nóvember 2017.

Tilboðsfrestur er til og með 23. október 2017.

ISAVIA

Goðsögn orðin að alræmdum skúrki

Alls hafa 22 konur sakað Harvey Weinstein um að hafa beitt sig kynferðis-
ofbeldi. Kvikmyndaframleiðandinn er moldríkur og var virtur og valdamikill.
Flestir hafa nú snúið baki við manninum sem gæti verið á leið í fangelsi.

Þórgnýr Einar
Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is



BANDARÍKIN Sjaldan hefur nafn Harvey Weinstein, kvikmyndaframleiðanda og Hollywood-mögúls, verið meira í umræðunni en þessa dagana. Hið gamla spakmæli um að öll umfjöllun sé góð umfjöllun á þó ekki við í þessu tilfelli enda hafa 22 konur stigið fram og sakað Weinstein um kynferðisbrot gegn sér. Brotin spanna áratugalangt tímabil og er maðurinn sakaður um allt frá kynferðislegri áreitni og upp í nauðgun.

Í áraradír hefur Weinstein haldið uppi ímynd um einhvers konar valdamikla goðsögn sem ræður því sem hann vill í Hollywood. Ljóst er af umfjöllun undanfarið að fjölmargir vissu af hátterninu sem Weinstein er sakaður um og að sú gagnrýni hafi jafnan verið þöguð niður.

Verðlaunaður og ríkur

Þessi 65 ára framleiðandi hefur á ferli sínum safnað miklum auðæfum. Eignir hans eru metnar á um 21,3 milljarða króna. Hann stofnaði framleiðslufyrirtækið Miramax árið 1979 en seldi það til Disney árið 1993 fyrir 8,5 milljarða króna.

Á meðal kvikmynda sem Weinstein hefur unnið að eru költklassikurnar Pulp Fiction og Clerks. Þá hefur Weinstein einnig fengið Óskarsverðlaun fyrir framleiðslu myndarinnar Shakespeare in Love og Tonyverðlaun fyrir framleiðslu ýmissa leikrita og söngleikja, ekki síst Billy Elliot the Musical og The Producers.

Hinn hvíta Cosby

Ásakanirnar á hendur Weinstein halda áfram að hrannast upp. Í gær sakaði leikkonan Rose McGowan hann um að hafa nauðgað sér. Í röð færslna á samfélagsmiðlinum Twitter sagði McGowan frá því að Roy Price, forsprakki efnisveitunnar

Amazon Studio, hafi hundsáð hana þegar hún sagði honum frá málinu. Amazon hefur nú sent Price í ótímabundið leyfi en hann var sjálfur sakaður um kynferðislega áreitni á fimmtudag.

Listi ásakenda Weinstein er orðinn heillangur. Svo langur að bandaríska sjónvarpskonan Samantha Bee kallaði Weinstein „hinn hvíta Cosby“ í þætti sínum í vikunni. Vísadi hún þar til þess að 59 konur hafa sakað leikarann Bill Cosby um kynferðisbrot gegn sér.

Aðdáun varð fyrirlitning

Á meðan meint kynferðisbrot voru falin og utan umræðunnar naut Weinstein mikillar virðingar. Hann barðist gegn fátækt og fyrir aukinni vitneskju um alnæmi. Þá lagði hann fjármagn í rannsóknir á sykursýki og MS. Weinstein fékk einnig sæmdarorðu frá Bretlandsdrottningu fyrir framlag sitt til kvikmyndagerðar.

Aukinheldur hefur Weinstein verið hollvinur flokks Demókrata í Bandaríkjunum. Hefur hann bæði talað máli flokksins og styrkt kosningabaráttu fjölmargra, meðal annars Hillary Clinton og Barack Obama. Í viðtali við BBC í gær sagði Clinton að hún hefði fengið áfall þegar hún heyrði fréttir af ásökunum. „Sögurnar sem nú heyrast nista hjarta mitt.“

Forsetaframbjóðandinn fyrrverandi var þó fljótur að vísa í stóru myndina. Sagði hún að brotin sem Weinstein er sakaður um mættu ekki viðgangast í almennu samfélagi. Hvorki í kvikmynda-geiranum né í stjórnmálum.

Stéttarbræður Weinstein hafa einnig snúið baki við honum vegna hátternisins að því er Deadline greinir frá. Stéttarfélag framleiðenda í Bandaríkjunum mun halda neyðarfund til að ræða svar sitt við fréttunum og þykir líklegt að Weinstein verði hreinlega rekinn úr samtökunum en þau höfðu áður veitt honum heiðursverðlaun sín.

Þá hefur fyrirtæki Weinstein, sem ber nafnið Weinstein Company, rekið hann og fjölmargir þeirra leikara sem hann hefur starfað með fordæmt hegðun framleiðandans og snúið við honum baki. Quentin Tarantino, einn besti vinur Weinstein til 25 ára, sagði í yfirlýsingu að hann væri forvinda og niðurbrotinn vegna fréttanna.

Fangelsi möguleiki

Brotin sem Weinstein er sakaður um varða sum hver við lög. The Guardian greindi frá því í gær að þeir lögfræðingar sem miðillinn ræddi við teldu möguleika á því, miðað við það sem fram hefur komið, að Weinstein verði dæmdur í fimm til 25 ára fangelsi.

Komið hefur fram að lögreglan bæði í New York og Lundúnum rannsaki ásakanir um nauðgun. Sjálfur hefur Weinstein neitað því að hafa nokkurn tíman nauðgað nokkurri konu.



Harvey Weinstein
kvikmyndaframleiðandi.
NORDICPHOTOS/AFP

Konurnar 22

- Asia Argento leikkona sagði Weinstein hafa nauðgað sér þegar hún var 21 árs gömul.
- Lucia Evans leikkona sagði Weinstein hafa neytt sig til að veita sér munnmök árið 2004.
- Gwyneth Paltrow leikkona sagði Weinstein hafa áreit sig kynferðislega þegar hún var 22 ára.

Ég hélt hann myndi reka mig.

Gwyneth Paltrow,
leikkona




- Angelina Jolie leikkona sagði Weinstein hafa áreit sig kynferðislega á tíunda áratugnum.
- Ónafngreind kona sagði Weinstein hafa nauðgað sér.
- Mira Sorvino leikkona sagði Weinstein hafa nuddað sig og elt sig um íbúðina þegar hún sagði honum að hún vildi ekki láta snerta sig.
- Rosanna Arquette leikkona sagði Weinstein hafa áreit sig kynferðislega.
- Ambra Battilana Gutierrez fyrirsæta sagði Weinstein hafa káfað á sér þegar hún var 22 ára.
- Zoe Brock fyrirsæta sagði Wein-

stein hafa afklæðst og elt sig um íbúðina þegar hún vildi ekki sofa hjá honum.

- Katherine Kendall leikkona sagði Weinstein hafa afklæðst og elt sig um íbúðina þegar hún vildi ekki sofa hjá honum.
- Tomi-Ann Roberts nemi sagði Weinstein hafa lofað sér velgengi í kvikmyndaþrasunum ef hún myndi afklæðast fyrir hann.
- Ashley Judd leikkona sagði Weinstein hafa beðið sig um nudd eða að fá að horfa á sig í sturtu.

Hvernig get ég komið mér héðan án þess að Harvey Weinstein útiloki mig?

Ashley Judd,
leikkona



- Emma de Caunes leikkona sagði Weinstein hafa krafist þess að fá að koma upp í rúm til hennar.
- Romola Garai leikkona sagði Weinstein hafa mætt á baðsloppnum einum klæða til að fylgjast með áheyrnarprufu hennar þegar hún var átján ára.
- Dawn Dunning nemi sagði Weinstein hafa sagt einu leiðina

- að frama vera að sofa hjá sér.
- Rose McGowan leikkona sagði Weinstein hafa nauðgað sér.
- Lauren Sivan fréttakona sagði Weinstein hafa lokað hana inni í skáp og fróað sér fyrir framan hana.
- Liza Campbell rithöfundur sagði Weinstein hafa krafist þess að hún færi í bað með honum.
- Léa Seydoux leikkona sagði Weinstein hafa stokkið á sig og reynt að kyssa sig.
- Cara Delevingne leikkona sagði Weinstein hafa áreit sig kynferðislega.

Hann stóð í dyrunum og reyndi að kyssa mig. Ég stöðvaði hann og náði að koma mér út úr herberginu.

Cara Delevingne,
leikkona



- Sophie Dix leikkona sagði Weinstein hafa eyðilagt feril sinn eftir að hún hafnaði ákafri ágengni hans.
- Myleene Klass söngkona sagði Weinstein hafa boðið sér samning gegn samförum.

Hyundai Tucson. Flottur í gegn.



Nýr Hyundai Tucson er einstaklega fallegur, sjálfskiptur, framhjóladrifinn eða fjórhjóladrifinn með sparneytna bensín- eða dísilvél. Komdu og upplifðu gæði Hyundai í reynsluakstri á nýjum Hyundai Tucson með fimm ára ábyrgð. **Hyundai Tucson - 4wd, dísil, ssk. Verð frá 4.990.000 kr.**

Hyundai | Kaupúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is



Hyundai Tucson 2wd / Dísilvél 1,7 lítrar, 141 hestafli, eldsneytisnotkun 4,9 l/100 km* / Bensínvél 1,6 lítrar, 175 hestöfl, eldsneytisnotkun 7,9 l/100 km*. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16



MINI ELECTRIC

FRUMSÝNING Í DAG FRÁ 12-16

BL Sævarhöfða 2 frumsýnir í dag nýjan fjórhjóladrifinn MINI Countryman Plug-In Hybrid sem er eins og sérhannaður fyrir Ísland með 224 hestöfl og fullt af tæknilegu dóti. Komdu á frumsýninguna og upplifðu sanna og ómengaða akstursánægju!

MINI COUNTRYMAN PLUG-IN HYBRID. VERÐ: 5.590.000 KR.



ENNEEM / SIA / NM84356



www.mini.is

Morgunverðarfundur Félags atvinnurekenda

HVAÐ ÞÝÐIR BREXIT FYRIR FYRIRTÆKIN?

Þriðjudaginn 17. október kl. 8.30–10

- Hvað þýðir útganga Bretlands úr Evrópusambandinu fyrir viðskiptasamband Íslands og Bretlands?
- Munu nýjar hindranir rísa í viðskiptum?
- Eru tækifæri í stöðunni?
- Hvað eru stjórnvöld ríkjanna að gera til að kortleggja stöðuna og tryggja hagsmuni fyrirtækja?



Félag atvinnurekenda boðar til morgunverðarfundar þriðjudaginn 17. október kl. 8.30–10 til að ræða þessar spurningar og fleiri tengdar Brexit – útgöngu Breta úr ESB.

Frummælendur:

Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkisráðherra

Michael Nevin, sendiherra Bretlands á Íslandi

Fundarstjóri er Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA



Léttur morgunverður er í boði á fundinum. Allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

Skráning á vef Félags atvinnurekenda, www.atvinnurekendur.is.

Fundurinn verður haldinn í fundarsal FA á 9. hæð í Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7. Fundurinn fer fram á ensku.



FÉLAG  ATVINNUREKENDA

Segir Spánverja ekki vilja bæta ástandið

Katalónskir diplómatar gagnrýna afstöðu forsætisráðherra Spánar harðlega. Hann vilji ekki draga úr spennu. Hundruðum katalónskra borgar- og bæjarstjóra stefnt fyrir að hafa staðið að kosningum um sjálfstæði héraðsins.

SPÁNN Mariano Rajoy, forsætisráðherra Spánar, hefur ekki áhuga á því að draga úr togstreitunni á Spáni sem myndast hefur vegna sjálfstæðisbaráttu Katalóníu.

Þetta segir í bréfi sem Albert Royo-Mariné, framkvæmdastjóri Diplocat, eins konar samskiptaráðs Katalóníu, sendi Fréttablaðinu. Aðilar að ráðinu eru til að mynda fjörutíu katalónskar stofnanir, verkafélög, háskólar, sparisjóðir, FC Barcelona, héraðsstjórn Katalóníu og borgarstjórn Barcelona.

„Í staðinn hefur Rajoy sent katalónskum yfirvöldum nýja hótun. Annaðhvort gefist héraðsstjórnin upp eða hún verður handtekin. Spænska ríkisstjórnin hefur greinilega engan áhuga á því að létta á spennunni. Það sem hún vill er að fá allt sitt fram,“ skrifar Royo-Mariné.

Í bréfinu má finna harða gagnrýni á yfirlýsingar Rajoy frá því fyrr í vikunni þar sem hann sagðist ætla að svipta héraðið sjálfstjórnarvöldum.

„Ef Katalónía dregur sjálfstæðis-yfirlýsingu sína ekki til baka fyrir 19. október mun spænska ríkisstjórnin, sem nýtur aðstoðar stærsta stjórnarandstöðuflokksins, svipta héraðið sjálfstjórn og jafnvel hand-



Fjöldmargir Katalónar krefjast sjálfstæðis. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

taka meðlimi katalónsku héraðsstjórnarinnar.“

Þá segir að með þessu skrefi hafi Rajoy svívirt Carles Puigdemont, forseta héraðsstjórnar Katalóníu, sem bauð forsætisráðherra til viðræðna á dögunum.

„Rajoy hefði getað fjarlægt þá tíu þúsund óeirðalögglumenn sem sendir voru til að koma í veg fyrir kosningarnar. Þeir gista enn í þremur skemmtiferðaskípum í höfnum Barcelona og Tarragona. Þeir eru ábyrgir fyrir því sem Human Rights Watch hefur kallað ofbeitingu valds gegn almennum borgurum. Þeir

slösuðu 893 almenna borgara,“ segir í bréfinu.

Royo-Mariné skrifar einnig að þrjú mál hafi verið höfðuð gegn forseta katalónska þingsins vegna ákvörðunar hans um að leyfa umræðu um sjálfstæðisráðgjafi Katalóníu um sjálfstæði.

Þá hafi fyrrverandi forseta héraðsstjórnarinnar verið bannað að taka þátt í stjórnáttum í tvö ár árið 2014 og að 800 katalónskum bæjar- og borgarstjórum hafi verið stefnt fyrir að beita sér ekki gegn sjálfstæðis-kosningunum sem fram fóru fyrir mánuðinum. thorgnyr@frettabladid.is

MINNI EYÐSLA, MEIRA PLÁSS, MEST GAMAN



ŠKODA



ŠKODA OCTAVIA G-Tec. FULLVAXINN FJÖLSKYLDUBÍLL SEM SPARAR ÞÉR KRÓNURNAR.

Octavia G-Tec er einn mest seldi bíll á Íslandi, enda bæði sparneytinn og góður í endursölu. Hann er mjög rúmgóður og gengur bæði fyrir bensíni og metani sem lækkar eldsneytiskostnaðinn til muna. Komdu í reynsluakstur og kynstu Octaviunni betur.

ŠKODA OCTAVIA frá:
3.350.000 kr.

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílaskrá Akranesi · HEKLA Reykjanessbæ



www.skoda.is



Opinn fræðslufundur
í tilefni aldarafmælis Bandalags kvenna í Reykjavík

Konur og **heilbrigði**

Laugardaginn 14. október kl. 14.00–15.30
í fyrirlestrasal Íslenskrar erfðagreiningar, Sturlugötu 8.
Kaffiveitingar frá kl. 13.30.

ERINDI FLYTJA:



Erla Dóris Halldórsdóttir
hjúkrunar- og sagnfræðingur
Fæðingarhjálp og
heilbrigði kvenna



Þórunn Rafnar
erfðafræðingur
Erfðir brjóstakrabbameins



Unnur Anna Valdimarsdóttir
prófessor
Ögurstundir heilsufars



Kári Stefánsson
læknir og erfðafræðingur
Aldur móður og auðna barna



BANDALAG KVENNA
Í REYKJAVÍK



ÍSLENSK
ERFÐAGREINGING

Sjálfumgleði



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Íslandi vegnar nokkuð vel utan Evrópusambandsins. Efnahagur er blómlegur – árferðið betra en almennt í ESB-löndum. Svo er forsjóninni og erlendum lánardrottnum fyrir að þakka. Við fengum makriltorfur í miðju svartnættinu eftir hrún. Fyrir áttum við ægífast land, sem útlendir ferðamenn komust á snoðir um í andstreyminu miðju. Lánardrottinn féllust svo nauðugir viljugir á uppgjör sem gerði okkur kleift að hreinsa upp skuldir, langt umfram það sem flesta óraði fyrir. Ráðamenn eru flóttalegir til augnanna þegar þeir eigna sér hagsældina. Þeir vita sem er, að sumir lánardrottinnir telja sig illa snuðaða – að peningarnir hafi verið teknir af þeim ófrjálstri hendi. Hér er ekki lagður dómur á það. En af þeirri ástæðu og góðum ytri skilyrðum – sem stjórnmálin ráða engu um – er Ísland á góðum stað í efnahagslegum samanburði.

Orðið sjálfumgleði kemur upp í hugann þegar ráðamenn guma af því og þakka sjálfum sér að hvergi sé betra að alast upp en á Íslandi. Hér sé land tækifæranna og góð vinna fyrir alla meðan ungt fólk í evruríkjunum leggi á sig strangt nám og fái ekkert verðugt að gera. Láta svo í veðri vaka að krónan sé galdurinn. Samtímis flyja tæknifyrirtækin með sitt þrautþjálfaða starfslið, einmitt vegna krónunnar.

Atvinnuleysistölur menntafólks víða í Evrópu eru kolbikasvartar, einkum við Miðjarðarhafið. En tölur þaðan ber að skoða í ljósi sögunnar. Á sólarströndum Spánar, Portúgals og Grikklands var atvinnulíf frumstætt í árdaga ESB. Sjálfspurftarbændur og fiskimenn á bátskeljum einkenndu mannlífið líkt og í Afríku sunnan Sahara. Flest fólk var bláfátækt.

Háskólar voru fyrir fáa útvalda og skólagráða tryggði þeim einum bjarta framtíð. Hlutfall háskólafélks hefur margfaldast og ródurinn á vinnumarkaði þyngst. Tækifærum fjölga þó hratt en menntafólki enn hraðar. Engum dettur í hug að lausnin felist í afturhvarfi til sjálfsnægtanna.

Við förum illa að ráði okkar síðast þegar sótt var um inngöngu í ESB. Vanrækt var að tryggja pólitískt bakland. Umsóknin var í lausu lofti allan tímann. Erfiðustu álitamálin voru ekki formlega reifuð við samningaborðið. Í raun reyndi aldrei á umsóknina heldur vorum við dregin á asnaeyrunum í ferð án fyrirheits. Fyrir vikið veigra stjórnmálamenn sér við að gera ESB að kosningamáli.

Á meðan bólgnað krónan og dregst saman á víxl eins og fisibelgur. Fjármagnskostnaður er hærri en í nokkru landi sem við erum samskipa. Launamaðurinn fórnar drjúgum hluta tekna sinna í vexti og verðtryggingu. Fyrirtækin borga bönkum risasneið af framlegð sinni. Þau eru berskjölduð gagnvart útlendum keppinautum, sem hafa aðgang að þroskuðum lánamörkuðum. Nægir að nefna Costco. Svárið hlýtur að vera myntbandalag. Evran er nærtækust.

Þessi sjónarmið eru munaðarlaus á jaðri kosningabjarkins. Óflin sem hafa hag af óbreyttri stöðu ráða ferðinni. Hin eru annaðhvort brennd af gamla klúðrinu eða ná ekki eyrum kjósenda.

Einstök ESB-ríki glíma við mikinn vanda. Væringar í Katalóníu eru grafalvarlegar. Brexit hvílir eins og mara á Bretum, sem í æ ríkar mæli átta sig á að viðskilnaðurinn er glapræði – og öðrum þjóðum víti til varnaðar. En þrátt fyrir allt er ástandið í Evrópu með besta móti og vitnisburður um frekar farsælt ríkjasamstarf.



Á meðan bólgnað krónan og dregst saman á víxl eins og fisibelgur. Fjármagnskostnaður er hærri en í nokkru landi sem við erum samskipa. Launamaðurinn fórnar drjúgum hluta tekna sinna í vexti og verðtryggingu. Fyrirtækin borga bönkum risasneið af framlegð sinni.

Gunnar

Mín skoðun
Guðmundur Steingrímsson

Varðandi leiðindin

Ég var að átta mig á því, að núna eru að renna upp fyrstu kosningarnar í sautján ár sem ég er ekki þátttakandi í með einhverju móti. Mér finnst það svolítið gaman. Núna fylgist ég með úr fjarlægð eins og hver annar dúddi á Facebook. Ég er að fíla það. „Ertu ekki feginn að vera laus?“ spyr fólk. Jú, ég er það.

Af hverju?

Sjáði til. Þingið sjálf er finn staður. Á þingi er mikið úrval af fólki. Þar er þversniðið. Letingjar eiga sína fulltrúa. Asnar líka. En duglegt, klárt og skemmtilegt fólk er langstærsti hópurinn. Það er gaman að taka þátt í þinginu. Ég náði alls konar málum í gegn. Mitt fyrsta mál sem ég fékk samþykkt var til dæmis að fatlað fólk gæti fengið notendastýrða persónulega aðstoð. Ég fékk alls konar í gegn fyrir barnafólk, einkum feður. Fékk samþykkt fjárfestingaráætlun fyrir innviðina. Stofnaði stjórnmálaflokk. Aðalatriðið er að mér fannst ekki leiðinlegt á þingi. Þingið sjálf er mikilvægur og krefjandi vettvangur. Þar er mikið spád og spekulerað, stundum rifist, kafað djúpt og mikið hlegið.

En svo er það hitt

Hitt var aftur leiðinlegra. Ég veit að stjórnmál eru þannig bransi að það telst góður árangur ef 85% þjóðarinnar þola þig ekki, svo lengi sem hin 15 kjósa þig. Ég veit líka að maður verður að vera með skráp. Mér tókst aldrei að koma mér upp almennilegum skráp. Við mínar fyrstu þingsetningar æpti fólk á okkur, gaf okkur fukkmerki og henti í okkur dósum og lykklum. Þetta situr í mér. Þingmenn grétu í kirkjunni.

Stjórnmál eru eineltisumhverfi, ekki innan þings heldur utan þess. Ég las um mig í fjölmiðlum að ég væri puntustrákur, að ég vildi bara þægilega innvinnu, að ég væri í stjórnmálum bara út af því að mótuneytið væri svo fint, að enginn myndi taka eftir mér í partium, að ég liti út eins og lúðaleg útgáfa af Birni Thors (smá fyndið), að enginn gæti hugsað sér að fara út að borða með mér (hvað var það?), að



Aðalatriðið er að mér fannst ekki leiðinlegt á þingi. Þingið sjálf er mikilvægur og krefjandi vettvangur.

ég væri innantómur og hugsjónalaus, með enga leiðtoga-hæfileika og að það EINA sem ég vildi í stjórnmálum væri að breyta klukkunni.

Reyndar var klukkupælingin að fá Nóbelsverðlaunin, en hvað um það. Smám saman fékk ég nóg. Einu sinni sat ég á kaffihúsi með konunni minni og syni þegar maður á næsta borði sagði við son sinn að þarna sæti þingmaður, vondur maður, og þeir skyldu þess vegna færa sig.

Hvað er að?

Ég setti á Facebook að ég væri að grilla. Voða einlægur í góðu skapi. Umsvifalaust fékk ég á mig spurningar í hástöfum um það hvað ég ætlaði að gera fyrir heimilin. Þá hló ég reyndar. Fólk hefur auðvitað rétt á sínum viðhorfum og reiðin er skiljanleg og allt það. Öll þessi neikvæða orka er samt sem áður yfirþyrmandi. Hún er of mikil. Einu sinni var veist að mér á Gay Pride fyrir framan börnin. Hvað er málið? Við berjumst gegn einelti í skólum. Kannanir meðal unglinga sýna að upp undir 10% þeirra telja að einhver eigi skilið einelti. Það finnst okkur auðvitað sjokkerandi. Á einhver skilið einelti?

Kannski finnst fólki það um stjórnmálamenn

Ég er mjög feginn að vera laus. Og já, ég er að fara upp í bústað að grilla.

Í einlægni sagt: Ég tek ofan fyrir ykkur sem standið í þessu núna. Gangi ykkur öllum vel. Hlýr straumar héðan. Virðing.

TILKYNNING
frá landskjörstjórn

Landskjörstjórn tekur framboðslista sem bornir eru fram við alþingiskosningar 28. október 2017 til meðferðar og afgreiðslu á fundi þriðjudaginn 17. október næst komandi kl. 14 á 2. hæð í Austurstræti 8-10 í Reykjavík (gengið inn frá Vallarstræti).

Umboðsmenn stjórnmálasamtaka sem bjóða fram lista eiga rétt á að vera viðstaddir fundinn, sbr. 40. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000.

Reykjavík, 11. október 2017.
Landskjörstjórn.

AFMÆLISHÁTÍÐINNI

LÝKUR Á SUNNUDAG



SPARAÐU
25%

AF WOODSTORY
BORÐSTOFUBORÐUM

WOODSTORY

HANNAÐU ÞITT EIGIÐ PLANKABORÐ

Stefnuogstraumar eru að færa náttúrulegan efnivið inn á heimilið með því nota lífræn efni í húsgögn, sem gerir það að verkum að plankaborð eru á góðri leið með að verða sígild. Þess vegna kynnum glænýja hugmyndafræði sem kallast Woodstory, þar sem þú getur hannað þitt eigið plankaborð sem hentar þér og passar fullkomlega inn á þitt heimili. Þú velur um einn eða tvo planka með beinum eða lifandi brúnum og um þrjár mismunandi gerðir affótum. Um leið og þú hefur gert upp hug þinn hvernig borðið þitt á að líta út, látum við handgera það í Evrópu þar sem góður efniviður og framúrskarandi gæði eru fyrirúmi.

SPARAÐU
30%
AF ÖLLUM
PÚÐUM



SPARAÐU
30%



Mallorca-borðstofuborð. Hvít laminat borðplata, hvíttaðir eikarfætur. 100x200 cm. 119.900 kr. Nú 79.900 kr. Moon ny-stóll. Grá seta með eikarfótum. 17.900 kr. Nú 9.900 kr. Heildarverð á borði og 6 stólum. áður 227.300 kr. Nú 139.300 kr.

SPARAÐU
30%
AF ÖLLUM
ÁBREIÐUM



SPARAÐU
2 fyrir 1
AF ÖLLUM
HANDKLÆÐUM



SPARAÐU
30%



Criss eða Majestic-sessa. Ýmsir litir. 14.995 kr. Nú 9.995 kr.

nýtt



SPARAÐU
25%

AF NORDIC
MATARSTELLI



b
broste

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

Netgíró  shop  online

Hlynur fór fyrir Kanalaus Stjörnuliði í sigri á Íslandsmeisturunum



Fyrirliðinn frábær Hlynur Bæringsson átti frábæran leik í gærkvöldi þegar Stjarnan vann Íslandsmeistara KR án þess að vera með bandarískan leikmann. „Hann var eins og Wilt Chamberlain á tímabili,“ sagði Hrafn Kristjánsson, þjálfari Stjörnunnar, um Hlyn eftir leikinn. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Nýjast

Domino's-deild karla

Pór Ak. - Keflavík 90-78

Stigahæstir: Ingvi Rafn Ingvarsson 26, Marques Oliver 21 (15 frákr.), Júlíus Orri Ágústsson 13, Sindri Davíðsson 12 - Cameron Forte 30 (16 frákr.), Magnús Már Traustason 15, Guðmundur Jónsson 13.

Stjarnan - KR 75-72

Stigahæstir: Arnþór Freyr Guðmundsson 21, Hlynur Bæringsson 13 (21 frákr.), Róbert Sigurðsson 11 (5 stoðs.), Marvin Valdimarsson 10, Eysteinn Ævarsson 9, Tómas Hilmarss. 8 (9 frákr.) - Kristófer Acox 18 (11 frákr.), Jalen Jenkins 12, Brynjar Björnss. 11.

Helgin

Laugardagur

10.30 Italian Open Golfstöðin
11.15 Liverpool - Man. Utd Sport
13.25 Hoffenheim - Augsburg Sport 4
13.50 C. Palace - Chelsea Sport
13.55 Leeds - Reading Sport 2
14.10 Getafe - Real Madrid Sport 3
16.00 Laugardagsmörkin Sport
16.15 Man. City - Stoke Sport 3
16.20 Watford - Arsenal Sport
16.25 Dortmund - Leipzig Sport 2
18.00 Burnley - West Ham Sport 4
18.30 Tottenham - Bourne Sport 2
18.40 Atletico - Barcelona Sport 2
20.10 Swansea - Huddersf. Sport 2
03.00 CIMB Classic Golfstöðin
03.00 Hana Bank Sport 4

Sunnudagur

10.30 Italian Open Golfstöðin
12.20 Brighton - Everton Sport
14.50 Soton - Newcastle Sport
15.50 Valur - ÍBV Sport 2
17.00 Messan Sport
17.00 Vikings - Packers Sport 3
17.20 Gróttá - Stjarnan Sport 2
20.20 Chiefs - Steelers Sport 3

Fallegt að spila á Anfield

Enski boltinn hefst á ný í dag eftir landsleikjahlé og verður byrjað á risaleik Liverpool og Man. Utd. Stjóri Utd óttast ekki háværa stuðningsmenn Liverpool.

FÓTBOLTI Helgin í enska boltanum gæti ekki byrjað betur því klukkan 11.30 mun Liverpool taka á móti Man. Utd. Uppáhaldsleikur margra og víðureignir þessara liða standa oftast undir væntingum.

Ef Liverpool ætlar sér að hanga í toppliðunum verður liðið að vinna leikinn. Það er sjö stiga munur á liðunum fyrir leikinn og ef Man. Utd vinnur þá verða Rauðu djöflarnir komnir með tíu stiga forskot á lið Jürgens Klopp.

Viljum mikil læti

„Það er alltaf fyndið þegar fólk talar um mikla og erfiða stemningu á vellinum. Eins og við viljum ekki spila í frábærri stemningu,“ sagði glottandi stjóri Man. Utd, Jose Mourinho, en lið hans hefur ekki enn tapað leik í vetur.

„Fólk lætur eins og þetta eigi að vera eitthvert rosalegt vandamál fyrir okkur. Þetta er það sem við viljum. Ef við gætum farið í svona stemningu allar helgar þá myndum við þiggja það. Haldið þið að leikmenn Barcelona hafi verið ánægðir að spila fyrir framan tóma stúku gegn Las Palmas?“ Það eru þessir leikir sem Mourinho elskar og hann getur ekki bedið eftir því að mæta á Anfield með sína menn.

„Það er ánægjulegt að koma á Anfield. Ég hef aldrei heyrt í leikmann kvarta yfir því að stemningin hafi verið of góð. Við erum að fara að mæta góðu liði með mikla sögu, á frábærum leikvangi þar sem hefðin er sterk. Við vitum að stuðningsmennirnir hata okkur en við viljum



Liflegir. Klopp og Mourinho eiga klárlega eftir að láta vel í sér heyrna á hlíðarlínunni í dag. Hér er þó allt í góðu á milli þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

spila svona leiki. Það er fallegt að spila á Anfield og við erum þakklátir fyrir að fá tækifæri til þess.“

Mane og Pogba fjarverandi

Jürgen Klopp, stjóri Liverpool, mun fagna tveimur árum í starfi um helgina en hann verður án Sadio Mane á þessum tímamótum rétt eins og Man. Utd er án Paul Pogba og fleiri leikmanna. Philippe Coutinho og Roberto Firmino verða væntanlega báðir með Liverpool þó að þeir hafi verið að koma úr löngu ferðalagi frá Brasilíu.

„Við getum alveg spilað fótbolta án Sadio og við höfum þurft að gera meira af því en við vildum síðustu misseri. Hann er gæðaleikmaður sem var óheppinn að meiðast. Auðvitað vildum við hafa hann með okkur en við verðum að komast yfir það,“ sagði Klopp.

Það hefur ekki gengið vel hjá Liverpool gegn Man. Utd í deildinni síðustu árin og Liverpool hefur ekki unnið United í síðustu sex leikjum liðanna. Síðasti sigurinn á United í

deildinni kom í mars árið 2014.

United kann ágætlega við sig á Anfield þar sem liðið hefur unnið þrjá af síðustu fimm leikjum liðanna. Liverpool hefur þess utan ekki tekist að skora í síðustu tveimur heimaleikjum gegn United.

Opnaði ekki kampavín

„Okkar hlutverk er að berjast grimmilega fyrir hverju einasta stigi í þessari deild. Við erum að gera það. Ég er ekkert yfir mig ánægður með stöðu liðsins í dag og fór ekki beint í að opna kampavín eftir að hafa náð tveimur árum í starfi. Það er af því að við erum bara á miðri leið á toppinn. Það er enn mikil vinna eftir hjá okkur en ég trú þvi að við getum komist mun lengra. Við munum ná árangri,“ sagði Klopp sem fékk líka stuðning frá goðsögninni Kenny Dalglish sem segir að Klopp sé rétti maðurinn fyrir Liverpool. Hann þurfi aftur á móti að fá sömu þolinmæði og Sir Alex Ferguson fékk hjá Man. Utd á sínum tíma. henry@frettabladid.is

Íbúðalána sjóður



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

HÚSNÆÐISÞING 16.10.2017

Mánudaginn 16. okt. standa Íbúðalánasjóður og velferðarráðuneytið fyrir fyrsta árlega húsnæðisþinginu hér á landi. Þingið verður haldið á Hilton Nordica við Suðurlandsbraut frá kl. 13:00–16:30, en **vinnustofur hefjast kl. 10:00** um morguninn.

Skráning á ils.is/husnaedisthing



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



S A F T



SAENSK GÆÐAMÁLNING

MÚRBÚÐARVERÐ



Deka Projekt 10, 10 lítrar (stofn A)
5.990



Deka Projekt 05, 3 lítrar (stofn A)
2.290



Deka Projekt 02, 3 lítrar (stofn A)
1.890



Deka Gólfmálning grá 3 ltr.
4.390



Deka Meistaralakk 70
Akrýllakk. hvítt. 1 líter
1.990



Bakki, 25 cm rúlla, grind
og pensill. - Sett
1.490



Bostik málarakýtti
340



Bostik hraðspartl
250ml
490




Aqua 25 innimálning á bað. 4 Lítrar (stofn A)
3.990



Mako pensill
50mm
290

Málningarpappi 20mx80cm
699



Yfirbreiðsla Fleece 1x3m
540
1x5m kr. 825



Bostik medium LH
spartl 5 lítrar
1.990



Tia 25 cm
málningarrúlla
575

MIKIÐ
ÚRVAL



Mako 12 lítra fata
490



Litaspray, verð frá
795

Yfirbreiðsla Fleece 1x3m
540
1x5m kr. 825

Bostik medium LH
spartl 5 lítrar
1.990



Tia grind fyrir rúlla
265

Framlengingskaft
fyrir rúllur Tia-EP
2-4 metrar
495



Mako málningarlím-
band 25mm x 50m.
395



Hagmans PU gólfak 1 ltr.
2.990



Hagmans 2 þátta
Vatnsþ / epoxy gólfmálning 4kg
9.990

Áltrappa 3 þrep
3.990

Áltrappa 4 þrep 4.940
5 þrep 6.390
6 þrep 6.990



Mako ofnarúlla
375



TIA bakki og 10 cm rúlla
með aukakefli
525

| | | |
|--|---------------|--------------------------------------|
| Reykjavík | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, lau. 10-16 |
| Reykjanesbær | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18, lau. 10-14 |
| Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is | | |



MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla, alltaf!

PURE COMFORT

Fibersæng & fiberkoddur

Koddi - fullt verð: 3.900 kr.

Afsláttarverð: 2.730 kr.

Sæng - fullt verð: 9.900 kr.

Afsláttarverð: 6.930 kr.



Afmælis
30%
AFSLÁTTUR

Sæng + koddur

Aðeins **9.660 kr.**

TVENNUTILBOÐ

dúnsæng + koddur

Q&D dúnsæng - Stóri björn

· 50% dúnn og 50% smáfiður

Fullt verð: 19.900 kr.

+ Dúnkoddur - Stóri björn

Fullt verð: 5.900 kr.

Fullt verð samtals:

25.800 kr.

AFMÆLIS-
TILBOÐ



Aðeins **19.900 kr.**

mistral
home

Mistral Home sængurföt

Fullt verð: 8.900 kr.

AFMÆLISVERÐ
aðeins **6.900 kr.**



MISTRAL HOME - ÓTRÚLEGT ÚRVAL

Rúmfötin frá Mistral home eru úr bómullarsatíni, með vönduðum hnöppum. Rúmfötin eru með 300 gsm bómullarþræði sem tryggir frábæra endingu, viðkomu og mýkt.



Afmælis
20%
AFSLÁTTUR

MEGA


opinn hornssófi

Stór eða lítill hornssófi. Grátt, slitsterkt áklæði.

Hægri eða vinstri tunga.

Stærri gerð: 294 x 240 cm

Fullt verð: 219.900 kr.



Aðeins **169.900 kr.**



Afmælis
20%
AFSLÁTTUR


NEW MALMÖ

U-sófi

Dökk- eða silfurgrátt slitsterkt áklæði.

Hægri og vinstri tunga.

Fullt verð: 249.900 kr.



Aðeins **199.900 kr.**

Afgreiðslutími Rvk
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorg)
www.dorma.is

Holtagörðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

DORMA

Láttu drauminn rætast

Við eigum afmæli og nú er veisla



Afmælis
50%
AFSLÁTTUR

POLO
hægindastóll

Brúnt PU-leður Stærð:
80x90 H: 105 cm.

Fullt verð: 39.900 kr.

Aðeins **19.950 kr.**



NATURE'S SURPREME heilsurúm með Classic botni

| Stærð í cm | Fullt verð | Afmælisverð |
|------------|-------------|-------------|
| 80x200 | 82.900 kr. | 62.175 kr. |
| 90x200 | 89.900 kr. | 67.425 kr. |
| 100x200 | 96.900 kr. | 72.675 kr. |
| 120x200 | 109.900 kr. | 82.425 kr. |
| 140x200 | 119.900 kr. | 89.925 kr. |
| 160x200 | 134.900 kr. | 99.900 kr. |
| 180x200 | 149.900 kr. | 112.425 kr. |

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Burstaðir stálfætur
- Sterkur botn
- 320 gormar pr. m²
- Vandaðar kantstyrkingar



Afmælis
25%
AFSLÁTTUR

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni. Aukahlutir á mynd: Höfuðgafi og koddar.



Í tilefni afmælisins fylgja hlífðardýnur og lök öllum stillanlegum rúmum í DORMA*. Verðmæti miðað við 2 x 90 x 200 cm **24.800 kr.**

STILLANLEGT HEILSURÚM með Shape heilsudýnu

C&J stillanleg rúm:

- Inndraganlegur botn
- 2x450 kg lyftimótorar
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvihert stál í burðargrind
- Hliðar- og endastopparar
- Hljóðlátur mótör

| Stærð cm | Shape og C&J silver |
|-----------|---------------------|
| 2x80x200 | 319.900 |
| 2x90x200 | 339.900 |
| 2x90x210 | 365.900 |
| 2x100x200 | 365.900 |
| 120x200 | 187.900 |
| 140x200 | 214.900 |

DORMA VERÐ

Charlotte Julien
Dream your world™

*Gildir ekki á stillanlegum rúmum með Simba dýnum.



DORMA

Láttu drauminn rætast



Í sögunni get ég gert allt

„Mamma var einstæð með þrjú börn, mig, bróður minn og eldri systur. Í þá daga var litil þekking á tilfinningalífi og þroska barna,“ segir Guðrún um vist sína á Silungapólli.

Myndin **Sumarbörn** er byggð á persónulegri reynslu **Guðrúnar Ragnarsdóttur**, leikstjóra myndarinnar, og tvíburabróður hennar þegar þau voru send á vistheimili úti á landi sem börn.

Guðrún er menntuð í kvikmyndagerð og grafískri hönnun og frumsýndi í gær Sumarbörn, sína fyrstu kvikmynd í fullri lengd.

„Sumarbörn er baráttusaga ungra systkina sem eru send á heiman vegna erfðra heimilisáðstæðna. Ég og bróðir minn vorum aðeins fimm ára gömul þegar við vorum send í sumarhvíl. Mamma var einstæð með þrjú börn, mig, bróður minn og eldri systur. Í þá daga var litil þekking á tilfinningalífi og þroska barna. Það var mjög erfitt að vera svona ung skilin frá þeim sem maður



Húsnæðisekla í Reykjavík olli því m.a. að börn voru send í sumarvist.

elskar og treystir,“ segir Guðrún og þótt hún muni ekki eftir ákveðnum atvikum sé tilfinningin um vanmátt enn fyrir hendi.

„Ég var svo ung að ég man bara þessa tilfinningu að vera varnarlau, að því leyti að maður réð ekki aðstæðum sínum á þessum árum þegar barn þarf ást og umhyggju. Þess í stað mæta börnunum strangar reglur. Það má ekki gráta, það þykir bara frekja. Það er hvorki hlustað á börnin né rætt við þau. Þeim er ekki sýnd nægjanleg alúð. Þetta er grundvallarþáttur í þroska barna og hefur áhrif á þau alla ævi. Ég var sterkari tvíburinn og var svolitíð í því að verja bróður minn,“ segir Guðrún.

„Sagan gerist í kringum 1960. Þá voru aðrir tímar en í dag í Reykjavík og samfélagið skorti ákveðna þjónustu. Það var mikil húsnæðisekla og margir bjuggu við vondan

húsakost, í kjallaraíbúðum fullum af sagga. Það voru ekki barnaheimili á hverju horni og félagslega kerfið var veikt.“

Staðurinn sem Guðrún byggir að einhverju leyti handritið á er Silungapóllur. „Silungapóllur er stofnaður upp úr 1920 af Oddfellow-reglunni og það er gert af góðum hug. Silungapóllur var ekki eini staðurinn sem börn voru send til. Það voru nokkrir staðir vítt og breitt um landið. Sum börn áttu ekki í nein hús að venda og dvöldu allt árið á þessum heimilum, áttu í raun heima þarna og voru kölluð vetrarbörn. Hins vegar eru börnin í myndinni send til sumardvalar,“ segir Guðrún frá.

Guðrún segir samstarfið við öll börnin sem léku í myndinni hafa verið dásamlegt. „Mest mæddi á Stefán Erní, Kristjönu Thors og



**ÞESS Í STAÐ MÆTA
BÖRNUNUM STRANG-
AR REGLUR. ÞAÐ MÁ
EKKI GRÁTA, ÞAÐ
ÞYKIR BARA FREKJA.**


Guðrún
Ragnarsdóttir



þau voru ótrúlega góð öllsömul og leikþjálfari barnanna, María Sigurðar, var mér stóð og stytta. Ég átti margar skemmtilegar samræður við börnin. Þau vissu að söguþráðurinn tengdist mér og voru forvitin um það. Þau spurðu mig stundum: „Guðrún, var þetta svona?“ Í sögunni reyna til dæmis systkinin að flýja og þau vildu vita hvort það hefði gerst í alvörunni. Ég svaraði sannleikanum samkvæmt að það hefðum við ekki getað gert því við vorum svo ósköp litil. „En nú get ég það, því í sögunni get ég gert allt.“ kristjanabjorg@frettabladid.is

Margréti Birtu en Kristjana og Stefán eru nánast í öllum senum myndarinnar. Í fyrstu var mikið fjör að leika í bíómynd og gaman en þegar leið á tókur fór fjöríð að minnka. Stefán Örn var ekki lengi að læra „lingóíð“ og sagði „cut!“ í miðri töku þegar hann var búinn að fá nóg. Kristjana var mjög skýr og sagði hreint út: „Ég nenni ekki lengur að vera í þessari bíómynd,“ og gekk út af settinu. En

Um helgina



Logi Pedro, tónlistarmaður og nýbakaður faðir.

KÚRAÐ MEÐ SYNINUM

Young Karin er að taka upp vídeó fyrir lag sem við syngjum saman í og ég lít stuttlega við í þeim tókum en ætla annars að taka því rólega og reyna að kúra sem mest með nýfæddum syni mínum.

LESTU


Litla bókabúðin í hálöndunum eftir Jenny Colgan. Bókin segir frá Ninu Redmond sem veit fátt betra en að gleyma sér í góðri skáldsögu. Hún vinnur á bókasafni í Birmingham en þegar bókasafnið er sameinað öðru safni vegna hagræðingar stendur Nina á tíma-mótum.



Maria Magnúsdóttir tónlistarkona.

SKÁLAÐ FYRIR PLÖTU-ÚTGÁFU

Um helgina ætla ég í afmæli og skála í leiðinni fyrir fyrstu útgáfuviku plötunnar minnar, Sinking Island. Annars ætla ég mér að nýta helgina vel í undirbúning á nótum fyrir útgáfutónleikana mína sem verða í nóvember og live-settið mitt fyrir Airwaves-hátíðina



SKOÐAÐU

Síðasta sýningarhelgi sýningarinnar Samskeytingar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar er þessi helgi. Safnið er opið á laugardögum og sunnudögum frá kl. 14.00-17.00.

TÓNLEIKAR Á SELTJARNARNESI

Ég er allavega að fara að spila á Menningarháttíð Seltjarnarness. Þar verðum við Pétur Ben með tónleika í Félagshönnuninni á Seltjarnarnesi. Stefnir í stórgott kósíkvöld.

Lovísa
Elisabet,
eða Lay
Low



Ford KUGA



YFIRBURÐIR

Hæfni og yfirburðir Ford Kuga AWD liggja í öflugu fjórhjóladrifi, mikilli veghæð og einstakri dráttargetu þar sem hann leikandi dregur 2.100 kg. Þú situr hátt í Kuga, aksturseiginleikar eru fyrsta flokks og þægindin í hámarki. Ford Kuga er búinn íslensku leiðsögukerfi, 8" skjá, Bluetooth, raddstýringu og fimm stjörnu öryggi. Ford Kuga er einstaklega hæfur til að koma þér og þínum hvert á land sem er við hvaða aðstæður sem er.

FORD KUGA TITANIUM AWD SJÁLFSKIPTUR

VERÐ FRÁ:

5.590.000 KR.

Ford er frábær!

Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford Kuga Titanium AWD

FORD KUGA TITANIUM AWD

- 150 hestafla dísilvél
- 2.100 kg dráttargeta
- 9 Sony hátalarar
- Apple Car Play og Android Auto
- Leiðsögukerfi með Íslandskorti
- Dökklitaðar rúður í farþegarými
- Upphitanleg framrúða
- Lyklalaust aðgengi
- Tölvustýrð tvískipt miðstöð með loftkælingu
- Rafdrifin opnun afturhlera með skynjara
- Stöðugleikastýrikerfi fyrir eftirvagn
- Bakkmyndavél og bílastæðaaðstoð
- Nálægðarskynjari að framan og aftan
- 17" Titanium álfelgur



ford.is



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16



„Málið var í huga mér allan þann tíma. Þó að réttarhöldunum hefði verið frestað,“ segir Kolbrún um tímarni í sumar eftir að málsmeðferð var frestað. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Megum ekki brynja okkur

Kolbrún Benediktsdóttir sótti Thomas Møller Olsen, sem var dæmdur í 19 ára fangelsi, til saka. Hún ræðir um starf sitt, þróun í meðferð kynferðisbrotamála og þá skoðun sína að fangelsin séu full af fólki sem þurfi að hjálpa.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Kolbrún Benediktsdóttir varahéraðssaksóknari er nýkomin úr frii á Ítalíu með eiginmanni sínum, Hauki Agnarssyni.

Á Ítalíu safnaði hún kröftum eftir vinnutörn í málsókn gegn Thomas Møller Olsen sem var í lok september dæmdur í 19 ára fangelsi fyrir að hafa orðið Birnu Brjánsdóttur að bana og fyrir fíkniefnalagabrot.

Kolbrún segir það hafa verið gott að hvíla sig aðeins eftir málið. Réttarhöldin hófust í sumar en svo var gert hlé á þeim í nokkrar vikur. „Málið var í huga mér allan þann tíma. Þó að réttarhöldunum hefði verið frestað. Það var mjög gott að ná hvíld og sólskini fyrir veturinn,“ segir Kolbrún og segir það hafa glatt sig við heimkomuna hvað það er gott haustveður í Reykjavík þessa dagana. Útsýnið frá Kjarvalsstöðum út á Klambratún sýnir það. Haustlitirnir eru margbrotnir.

Nánast bein útsending

Fjölmiðlar og almenningur fylgdust Kolbrún með málinu. Fréttaflokkunin af réttarhöldunum var itarlegri en áður í íslensku samfélagi.

Kolbrún segir jákvætt að fjölmiðlar fylgdist með þótt það geti verið vandkvæðum bundið. „Það hafa áður komið upp mál þar sem maður situr í dómssal með miklum fjölda fjölmiðlafólks. Það

hafa þó aldrei borist svo miklar og nákvæmar lýsingar í fjölmiðla. Það er jákvætt að fjölmiðlar fylgdist með störfum réttarins því það verður til þess að almenningur kynnist réttarkerfinu og því hvernig réttarhöld fara fram. En það getur orðið flókið í ákveðnum málum. Sérstaklega þegar það eru svona miklar textalýsingar á framburðum vitna sem eru að gefa skýrslu fyrir dómi,“ segir Kolbrún og jafnar því nánast við beina útsendingu úr réttarhaldinu. „Sem getur verið vandasamt. Fólk situr heima og getur skoðað á netinu hvað sagt er og fær auknið aðgengi og skilning á réttarkerfinu. En það er verra þegar vitni sem biða þess að gefa skýrslu sitja frammi og lesa hvað fer fram.“

Þannig var þetta stundum í hrunmálunum. Fólk sat frammi, las framburð annarra á netinu, vitnaði svo í hann þegar það kom inn í réttarsal og gaf skýrslu,“ bendir Kolbrún á og segir að stundum óski ákærvaldið eftir því að fjölmiðlar biði með fréttaflokkun sinn. „Það hefur verið gott samstarf við fjölmiðla þegar eftir því er óskað.“

Upplýsingaréttur almennings

Kolbrún segir samskipti við fjölmiðla um dómssál að aukast. „Það hefur lengi verið hræðsla í okkar stétt. Hvað megi segja og hvað megi ekki segja. Það vill enginn brjóta trúnaðarskyldu. En upplýsingaréttur almennings er á sama tíma alltaf að verða sterkari. Lögreglan er að opna á samskipti, við hjá ákærvaldinu erum líka að gera það en þurfum að vanda okkur að brjóta



ÉG ER OFT SPURÐ HVORT ÉG SÉ HRÆDD EÐA HVERNIG MÉR LÍÐI EIGINLEGA. EN VIÐ MEGUM EKKI GLEYMA ÞVÍ AD ÞÓTT ÞETTA SÉ FÓLK SEM HEFUR FRAMÍD HRÆÐILEGA GLÆPI, ÞÁ ER ÞAÐ MANNESKJUR. MANNESKJUR EINS OG ÉG OG ÞÚ.

ekki trúnað. Við erum öll að læra á það að auka aðgengi almennings að upplýsingum, erum að stiga okkar fyrstu skref. Erlendis fær fólk þjálfun í þessu, við jafnt sem fjölmiðlar.

Og svo án þess að vera með hroka, þá er bara mjög erfitt að lesa dóma.

Eg var búin að vera eitt ár í íslensku áður en ég ákvað að leggja fyrir mig lögfræði í Háskólanum. Ég skildi ekki dómanna! Það er ekkert skrítið að það sé erfitt fyrir fólk að lesa þá og það er þá okkar hlutverk að skýra hvað í þeim felst.“

Sextán ár er meginreglan

Refsiramminn var fullnýttur og meira en það í héraðsdómi. Kolbrún segir það meginregluna í manndrápsmálum. „Á síðustu tíu til fimmtán árum hafa menn nærri því undantekningarlaust fengið sextán ár fyrir dómi. Ég man eftir undantekningu á þessu. Það er í máli manns sem fékk ellefu ár fyrir að kyrkja sambýliskonu sína. Það er sérstakt að lesa dóminn með hliðsjón af því hvaða ástæður réttlættu styttri dóm,“ segir Kolbrún en í dómnum var vísað í afbrýðisemi mannsins vegna framhjáhalds konu hans sem hefði valdið því að hann missti stjórn á sér.

„Annars er meginreglan sextán ár. Hvort sem um er að ræða skipulagðan verknað, verknað þar sem jätning liggur fyrir eða verknað sem er framinn tilviljunarkennt, kannski í æðiskasti. Þá virðist ekki skipta máli hvort menn jata eða neita sök og reyna að varpa henni á aðra. Það virðist ekki skipta máli, sextán ár eru dómfordæmin.“

Dómur í þessu máli sýnist mér þó vera þyngri. Ég les það á milli lína í dómssálum því vanalega er gefinn afsláttur af dómi þegar það er dæmt fyrir fleiri brot. En við sjáum til hvernig þetta fer í áfrýjun til Hæstaréttar.“

Um kannabis og refsingar

Kolbrún hefur starfað sem saksóknari í tólf ár. Á þessum tíma hefur reynslan mótað skoðanir hennar á réttarkerfinu og ýmsum samfélagslegum málefnum. Talið berst að afgangspavæðingu fíkniefna.

„Ég get ekki vísað í rannsóknir en get lýst minni reynslu. Ég hef horft upp á svo marga fara í gegnum réttarkerfið sem hafa gert hræðilega hluti í gegnum vegna langvarandi kannabisneyslu. Það er ákveðinn ruglingur í umræðunni. Sumir tala um að eigin neysla eigi ekki að vera refsiverð. Raunin er sú að engum er refsað fyrir neyslu, aðeins vörslu, en það fer enginn í fangelsi vegna vörsluskammta. Málin sem fólk situr inni fyrir eru vegna brota sem eru frammi í neyslu, auðgunar- og ofbeldisbrot. Þá eru sumir sem vilja löggleiða neysluskammta og aðrir sem vilja bara löggleiða kannabis, svo fólk geti hreinlega flutt inn allt það hass sem það vill.“

Staðreyndin er þessi, það er enginn dæmdur í fangelsi fyrir að vera með einhver grómm af hassi á sér, refsingin er sekt. Þeir lenda hins vegar á sakaskrá. Mér finnst alveg mega skoða það að breyta því, að svona brot fari ekki á sakaskrá.“

Manneskjur eins og ég og þú

Kolbrún er oft spurð að því hvernig henni líði eiginlega að mæta í dómssál fólki sem hefur framið alvarlega glæpi. Hvort hún sé ekki hrædd eða full viðbjóðs.

„Þetta eru engin skrímsli, það eru engin skrímsli til. Ég er oft spurð hvort ég sé hrædd eða hvernig mér

Jeppasýning í dag!

Laugardaginn 14. október. Klukkan 12:00 til 16:00

Vertu klár fyrir veturinn!



Rexton
Verð frá: 4.990.000 kr.
Mynd: 33" breyttur Rexton

TOYO TIRES Toyo vetrardekk
harðskeljaðekk í kaupauka

Toyo vetrardekk undir öllum SsangYong jeppum og sumardekk í skottinu.



Tilboð á
33" breytingu

33" breytingarpakki fyrir Rexton á aðeins 290.000 kr.

 **SSANGYONG**

Verið velkomin í reynsluakstur!

Reykjavík
Tangarhófða 8
Sími: 590 2000

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Bílaríki, Akureyri
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636

| benni.is.

Opið:
Virka daga frá 9:00 til 18:00
Laugardaga frá 12:00 til 16:00

**Bilabúð
Bennda**
Serfræðingar í bilum

líði eiginlega. En við megum ekki gleyma því að þótt þetta sé fólk sem hefur framið hræðilega glæpi, þá er það manneskjur. Manneskjur eins og ég og þú. Maður sér auðvitað fólk á sinum verstu stundum. Bæði þolendur og gerendur. Það er oft erfitt og mikil glíma en það er að mínu mati mikilvægt að halda í samkenndina. Fangelsin eru full af fólki sem þarf að hjálpa. Við leysum engan vanda með því að horfa fram hjá því.“

Hún viðurkennir þó að oft fylgi vanlíðan og vanmáttur með erfiðum verkefnum heim. „Manndrápsmálin og sársauki þolenda. Og mál þar sem er brotið alvarlega gegn börnum. Mál þar sem menn eru að taka börn upp í bíla á götum. Ræna þeim, þá upplifi ég að ég sé berskjölduð. Það er erfitt að hlusta á framburð for-eldra af þeim skada sem börn hafa orðið fyrir eftir að hafa verið beitt ofbeldi. Auðvitað er þetta sjaldgæft, það er miklu algengara að einhver sem er náinn börnum brjóti á þeim. Börn eru svo saklaus og það er alveg sama hvað ég segi við börnin mín, ég get ekki endilega komið í veg fyrir að eitthvað hendi þau. Einhver blekki þau og beiti þau ofbeldi.“

Brennum frekar út ef við lokum á tilfinningar

Og þegar Kolbrún nefnir þetta þá spyr fólk hana oft hvort það sé ekki erfitt að burðast með þessar tilfinningar, hvort hún brenni ekki út í starfi. En Kolbrún bendir á mikilvægt atriði.

„Fólk áttar sig fljótt á því hvort þetta starf á við það. Hvort það þoli það. Mér finnst miklu frekar hætta á því að fólk brenni út ef það lokar of mikið á tilfinningar sínar. Ég hef aðeins orðið vör við þetta hjá sjálfri mér. Ég sit kannski með vinum og það eru sagðar slæmar fréttir og fólk bregst við með miklum tilfinningum en ég fer í framkvæmdagiri. Fer að hugsa og tala um hvað þurfi að gera. Þetta er ekki gott. Við megum ekki brynja okkur of mikið tilfinningalega.“

Þá verðum við líka að passa að þótt maður hafi verið með mjög stór og erfið mál þá eru öll mál mikilvæg þótt þau varði hugsanlega vægari ákvæði. Fyrir manneskjuna sem lendir í broti þá er það kannski bara stóra áfallið. Þetta er kúnst og ákveðið jafnvægi sem fólk þarf að finna í starfi. Þú vilt aldrei að það hendi þig að þú bregðist við kærendum með kulda, hvort sem þú ert lögreglumaður eða saksóknari.“

Óþægilegt og niðurlægjandi

Í miðjum réttarhöldum varð mikið fjar þegar fjölmiðlamaðurinn Eiríkur Jónsson birti á síðu sinni eiríkur.is grein um brjóstaskoru Kolbrúnar sem væri sýnileg í klæðaburði hennar við aðalmeðferðina. Greinin vakti mikil viðbrögð á samfélagsmiðlum. Margir gagnrýndu greinina en þá voru líka aðrir sem gagnrýndu Kolbrúnu fyrir að tjá sig um



„Fólk er að opna augun fyrir því að kynferði hefur áhrif og líka stétt og staða,“ segir Kolbrún. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

málið á Facebook-síðu sinni.

„Úff, hvað skal segja? Mér fannst þetta eins og að lenda í hvirfilbyl. Það er margt breytt í dag í réttarsal. Dómarar, verjendur og saksóknarar eru nafngreindir og myndbirtir. Ég vil geta haldið minni persónu fyrir utan og fá að vera fulltrúi í friði en svo gerist þetta.“

Það er ofboðslega skrítið að reyna á eigin skinni að lenda í svona séríslensku upphlaupi. Það ærðist hreinlega allt á samfélagsmiðlum. Þetta var óþægilegt. Mér fannst þetta niðurlægjandi og það var ágætt að finna stuðning fólks í því. En ég vildi ekki taka þátt í almennri umræðu um það, ég sagði nokkur orð á minni eigin persónulegu Facebook-síðu til vina minna um málið og finnst ég mega það. Það er ótrúlegt hvað fólk er tilbúið að tjá sig á netinu um annað fólk sem það þekkir ekki neitt. Fólk var til að mynda að tala um hárið á mér, pæla í því hvað ég væri lengi að hafa mig til á morgnana.

Það sem var samt erfiðast var að þetta henti í þessu máli þar sem mikið af fólki átti um mjög sárt að binda. Á einum tíma var þetta mest lesna fréttin en ekki sú um framvindu málsins. Mér fannst það mjög leiðinlegt,“ segir Kolbrún frá.

Fjölbreytt starf

Það eru ekki allir sem í raun vita í hverju starf saksóknara felst. Kolbrún lýsir starfi sínu. „Það er rosa-lega fjölbreytt. Starf mitt felst mikið í lestri, í því að lesa málsgögn og fara yfir þau. Ég er mikið með kynferðisbrotamál. Í þeim þarf að sökkva sér dálitið í málin og lesa þau af athygli. Sérstaklega framburði fólks. Horfa á upptökur. Horfa í trúverðuleika og meta framburðina. En í örstuttu máli þá felst starfið í því að við

tökum við málum sem koma frá lögreglu, metum þau og förum yfir rannsóknargögnin. Fyrsta spurningin er auðvitað alltaf hvort málið sé fullrannsakad, þarf að gera eitthvað meira? eru einhverjir steinar sem þarf að velja frekar við, eru einhver vitni sem þarf að tala við eða spyrja frekari spurninga?

Ef ekki þá þarf að meta málið út frá málsgögnum, er eitthvað sem ég get sannað? Er mál þarna? Svo er auðvitað stór hluti af starfinu að flytja mál fyrir dómstólum.“

Framsækni og hlutleysi

En hvaða mannkosti þarf til? „Það er að hafa dómgreind. Að geta lesið framburði, hlustað á þá, fundið veikleikana. Hvort eitthvað gengur ekki upp, er eitthvað sem styður, eitthvað sem er ekki í samræmi? Þú þarft að hafa þetta nef en á sama tíma að hafa fræðin á hreinu, kröfur dómstóla. Kynferðisbrot eru til að mynda erfiðu málaflökkur vegna þess að hann byggir mikið á munnlegum framburði. Með tímanum þróast þessi tilfinning og fólk þarf hreinlega að fá tækifæri til að þróa hana með sér.“

Þú þarft líka að hafa opinn huga sem góður saksóknari. Og fyrst og fremst að vera hlutlaus ákærandi en líka tilbúinn til að vera framsækinn upp að einhverju marki. Það skiptir máli fyrir ákærvaldið og þróun refsiréttarins hér á landi. Ákærvaldið hefur tækifæri til að



FYRIR MANNESKJUNA SEM LENDIR Í BROTI ÞÁ ER ÞAÐ KANNSKI BARA STÓRA ÁFALLIÐ. ÞETTA ER KÚNST OG ÁKVEÐIÐ JAFNVÆGI SEM FÓLK ÞARF AÐ FINNA Í STARFI. ÞÚ VILT ALDREI AÐ ÞAÐ HENDI ÞIG AÐ ÞÚ BREGÐIST VIÐ KÆRENDUM MEÐ KULDA, HVORT SEM ÞÚ ERT LÖGREGLUMAÐUR Eða SAKSÓKNARI.

hafa áhrif á þróun refsiréttarins með því að láta reyna á nýja hluti. Í því samhengi höfum við verið að sjá áhugaverða dóma síðustu ár þar sem ákærvaldið er að láta reyna á ákveðna nýja túlkun á lögnum. En það eru ákærvaldið sem þarf að leggja málin þannig fyrir dómstóla að þeir hafi tækifæri til að þróa réttinn.“

Kerfið að breytast

En er þetta kynjaður heimur í dómssal? Því það hefur vakið athygli að konur skila séráliti í kynferðisbrotamálum til dæmis. „Það er ekki hægt að segja að konur dæmi svona og karlar hinsegin. En kyn hefur áhrif því að öll okkar reynsla skiptir máli. Hvernig við horfum á hlutina. Það hefur verið gagnrýnt hversu einsleitur hópur hefur starfað á æðstu stígm dómsskerfisins. Þetta séu allt miðaldra lögfræðingakarlar úr MR og MA. Það er ekki þannig og þess utan þá finnst þetta vera svolítið að breytast.“

Ég hef starfað í meira en áratug í þessu umhverfi. Mér finnst ég finna mun. Ég finn mun á sjálfri mér. Ég finn mun á kerfinu, hvernig það mætir þolendum. En það er samt alltaf þörf á að bæta rannsóknir og bæta ákærmedferðina þannig að við förum áfram með fleiri mál. Á sama tíma má samt aldrei víkja frá hlutlægniskyldunni og þeirri reglu að málið sé líklegt til sakkfellingar. Fyrsta skrefið er að vanda rannsóknirnar, annað skrefið er að bæta ákærmedferðina og við sjáum líka breytingu í dómum sem endurspeglar breytingar í samfélagi okkar.“

#höfumhátt og krafa um breytingar

Kolbrún segir það verða áhugavert að fylgjast með þróun í meðferð kynferðisbrotamála á næstunni. Þolendur og aðstandendur sem hafi stigið fram í sumar undir formerkinu #höfumhátt hafi haft mikil áhrif á samfélag sitt.

„Mér finnst ég vera að upplifa merkilega tíma núna. Þessi bylgja sem er í gangi núna og sprettur út af þessu máli er varðar uppreist æru hefur gert það að verkum að fólk er að opna augun fyrir því að kynferði hefur áhrif og líka stétt og staða. Fólk er líka að opna augun fyrir því hversu alvarleg kynferðisbrot eru, hversu mikil áhrif þau hafa á þolendur, hversu skaðleg þau eru okkur öllum í samfélaginu. Ég er mjög spennt að sjá hvað gerist í þessum málaflökki eftir kosningar því það er krafa um breytingar. Mér finnst skipta svo miklu máli að þolendur þurfi ekki að búa við skömm og þöggun.“

Njóttu þess að fara í sund / sjósund

Verndaðu eyrun með Ear Band-It Ultra eyrnaböndum og eyrnatöppum



Fyrirbyggjandi vörn gegn eyrnabólgu og nauðsynlegt fyrir þá sem eru með rör í eyrum eða viðkvæm eyru. Til í þemur stærðum.

Dreifing:
Ymus ehf. - Sími 5331700
Dalbrekku 2, 200 Kópavogur
ymus@ymus.is - www.ymus.is



SNJALLAR LAUSNIR FYRIR FRAMTÍÐINA

Við hjá Landsneti erum ákaflega stolt af því að taka á móti Umhverfisverðlaunum atvinnulífsins fyrir Framtak ársins á sviði loftslagsmála sem veitt voru fyrir snjallnetsverkefnið okkar á Austurlandi.

Þessi viðurkenning er hvatning til að gera enn betur í vegferðinni í átt að grænni framtíð í sátt við umhverfi og samfélag.

FRAMTÍÐIN ER RAFMÖGNUM

* Um Framtak ársins, snjallnetið á Austurlandi má lesa nánar um á Landsnet.is



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
FRAMTAK ÁRSINS



Innovation
that excites



NÝR NISSAN X-TRAIL

FJÓRHJÓLDADRIFINN, SJÁLFSKIPTUR, DÍSIL, 177 HESTÖFL
VERÐ FRÁ: 5.590.000 KR.

HANNAÐUR FYRIR SAMHELDNAR FJÖLSKYLDUR

Stórkostleg fjölskylduævintýri kalla á stórvirk farartæki. Í nýjum Nissan X-Trail með kraftmikilli 177 ha dísilvél, i4x4 X-Tronic sjálfskiptingu, 380 NM togkrafti og allra nýjustu tækni er lítið mál að vera með þunga hluti í eftirdragi. Hugsaðu stórt og keyrðu á fullum krafti.



Intelligent 4x4



177 hestafía vél

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

NISSAN  INTELLIGENT MOBILITY

FRUMSÝNING Í DAG FRÁ 12-16



ENNEMM / SIA / NMB4358

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



„Gætuð kennt okkur leiðina á HM í fótbolta“

Ein áhrifamesta kona heims var stödd á Íslandi fyrir helgi. Hún er forsætisráðherra Skota og vill efla tengslin við Ísland. Segir helming af raforku Skota vera endurnýjanlega orku. Vill selja Íslendingum mat og drykk.

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@365.is



Nicola Sturgeon, forsætisráðherra Skotlands, er önnur áhrifamesta kona Bretlands og ein af áhrifamestu konum heims, samkvæmt lista Forbes. Hún var stödd hér á landi í gær til þess að ávarpa Hringborð norðurslóða – Arctic Circle í annað sinn. Hún segir mikilvægt að Skotar dýpki samskiptin við Norðurlöndin, Eystrasaltslöndin og ríkin á Norðurslóðum almennt. „Ég er hérna að reyna að gera það.“

Þú ert hérna líka til að ræða viðskiptatækifæri milli Íslands og Skotlands. Hvar sérðu helstu tækifærin þar? „Ég held að það séu mörg tækifæri til þess að gera það. Margir Skotar heimsækja Ísland. Það er eitthvað sem menn höfðu ekki hugsað sér fyrir tíu árum. Eitt af þeim sviðum sem við höfum klárlega verið að horfa til að auka samstarf okkar á er ferðaþjónustan,“ segir Sturgeon. Hún bendir á að þegar hún kom hingað til lands í fyrra hafi skosk og íslensk ferðamálayfirvöld skrifað undir viljayfirlýsingu vegna ferðaþjónustunnar. „Við erum að fara að heimsækja flugfélagið WOW seinna í dag (í gær) og ræða við þá um hvernig þeir geti aukið ásýnd sína í Skotlandi. Matvæla- og drykkjarfram-

leiðsla er mjög stór þáttur í okkar efnahagskerfi og ég held að það séu góð tækifæri þar til þess að styrkja tengslin milli ríkja okkar,“ segir Sturgeon og bætir við að samgönguþróunin hafi orðið til þess að Skotar og Íslendingar séu miklu nánari en ríkin hafa nokkurn tímann verið. Það skapi gríðarleg tækifæri.

Sturgeon segir að áhuginn á Hringborði norðurslóða stafi að hluta til af landfræðilegri legu og bendir á að norðurhluti Skotlands sé nær norðurslóðum en Lundúnum. „Mörg af þeim málefnum sem hér eru rædd, loftslagsbreytingar svo augljóst dæmi sé tekið, eru málefni sem snerta Skota mjög mikið. Þannig að það er ýmislegt sem við getum lært hvert af öðru hérna.“

Sturgeon segir Skota að mörgu leyti vera leiðandi í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Skotar hafi bæði sett stefnuna á að mæta þeim markmiðum sem sett hafi verið á alþjóðavettvangi og sett ný markmið sem séu á meðal þeirra framúr-stefnulegustu í heiminum. „Það sem við erum að gera til að ná þessum markmiðum er mjög merkilegt. Skotland er leiðandi í heiminum í nýtingu endurnýjanlegrar orku. Helmingur raforkunnar sem við nýtum er endurnýtanleg orka,“ segir hún. Skotar séu með ýmis nýsköpunarverkefni í gangi til þess að auka endurnýjanlega orku og hafi mikið fram að færa. „En við getum líka lært mikið af ríkjum eins og Íslandi.“

Skotar efndu til þjóðaratkvæðagreiðslu um myndun sjálfstæðs ríkis hinn 19. september 2014. Því var hafnað með naumum meirihluta. Sturgeon hefur sagt að hún vilji láta fara fram aðra atkvæðagreiðslu þegar samningar hafa náðst um útgöngu Breta úr Evrópusambandinu.

„Við einbeitum okkur núna að því að hafa eins mikil og góð áhrif á Brexit-viðræðurnar og við mögulega getum. Það er okkar afstaða, og ég held að það sé skynsamleg afstaða, að Brexit sé svo mikil grundvallarbreyting fyrir okkur að þegar við erum komin með skýrari mynd á það hvernig framtíðartengsl milli Bretlands og Evrópusambandsins verða, þá ættu Skotar að hafa tækifæri til þess að kjósa um hvort þeir vilji vera áfram hluti af Bretlandi eða verða sjálfstætt ríki. Ákvörðun um nákvæmari tíma-



Nicola Sturgeon bendir á að landfræðileg legu Skotlands sé þannig að norðurhluti landsins sé nær norðurslóðum en Lundúnum. Hún vill aukna samvinnu við ríkin sem tilheyra norðurslóðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Kjörskrár í Reykjavík- kjördæmum norður og suður

Kjörskrá í Reykjavík-
kjördæmum norður og suður vegna alþingis-
kosninga 28. október nk. liggur frammi almenningi til sýnis í Ráðhúsi
Reykjavíkur fram á kjördag.

Vakin er athygli á því að hægt er að fá upplýsingar um hvar
kjósendur eru á kjörskrá á vefnum www.kosning.is.

Kjósendur eru hvattir til þess að kynna sér hvort nöfn þeirra eru á
kjörskrá og hvar þeir eiga að kjósa.

Athugasemdum vegna kjörskrár í Reykjavík-
kjördæmum skal beina til skrifstofu borgarstjórnar, Ráðhúsi Reykjavíkur, sími
411 4700, netfang kosningar@reykjavik.is. Þar eru jafnframt veittar
nánari upplýsingar. Borgarráð úrskurðar um athugasemdir vegna
skráningar í kjörskrá.

Yfirkjörstjórn í Reykjavík-
kjördæmi suður
Yfirkjörstjórn í Reykjavík-
kjördæmi norður
Skrifstofa borgarstjórnar

setningu um það verður tekin þegar
við sjáum betur hvernig Brexit þró-
ast.“

En þú talar samt fyrir því að Skot-
land verði áfram í Evrópusamband-
inu, hvers vegna? „Okkur dettur
ekki í hug að Evrópusambandið
sé fullkomið. Það er margt við Evró-
pusambandið sem mér gremst
og mörgum gremst. En á heildina
lítið þá teljum við hag okkar betur
borgið innan Evrópusambandsins,
ekki bara í efnahagslegum skilningi
heldur í viðtækari skilningi. Við
teljum því framtíð okkar betur
borgið innan Evrópusambandsins.
Ef við metum aðstæður af einhverjum
ástæðum þannig að við getum
ekki verið í Evrópusambandinu þá
myndum við samt vilja vera innan
EES, og vera þá í svipuðum aðstæðum
og Íslendingar. Vegna þess að
mjög stór hluti af alþjóðlegum við-
skiptum er innan Evrópska efna-
hagssvæðisins. Þannig að það væri
algjört lágmark.“

Hvað ráðleggur þú okkur Íslend-
ingum að gera í þeirri stöðu sem

við erum í? „Það er nú ekki mitt
að ákveða. Ég á fullt í fangi með
að horfa til framtíðar fyrir Skota.
Ég held ég láti Íslendinga um að
ákveða sína framtíð. En ég átti mörg
samtöl um þessi mál þegar ég kom
hingað á síðasta ári. Íslendingar sjá
hag sínum greinilega betur borgið
með því að vera í EES í stað þess að
vera fullgildir aðilar að Evrópusam-
bandinu,“ segir Sturgeon. Ólík ríki
geti komist að ólíkri niðurstöðu
en sá kostur sem Ísland valdi sé
klárlega kostur sem Skotar myndu
horfa til, ef þeir færu úr Evrópusam-
bandinu.

Gæti Ísland einhvern veginn
hjálpað Skotum í baráttu þeirra
fyrir sjálfstæði? „Ég held að íslenskir
stjórnmalámennt myndu líta svo á
að það væri Skota að ákveða hvort
ríkið verður sjálfstætt eða ekki. En
að mörgu leyti, bæði á sviði efna-
hagsmála, tæknimála og félagslegra
mála geta Skotar og Íslendingar
unnið saman. Það er eitt og annað
sem við getum lært af Íslendingum.
Þið gætuð mögulega kennt okkur



HELMINGUR RAFORK-
UNNAR SEM VIÐ NÝTUM
ER ENDURNÝTANLEG
ORKA.

leiðina á HM í fótbolta,“ segir
Sturgeon og hlær.


Þú hittir Guðna forseta, hvað ætlið
þið að ræða? „Ég ætla að ræða svipuð
málefni og ég hef verið að ræða
hérna í dag. Ég hitti forsetann þegar
ég var hérna í fyrra og hlakka til að
hitta hann aftur,“ segir Sturgeon.
Þetta er í annað skipti sem hún
kemur hingað til lands en í bæði
skiptin hefur dagskráin verið þétt-
skipuð. Hún hefur áhuga á að koma
aftur. „Ég myndi gjarnan vilja koma
hingað aftur og fara í Bláa lónið. Ég
hef ekki fengið tækifæri til þess.“

Nú er Nicorette® í nýjum pakkningum

...en er að öðru leyti alveg óbreytt



Núverandi útlit



Nýtt útlit

Núverandi útlit



Nýtt útlit



Lyfjatyggigummi

Munnholsúði

Munnsgöstöflur

Forðaplástur

Innsogslýf

Tungurótartöflur

Nefúði

Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

Allt Stefaníu að þakka

Þegar Birkir Már Sævarsson var yngri var fátt sem benti til þess að hann yrði landsliðsmaður í fótbolta. Þangað til að eiginkona hans, Stefanía Sigurðardóttir, kom inn í líf hans. Þá fór ferillinn á flug. Birkir sker sig úr þegar kemur að íslenska landsliðinu. Hann á fjögur börn, hlustar á þungarokk og er ekkert að trana sér fram að óþörfu.



Birkir hefur eignað sér hægri bakvarðarstöðuna í landsliðinu. Það er áhyggjuefni að enginn bakvörður er sjáanlegur til að veita honum samkeppni.

Benedikt Bóas

Hinriksson

benediktboas@frettabladid.is



Ég á lítið sameiginlegt með flestum í þessu landsliði ef maður lítur á það blákalt. Samt eru þetta auðveldir menn að umgangast. Það er hægt að vera með þeim í fleiri fleiri vikur án þess að fá leiða á þeim," segir landsliðsbakvörðurinn Birkir Már Sævarsson.

Birkir á fjögur börn, ekur um á Volvo XC 60, spilar hokkíleik í PlayStation þegar hann er á landsliðsferðum, hlustar á þungarokk og er ekki virkasti maður í heimi á samfélagsmiðlum. Hann hefur spilað 76 landsleiki og skorað eitt mark. Þrátt fyrir að börn biði ekkert endilega í röðum eftir að fá eiginhandararitun frá honum er ljóst að virðingin sem er borin fyrir honum er ómæld enda flestir sammála um að hjartað í honum sé gert úr gulli.

var síðan farinn út á flugvöll. Vissulega var gaman að vakna eftir svona stuttan svefn og átta sig á hvað hafði gerst, að við vorum komnir til Rússlands. Ég fór snemma heim, ég veit svo sem ekkert hvað restin af liðinu gerði. Ég var farinn af landinu 07.35 með fjölskyldunni en kannski gerðu einhverjir eitthvað – ég bara veit það ekki," segir hann.

Stefanía Sigurðardóttir, eiginkona Birkis, kom til landsins ásamt guttunum þeirra, Sævari Zakaríasi og Víkingi Leó, til að verða vitni að stóru stundinni. Unglingurinn á heimilinu, Þóra Kolbrún, varð eftir í Svíþjóð. Elsti strákurinn þeirra, Hjörtur Smári, flutti heim til Íslands fyrir nokkru. „Þóra Kolbrún vill nýta hvern einasta dag til að vera með sænskum vinum sínum og bjó hjá nágrönnunum í nokkra daga," segir hann en allar líkur eru á að fjölskyldan flytji heim til Íslands um áramótin og Birkir verði eftir.

Uppáhaldspungarokkslög Birkis

1. Skálmöld - Hefnd
2. Skálmöld - Kvaðning
3. Dimma - Kóngulóarkonan
4. Egó - Stórir strákar fá rafhlost
5. Utangarösmenn - Fluglinn er floginn

hækka í launum til að koma út á núlli. En það var ekki hægt og ég þarf því að leita mér að nýjum klúbbsi," segir hann en umboðsmaður hans er að vinna í málinu fyrir hann.

Á meðan einbeittir hann sér að því að spila fyrir félagið en hann hefur spilað nánast alla leiki í byrjunarliði Hammarby frá því hann kom þangað frá Noregi.

Fjölskyldan mun að öllum líkindum

ekki þá kem ég heim og spila fótbolta." Eðlilega er næsta spurning: Þá í Val? „Faðmur Vals er alltaf hlýr," segir hann glottandi.

Birkir var hluti af frekar döprum árgangi í Val og hann var sjálfur ekkert stórkostlegur leikmaður í yngri flokkunum. En hann fór að stækka og skrefin urðu stór þó kilóin væru kannski ekkert að hrannast utan á hann. Allt í einu var kominn fram á sjónvarsviðið einn fljótasti leikmaður Íslands sem geystist upp og niður kantinn hjá Val. Hann spilaði framarlega til að byrja með, kom inn í meistaraflökk Vals árið 2003 en braut sér leið inn í liðið þremur árum síðar. Þá hafði hann prófað að fara til Bandaríkjanna í nám en fékk ekki áframhaldandi skólaskrá. Hann hélt því á Laugarvatn þar sem líf hans tók stakka-skiptum. Þar kynntist hann Stefaníu, eða Stebbu.

eru ekki margir þungarokkarar í landsliðinu, því miður. Ég held að það sé lítil von til að breyta því. Íslenska þungarokkið í dag, Skálmöld, Dimma og Sólstafir meðal annars, er á mjög háum standard."

Birkir hefur eignað sér hægri bakvarðarstöðuna í landsliðinu og ekki er sjáanlegt að nokkur leikmaður ögni stöðu hans. Þegar hann klæðist landsliðstreyjunni þá gerist eitthvað sem erfitt sé að útskýra. „Er það ekki þjóðarstoltið? Það kemur einhver extra kraftur eins og á að vera þegar menn spila landsleiki. Maður vill ekki bregðast fjölskyldu og vinum, liðsfélögum og þjóðinni sem fylgist með."

Birkir er herbergisfélagi Ögmundar Kristinssonar en þeir léku saman með Hammarby. Þeir töldu það saman að á síðasta ári voru þeir

Myndaalbúm Birkis og fjölskyldu frá Stokkhólmi í Svíþjóð



Hjónin brosa út að eyrum þessa dagana þrátt fyrir óvissuna fram undan. Birkir talar fallega um Stefaníu og þakkar henni fyrir að ferill hans fór á flug.



Birkir er ákaflega mikill fjölskyldumaður. Hér er hann með guttana sína, Sævar Zakarías og Víking Leó. Að sjálfsögðu eru þeir í landsliðsbúningi.



Birkir með Hirti Smára sem fór á undan fjölskyldunni og flutti til Íslands fyrir skömmu.



Fjölskyldan samankomin. Hjörtur Smári, Birkir, Þóra Kolbrún, Sævar Zakarías, Stefania og Víkingur Leó.

Hlýr Valsfaðmur

Þau hjónin hafa komið sér vel fyrir í Stokkhólmi þar sem Birkir sparkar í fótbolta með Hammarby og ekur að sjálfsögðu um á Volvo. Samningur hans rennur út um áramót og því þarf fjölskyldan að flytja. Nema Hammarby hækki samningstilboðið sitt.

„Þeir buðu mér samning sem var ekki nógu góður að mínu mati. Ég sagði nei við tilboðinu og viðræðurnar runnu út í sandinn. Ég veit í rauninni ekkert hvað er að fara að gerast. Við erum ánægð hérna og vildum vera áfram en ég ætlaði ekki skrifa undir bara eitthvað.

Ég hef verið heppinn því að ég hef verið að borga svokallaðan útlendingaskatt hér sem er fyrstu þrjú árin. Nú er það búíð og ég þyrfti því að

setja allt niður í kassa og flytjast heim til Íslands eftir áramót. Stefan hjá Birki er að vera áfram úti og spila erlendis fram að Heimsmeistarátönu. Koma heim eftir það. En það er stutt á milli í fótbolta og aldrei hægt að vita neitt fyrir fram. En þetta er allavega stefnan.

Þar biður Valsfaðmurinn eftir honum en Birkir er með Valsmerkið tattuvérad á sig. „Fyrsta mál á dagskrá er að finna eitthvað erlendis. Allavega fram að HM. Þó það væri ekki nema bara þetta hálf ári.

Nú, ef ekkert kemur upp þá þarf ég að finna mér eitthvað að gera. Ég þarf að hugsa um heila fjölskyldu og ég get ekki verið tekjulaus í einhverjum tíma. Ég þarf að hafa einhverjar tekjur í janúar 2018 og vonandi finn ég eitthvað í útlöndum. En ef það gengur

Hækkar í tvöfaldri bassatrommu

„Það er allt henni að þakka að ferillinn fór á flug," segir hann stoltur. Hann kynntist henni árið 2006 í íþróttaskólanum á Laugarvatni og sama ár var hann valinn efnilegasti leikmaður deildarinnar. „

Ég hef alltaf sagt að ef ég hefði ekki hitt hana þá væri ég að spila einhvers staðar í nedri deildunum eða með KH, varaliði Vals. Kannski hefði ég komist í Valsliðið á sínum tíma en hún kom mér á rétta braut. Ég hafði gaman af að fara í parti og vera í miðbænum áður en hún kom til sögunnar."

Birkir keyrði á milli Reykjavíkur og Laugarvatns og stytta sér stundir með því að hlusta á þungarokk. Hann hækkar enn vel í tvöfaldri bassatrommu, sem er ekki algengt meðal landsliðsmanna. Þeir eru meira í annarri tónlist. „Það

fimm mánuði saman í hótellherbergi. „Við vorum nánast meira saman en með konunum okkar. Við erum ekki orðnir leiðir hvor á öðrum.

Við spilum mikið NHL tölvuleikinn í PlayStation. Við höfum gaman af hokki og þetta er miklu betri leikur en FIFA-leikurinn. FIFA er góður en þessi er betri. Ég fór stundum í hótellgjöld sem er vinsæl íþrótt á landsliðshótelinu en ég er svo lélegur." Birkir segir að þrátt fyrir að eiga lítið sameiginlegt með mörgum af landsliðsstrákunum sé þetta þægilegur hópur að umgangast og hann elski þá alla eins og bræður.

„Þeir eru margir sem eru búnir að vera lengi saman í þessu, þeir eru líka bestu vinir fyrir utan fótboltann. Þetta er samheldinn hópur og við sem erum aðeins fyrir utan hann erum eldri og vitrari," segir hann og hlær.

LOVE

LAUGARDAGUR 14. OKTÓBER 2017

Helgin



Friðrik Ellert Jónsson er einn þriggja sjúkra-þjálfara landsliðsins í fótbolta sem tryggði sér sæti á lokamóti HM fyrr í vikunni. Hann segir forréttindi að vera í kringum strákana í landsliðinu.

→8

GLAMOUR.is



Allt það helsta úr *heimi* TÍSKUNNAR á einum stað GLAMOUR.IS



Lovisa Elísabet Sigrúnardóttir eða Lay Low er að trekkja tónlistarvélina aftur í gang eftir hlé. MYND/ANTON BRINK

Flutti út í sveit og fann aftur spennuna í tónlist

Tónlistarkonan Lovisa Elísabet Sigrúnardóttir er með tvær plötur í smíðum og kemur fram á tónleikum í kvöld ásamt Pétri Ben. Hún er hæstánægð í sveita-sælunni, búsett í Ölfusi, og segist vera að trekkja tónlistarvélina í gang eftir hlé.

Ragnheiður
Tryggvadóttir
heida@365.is



Við Pétur Ben höfum lengi verið vinir og þekkjumst því vel. Okkur finnst mjög skemmtilegt að hafa verið beðin um að koma fram og ákváðum strax að splæsa tónleikana saman," segir Lovisa Elisabet Sigrúnardóttir, eða Lay Low tónlistarkona, en þau Pétur koma fram á Menningarhátíð Seltjarnarness í kvöld þar sem þau flytja bæði glænýtt og gamalt.

„Ég mun flytja efni úr öllum áttum, allt frá því áður en Lay Low varð til og líka ný lög. Ég veit að Pétur verður með fullt af efni sem ekki hefur komið út áður. Við höfum æft okkur mikið og ég held að þetta verði mjög kósi," segir Lovisa en það er talsvert langt síðan hún tróð upp síðast.

„Ég hef verið í góðri pásu. Steig af sviðinu ef svo má segja en þó ekki alveg. Ég fór til dæmis með Fjalla-bræðrum til Abbey Road í fyrra þar sem þeir tóku upp plötu. Svo kíkta ég í Havarí í sumar, var bara í frii og á ferðalagi um landið og skellti í eina tónleika þarna fyrir austan. Annars hef ég verið að taka það rólega með litla strákinn heima," segir hún en hún eignaðist drenginn Fróða Stefán með sambýliskonu sinni, Agnesi Ernu Estherardóttur, 2015.

Á sínum tíma var því slegið fram að Lovisa hefði falið óléttuna fyrir öllum nema sínum nánustu. Hún segir það hins vegar tóma vitleysu. Meðgangan gekk vel og Fróði er nýbyrjaður á leikskóla.

„Hann er að verða tveggja ára og við höfum haft það fint saman. Ég ákvað að gefa mér þennan tíma með



„Við Pétur Ben höfum lengi verið vinir og þekkjumst því vel. Okkur finnst mjög skemmtilegt að hafa verið beðin um að koma fram og ákváðum strax að splæsa tónleikana saman.“ Lay Low og Pétur spila bæði glænýtt og gamalt efni á tónleikumum í kvöld.

honum af því að ég gat gert það og líka til að kúpla mig aðeins út. Ég hafði verið á tónleikaferðalagi meira og minna, bæði hér heima og úti, í ein tíu ár. Það var alveg kominn tími á pásu, reyna að ná tengingunni og finna aftur spennu í því sem ég var að gera. Mér finnst ég vera búin að

því núna," segir hún. Hún hafi séð fæðingarorlofið í hillungum þar sem nægur tími gæfist til þess að semja. „Fritíminn“ hafi reyndar ekki verið eins rúmur og hún hélt.

„Ég strauk á mér bumbuna og sá fyrir mér hvernig ég myndi semja tónlist og taka upp heila plötu í fæðingarorlofinu, litla barnið yrði bara með mér í stúdíóinu. Það varð ekki alveg," segir hún spök. „Fyrstu mánuðirnir fóru í að horfa á hann og eftir því sem hann eltist og færði sig upp á skaftið varð svo sannarlega ekki tími til neins. Nú er hann kominn á leikskóla og þess vegna er ég kominn af stað með mitt.“ Hún hafi ekki verið einmana eða einangruð í fæðingarorlofinu þó hún hafi kúplað sig út og saknaði ekki hamgangsins úr tónlistarlífinu né miðbæjarlífsins. Litla fjölskyldan festi kaup á gömlu húsi rétt fyrir utan Hveragerði og flutti allt sitt hafurtask upp í sveit.

Hveragerði „The Hood“

„Ég var svo tilbúin í þetta. Ég var búin að vera svo mikið í kringum fólk, koma fram fyrir framan fjölda fólks, alltaf innan um okunnuga að „mingla“. Ég var alveg tilbúin í að flytja út í sveit og hitta ekki neinn," segir hún. „Sveitalífið á vel við mig. Þetta er draumastaður þar sem ég er með stúdíó heima til að vinna. Ég fer auðvitað oft til Reykjavíkur en það er gott að eiga sitt rými. Við bjuggum niðri í miðbæ og þetta var spurning um að vera í lítilli íbúð í bænum eða taka sénsinn og flytja út í sveit og geta þá keypt stærra. Nú er Hveragerði „The Hood!“ segir hún brosand. „Þar er Fróði í leikskóla og við kaupum í matinn. Það er fullt af finnum stöðum til að hanga á og allt sem maður þarf, yndisleg náttúra allt í kring og nú eru allur gróðurinn í haustlitunum. Svo kynnist maður fólki í bakariinu og í sundi. Það er góð stemming í Hveragerði. Þegar maður býr svona uppi í sveit fær maður líka allt öðruvísi heimsóknir en í bænum. Fólk stoppar lengur og það má jafnvel plata það til að gista. Það var minna um það þegar við bjuggum í miðbænum, nema kannski eftir djamm," segir hún hlæjandi. Hún hafi einnig myndað sérstakt vinasamband við flóttafjölskyldu.

„Ég kynntist flóttafjölskyldu frá Sýrlandi hér í Hveragerði gegnum þátttöku í stuðningsfjölskylduverkefni Rauða krossins. Við heimsækjum hvert annað og lærum hvert



„Hann er að verða tveggja ára og við höfum haft það fint saman. Ég ákvað að gefa mér þennan tíma með honum af því að ég gat gert það og líka til að kúpla mig aðeins út.“ Lovisa og Fróði á góðri stund. MYND/LOVISA ELISABET.

Það var alveg kominn tími á pásu, reyna að ná tengingunni og finna aftur spennu í því sem ég var að gera. Mér finnst ég vera búin að því núna.

Lovisa Elisabet Sigrúnardóttir

af öðru um ólíka menningu og tungumál. Þau eru afskaplega elskuleg og skemmtileg. Við höfum fengið alls konar dýrindis máltíðir hjá þeim og erum alltaf að læra eitthvað nýtt í matargerð. Í gegnum þetta ferli hefur þróast falllegt vinasamband sem mér þykir mjög vænt um," segir Lovisa.

Spurð hvernig hún eyði helgunum í sveitinni segir hún þær fara í heimsóknir en oft sé líka nóg að gera. „Agnes vinnur við bókahald og vinnur heima líka og um helgar

reynum við að heimsækja vini og fjölskyldu ef það er ekki einhver vinna sem kallar. Við erum reyndar að gera upp húsið. Þetta er gamalt hús og við vinnum að þessu mestmagns sjálfar, svona það sem við getum. Hún er „yfirsmiður“ og ég handlangari. Hlutirnir ganga best þannig," segir hún spök.

Hvað er framundan?
„Ég er svona að hita upp völinu. Það er margt á döfinni og meðal annars er ég að vinna í Lay Low plötu en hún mun þó ekki koma út fyrr en á næsta ári. Ég er líka í hljómsveitinni Benny Crespo's Gang og við erum að taka upp plötu sem kemur út í haust. Við höfum starfað í tíu ár saman og höfum unnið að þessari plötu mjög lengi. Ég er afar spennt yfir því að hún sé loksins að verða tilbúin.“

Tónleikar Lay Low og Péturs fara fram í Félagsheimili Seltjarnarness í kvöld og hefjast klukkan 21.

Þú finnur draumaeignina á Costa Blanca hjá Masa International

Skoðunarferð til Costa Blanca á Spáni

02.11-05.11 | Verð kr. 34.998 á mann

Hafðu samband og kynntu þér ferlið!



Kynningarfulltrúar MASA á Íslandi: Jón Bjarni 896 1067 - Jónas 842 1520

masaiceland@gmail.com - www.masainternational.com

Upplifir þú stjórnleysi gagnvart sætindum/mat og áthegðun?

Einn helsti meðferðaraðili við matarfíkn og átröskunum mun stjórna 5 daga meðferðarnámskeiði ásamt **Esther Helgu** frá MFM miðstöðinni dagana 22-27. október n.k. Hlíðardalssetri, Ölfusi.

Philip Werdell MA. frá Bandaríkjunum hefur yfir 30 ára reynslu í meðferðum við þessum vanda.

Félagasamtökin Matarheill standa fyrir fundi í **Voninni, Efstaleiti 7 laugardaginn 21.10.17. kl. 13-15** þar sem Philip Werdell mun halda fyrirlestur um málefnið undir yfirskriftinni **„Samtal um meðferðir við matarfíkn“**.

Þar verður einnig hægt að fá nánari kynningu á námskeiðinu.



MFM MIÐSTÖÐIN

Meðferða og fræðslumiðstöð vegna matarfíknar og átraskana

Nánari upplýsingar í síma 568-3868 eða esther@mfm.is

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnar-efni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

Útgefandi:
365 miðlar

Ábyrgðarmaður:
Svanur Valgeirsson

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sólvéig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357

Sólumenn: Atli Bergmann, atlib@365.is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433

Frábær virkni Bio-Kult

Parmaflóran hjálpar til við að brjóta niður og melta fæðuna. Heilbrigð þarmaflóra er þar af leiðandi forsenda þess að meltingarfærin starfi rétt. Góð melting leiðir til þess að við tökum upp og nýtum næringarefni fæðunnar betur og styrkjum öll kerfi líkamans.



Varð betri af magakveisu

Þegar Ragna Lóa Stefánsdóttir kom heim frá Marokkó var hún með slæma magakveisu og leið illa. Hún fór til læknis sem gaf henni lyf við kveisunni. „En það var eins og ég næði mér ekki alveg af magakveisunni og ákvað því að prófa Bio-Kult Original þar sem ég hafði heyrt svo vel af því látið,“ segir Ragna Lóa. Árangurinn lét ekki á sér standa og fann Ragna Lóa ótrúlega fljótt mun eftir að hafa tekið Bio-Kult í nokkra daga. „Ég hef fundið að með aldrinum verð ég viðkvæmari í maganum og það er ekki sama hvað ég borða, ég þarf að passa betur upp á mataræðið til að halda meltingunni í lagi. Bio-Kult Original kemur þar sterkt inn fyrir mig því mér finnst að meltingin sé betri og ég finn að það gerir mér gott,“ lýsir hún og bætir við að það eigi sérstaklega við þegar fólk sé undir álagi því þá eflir Bio-Kult varnir líkamans. „Ég mæli með Bio Kult Original, það hefur reynst mér mjög vel.“



Hefur reynst mér vel

Margrét Alice Birgisdóttir heilsumarkþjálfari mælir með því við viðskiptavinum sína að þeir fái meltingu sína góða. „Mér finnst sérstaklega mikilvægt að meltingarfærin starfi eins og þau eiga að gera. Ef bakteríuflóra líkamans er í ójafnvægi starfar hann ekki eins og hann á að gera. Bio-Kult hefur reynst afar vel til að bæta starfsemi meltingarinnar,“ segir Margrét. Sjálf greindist Margrét með colitis ulcerosa, eða sáraristilbólgu, fyrir fjórtán árum. „Í dag er ég lyfja- og einkennalaus og hef verið það að mestu til margra ára. Ég er sannfærð um að bakteríurnar sem ég hef tekið í gegnum tíðina samhliða jákvæðum breytingum á lífsstíl hafi sitt að segja varðandi það hve vel mér gengur. Ég mæli heils hugar með Bio-Kult, bæði Candéa með hvítlauk og grape seed extract til að halda einkennum niðri og með Bio-Kult Original til að viðhalda batanum, báðar tegundir hafa reynst mér vel.“



Mælir heils hugar með Bio-Kult Candéa

Guðbjörg Gísladóttir finnur stórkostlegan mun á sér eftir að hún hóf notkun Bio-Kult Candéa. Hún hefur mjög góða reynslu af notkun Bio-Kult Candéa hylkjanna og finnur mun á sér eftir að hún fór að nota þau. „Eftir að ég komst á ákveðinn aldur fór ég að finna í auknum mæli fyrir óþægindum vegna breytinga í slímhúðinni en eftir að ég byrjaði að nota Bio-Kult Candéa fann ég stórkostlegan mun á mér. Í gegnum tíðina hef ég einnig glímt við alls konar vandamál tengd ójafnvægi í flóru líkamans og ég finn að Bio-Kult Candéa er að virka rosalega vel fyrir mig,“ segir Guðbjörg.



BIO-KULT FYRIR ALLA

Innihald Bio-Kult Candéa hylkjanna er öflug blanda af vinveittum gerlum. Bio-Kult hentar vel fyrir alla, einnig fyrir barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Fólk með mjólkur- og sojaþol má nota vörurnar. Mælt er með Bio-Kult í bókinni Meltingarvegurinn og geðheilsa eftir dr. Natasha Campbell-McBride.

- Bio-Kult reynist vel til að bæta meltinguna.
- Mikilvægt er að viðhalda réttri bakteríuflóru líkamans.
- Hægt er að fá bakteríur úr fæðu en þeir sem borða ekki slíkan mat geta tekið bakteríur í hylkjum.
- Margrét Alice heilsumarkþjálfari mælir bæði með Bio-Kult.

Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.



Selma Björk er mjög ánægð með áhrifin af Femarelle.



40+ FEMARELLE REJUVENATE

- Minnkar skapsveiflur
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku
- Eykur teygjanleika húðar
- Viðheldur eðlilegu hári



Femarelle skiptir Valgerði miklu máli.



50+ FEMARELLE RECHARGE

- Slær hratt á einkenni (hitakóf og nætursviti minnka)
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku
- Eykur kynhvöt
- Hefur engin áhrif á vef í brjóstum eða legi



Eva Ólöf er hressari þegar hún notar Femarelle.



60+ FEMARELLE UNSTOPPABLE

- Inniheldur kalsíum og D3-vítamín sem eru nauðsynleg til að styrkja bein að innan
- Stuðlar að heilbrigðri slímhúð legganga
- Eykur liðleika
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku sem stuðlar að andlegu jafnvægi



Lífið ætti ekki að taka stakkaskiptum við það að eldast – vertu með okkur

Elskaðu. Lifðu. Njóttu. Femarelle® vörulínan

Hver dagur eins og ævintýri

Friðrik Ellert Jónsson er einn þriggja sjúkráþjálfara landsliðsins í fótbolta sem tryggði sér sæti á lokamóti HM fyrr í vikunni. Hann segir forréttindi að vera í kringum strákana í landsliðinu.

Starri Freyr
Jónsson
starri@365.is



Frábær árangur íslenska karla-landsliðsins í fótbolta hefur ekki farið fram hjá mörgum en liðið tryggði sér fyrr í vikunni sæti á lokamóti HM í fótbolta í fyrsta sinn. Í fagnaðarlátunum eftir lokaleikinn gegn Kósóvó varð þjálfari liðsins, Heimi Hallgrímssyni, og leikmönnum liðsins tíðrætt um stóran þátt fólksins á bak við tjöldin í árangri liðsins undanfarin ár. Þar kemur við sögu starfsfólk KSÍ en ekki síður fjöldi starfsmanna sem fylgja liðinu í leikjum heima og erlendis.

Einn þeirra er Friðrik Ellert Jónsson sjúkráþjálfari sem hefur starfað sem sjúkráþjálfari landsliðsins undanfarin tólf ár og fylgst með ungu strákunum vaxa og þroskast í að verða eitt af betri landsliðum Evrópu. Hann hefur líka það skemmtilega hlutverk að stýra fagnaðarlátum liðsins eftir sigurleiki sem eru eitt helsta ein-kennismerki landsliðsins.

Oft langir dagar

Verkefni sjúkráþjálfaranna þriggja eru fjölbreytt og vinnudagurinn er oftast mjög langur. „Hlutverk okkar er aðallega að losa um stífa vöðva og liði til að örva endurheimtuna auk fræðslu og forvarna fyrir leikmenn liðsins. Álagið á þessa stráka er mikið og getur myndað stífleika víða í líkamanum auk þess sem stundum þarf að sinna minni háttar meiðslum.“

Auk þess að starfa sem sjúkráþjálfari liðsins hefur Friðrik starfað sem sjúkráþjálfari knattspyrnuliðs Stjórnunnar undanfarin fimm ár en áður gegndi hann sama hlutverki hjá Valsmönnum. Aðalstarf hans er þó að vera sjúkráþjálfari hjá Sjúkráþjálfun Íslands í Orkuhúsinu.

Stemning og samstaða

Undankeppnin fyrir HM var ein-



„Menn hafa notið hvorrar einustu mínútu með ástríðuna að leiðarljósi, algjörlega tilbúnir að fórná sér fyrir íslensku þjóðina. Og þessi hópur okkar hefur síður en svo sagt sitt síðasta orð,“ segir Friðrik Ellert Jónsson, einn af þremur sjúkráþjálfurum íslenska landsliðsins í fótbolta. MYND/EYÞÓR



Sjúkráþjálfararnir þrír á EM í sumar (f.v.) Rúnar, Stefán og Friðrik.

stök upplifun að sögn Friðriks. „Það er mikil gleði, stemning og samstaða í þessum hópi. Það eru algjör forréttindi að fá að vera í kringum þessa stráka og vinna með öllu þessu frábæra starfsfólki.“

Hann segir að vel hafi gengið að gíra sig í gang eftir ævintýrið mikla í Frakklandi sumarið 2016. „Allir í liðinu stefndu í sömu átt og voru meðvitaðir um markmiðin sem sett voru. Ég man að Gylfi Þór sagði eftir tapið í umspilsleiknum gegn Króatíu fyrir HM í Brasilíu: „Þetta er tilfinning sem ég ætla ekki að gleyma.“ Strákarnir lærðu mikið af þeim leik og í dag er staðan þannig að þeir standa sig allra best þegar mikið er undir. Það höfðu allir trú á því að við gætum farið á HM, þrátt fyrir að vera í einum erfiðasta riðlinum.“

Mikið í húfi

Hópurinn á bak við landsliðið er stór og samhentur þar sem allir stefna í sömu átt að sögn Friðriks. „Allir eru meðvitaðir um hlutverk sitt og reyna að sinna því eftir bestu getu. Stundum eru miklir álagstímar og lítið um svefn, en það er reynt að gæta þess að við fáum þá hvíld sem við þurfum svo að við getum sinnt vinnu okkur sem best. Það verður að vera jákvæð og góð orka í kringum strákana og þá sérstaklega í sjúkraherberginu, þar sem þeir eyða miklum tíma. Þótt það sé mikið álag á okkur öllum í þessum ferðum, enda mikið í húfi, þá hefur hver einasti dagur verið eins og ótrúlegt ævintýri. Menn hafa notið hvorrar einustu mínútu með ástríðuna að leiðarljósi, algjörlega tilbúnir að fórná sér fyrir íslensku þjóðina. Og þessi hópur okkar hefur síður en svo sagt sitt síðasta orð.“

Nýtt hlutverk

Stemningin kringum liðið og stuðningsmenn þess er einstök. Þar leikur Friðrik stórt hlutverk en hann stýrir fagnaðarlátum liðsins eftir sigurleiki þar sem fagnið „var það ekki?!“ kemur alltaf við sögu. Þetta nýja hlutverk Friðriks má rekja til Hannesar Þórs Halldórs-sonar, markmanns liðsins. „Hann kom til mín eftir sigurleik gegn Tyrkjum hér heima í september 2014. Þetta var fyrsti leikurinn í



„Var það ekki?“. Friðrik tekur fagnið frága eftir lokaleikinn gegn Kósóvó á mánudaginn. Það er tekið úti við sérstakar aðstæður.

Ég man að Gylfi Þór sagði eftir tapið í umspilsleiknum gegn Króatíu fyrir HM í Brasilíu: „Þetta er tilfinning sem ég ætla ekki að gleyma“.

Friðrik Ellert Jónsson

riðlinum fyrir EM 2016 og Hannes sagði að stemningin í klefanum væri nánast slappari en eftir sigurleik í Pepsi-deildinni.“

Hannes sagði Friðriki að hann yrði að taka það á sig að búa til einhverja stemningu eftir sigurleiki. „Ég ákvað að slá til og tók þetta fagn eftir næsta leik sem var sigurleikur gegn Lettlandi. Ég sá það fyrst hjá Guðmundi Benediktssyni þegar hann kom til Vals 2005. Annars veit ég að Sigurður heitinn Hallvarðsson notaði þetta líka eftir sigurleiki hjá Þrótti, svo ég held að þetta hafi upphaflega komið frá þeim mikla meistara.“

Bestu stuðningsmennirnir

Friðrik segir margt standa upp úr þegar horft sé til baka en þó helst

hvað liðið er ríkt að eiga þessa frábæru stuðningsmenn. „Við eigum ekki bara bestu stuðningsmenn í heimi, heldur líka frægustu stuðningsmennina. Tólfan á hrós skilið fyrir sitt framlag. Það var ótrúleg upplifun að vera á vellinum í lokakeppni EM, horfa á alla þessa íslensku stuðningsmenn og heyra sungið „Ég er kominn heim“ allan hringinn á vellinum. Skemmtilegustu stundirnar voru þegar við tryggðum okkur sæti á EM og HM. Allt Evrópumótið í Frakklandi var frábært en leikirnir gegn Englandi og Austurríki eru sérstaklega eftir-minnilegir.“

Rólegt framundan

Nú þegar HM sætið er tryggt róast lífið aðeins hjá Friðriki sem er giftur Vilborgu Stefánsdóttur en saman eiga þau þrjú börn. „Næst á dagskrá er bara hefðbundið líf; að mæta í vinnu og vera með fjölskyldunni. Auðvitað verð ég að eiga smástundir með sjálfum mér og þá finnst mér gott að fara aðeins í ræktina eða í sund. Það er nauðsynlegt að eiga góðan og skilningsríkan maka þegar maður er í svona vinnu og mikið í burtu. Í fyrra var ég um 120 daga frá fjölskyldunni þannig að þegar ég á fri frá boltanum reyni ég að nota tímann vel með krökkunum og konunni. Hún hefur þraukað með mér í 25 ár þannig að ég hlýt að vera að gera eitthvað rétt.“

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími. 5522125, www.gitarinn.is

Gítarar í úrvali

HAUST ÚTSALA 30% AFSLÁTTUR !!

Stærðir 14-28 eða 42-56

Sjáðu úrvalið á www.curvy.is eða komdu við í
verslun okkar að Fákafeni 9

Opið alla virka daga frá kl. 11-18
og laugardaga frá kl. 11-16

Curvy.is



Pöysa
4.893 kr
6.990 kr



Jakki
7.893 kr
10.990 kr



Jakki
5.593 kr
7.990 kr



Pöysa
5.593 kr
7.990 kr



Buxur
4.893 kr
6.990 kr



Kjöll
6.293 kr
8.990 kr



Kjöll
4.893 kr
6.990 kr



Buxur
3.213 kr
4.590 kr

VERTU VELKOMIN Í VERSLUN OKKAR AÐ FÁKAFENI 9 EÐA PANTAÐU Á WWW.CURVY.IS

Afgreiðslutímar í verslun Curvy.is að Fákafeni 9 eru
Alla virka daga frá kl. 11-18 og Laugardaga frá kl. 11-16

SENDUM FRÍTT
HVERT Á LAND
SEM ER!



Við erum á Snap chat - Curvy.is

Curvy.is

- Fákafeni 9, 108 RVK | Sími 581-1552 | www.curvy.is



Faðir Magneu smíðaði þennan fallega skáp á æskuheimili hennar að Brú í Flóa. Hún gerði hann upp og málaði.



Það er heimilislegt hjá Magneu í Mörk og margt sem minnir á gamla heimilið hennar, enda fylgdu henni sófasettið, borð sem hún mósaiklagði, lampar og listaverk sem henni eru kær.



Þennan forláta, litríka og loðna stól keypti Magnea sem símastól handa manni sínum og heklaði þúðann í sessunni.



Þessi mynd af vinkonum er í dálæti hjá Magneu sem sá hana í blaði og ákvað að endurgera hana úr filti, garni, blúndum og efnum.



Magnea handgerði hverja einustu flís í þessu gullfallega mósaikverki sínu.



Magnea er listakona af guðs náð. Hún skar út askinn og lampafótinn eftir eigin teikningu af konu í baðstofu, skapaði hafmeyjuna úr leir og listaverk úr kopar.

Gott að fá ást og heimsóknir

Listakonan Magnea Soffía Hallmundsdóttir situr með fallegar fléttur í græna sófasettinu sínu á hjúkrunarheimlinu Mörk. Andrúmsloftið er heimilislegt og frá því stafar kærleiksriku þeli enda geymir herbergi Magneu sérvalda list- og húsmuni sem henni voru kærir úr búi sínu, lífi og starfi.

Þórdís Lilja
Gunnarsdóttir
thordisg@365.is



Það er víst lífsins gangur að minnka við sig, en það er ekkert gaman, og reyndar fremur erfitt að pakka heimilinu sínu saman og velja fæina hluti úr búinu. Ég tók bara með mér það sem mér þótti vænst um og leyfði barnabörnunum að velja það sem þau vildu úr búinu," segir Magnea sem flutti í Mörk fyrir þremur árum, þá 92 ára.

Æskuheimili Magneu var á Brú í Flóa, efsta bæ í Stokkseyrarhreppi. Hún flutti til Reykjavíkur á tólfta árinu og rak síðar heimili sín á Ránargötu 7 og í Hæðargarði 34.

„Ég er heppin að hafa fengið heimilisrými hér á Mörk því herbergin eru svo rúmgóð og mikill kostur að hafa sér baðherbergi," segir Magnea í 25 fermetra herbergi sem hún hefur gert að notalegu heimili með eigin húsmunum og útsýnið af fjórðu hæð Markar er fagurt í litadýrd haustsins.

„Hér lifur mér eins og heima og finnst gott að geta tekið vel á móti fólkinu mínu. Á móti kann fjölskyldan vel við sig í gamla sófasettinu og innan um kunnuleg borð, myndir, listmuni og lampa af gamla heimilinu," segir Magnea sem fær oft og ídulega heimsóknir til sín í Mörkina. „Hingað koma frænkur mínar, sem mér þykir óskaplega



Magnea Soffía Hallmundsdóttir varð 95 ára í sumar. Hún er heilsuhaust en er farin að sjá illa. MYNDIR/ERNIR

vænt um, og börn mín, tengdadóttir og barnabörn. Það er mikils virði að finna fyrir ást þeirra og umhyggju og njóta félagskaparins við þau hér á litla heimilinu mínu." Alls búa tíu íbúar á hverju heimili í Mörk og heimilisfólkið deilir eld-

húsi, stofu og stórum svölum.

„Við borðum saman ljómandi góðan mat og sitjum saman í stofunni og við sjónvarpið, en þó er dáíð svolítið af fólki síðan ég flutti hingað og auðvitað dapurlegt að missa nágretta sína," segir Magnea

sem varð 95 ára í sumar.


„Ég skil ekkert í hvað ég lifi lengi en ég er víst svona lífseig," segir Magnea, sem var fimmta barnið í röð átta systkina sem öll hafa kvatt jarðvistina. „Það er ekkert sérstaklega gaman að vera 95 ára, ég var

„Ég nýt lífsins en geri ráð fyrir að verða smeyk þegar endalokin nálgast því flestir vilja halda sem lengst í lífið.

Magnea Soffía Hallmundsdóttir

fær í ýmsu og ef mér datt í hug að gera eitthvað, þá gerði ég það. Ég nýtti líf mitt vel og er búin að gera einhver lifandis ósköp um ævina," segir Magnea sem er lærður myndhöggvari. Listfengi hennar má sjá hvert sem litið er, hún er jafnvíg á allt handverk og hannyrðir, og starfaði við listskópun lungann úr starfsævinni, meðal annars við töskuteikningu fyrir Leðurgerð Reykjavíkur og hönnun leirmuna hjá Glíti.

„Nú er ég hálfblind og þykir leitt að geta ekkert gert í höndunum lengur. Ég læt mér þó aldrei leiðast og hef nóg um að hugsa og minnast gamalla daga. Stundum horfi ég á skjáfarir og bílana fyrir utan gluggann, þótt ég sjái það orðið allt í móðu, og mér finnst indælt að hlusta á tónlist og hljóðbækur. Ég nýt lífsins en geri ráð fyrir að verða smeyk þegar endalokin nálgast því þegar upp er staðið vilja flestir halda sem lengst í lífið," segir Magnea og brosir blítt í stofunni sinni heima á Mörk.



Límtré Vírnet er framsækið íslenskt iðnfyrirtæki með áratuga reynslu af framleiðslu og sölu á hágæða vörum fyrir íslenskan byggingariðnað. Starfsfólk fyrirtækisins býr yfir mikilli þekkingu á hönnun fyrir íslenskar aðstæður. Starfsstöðvar Límtrés Vírnets eru á þremur stöðum á landinu, á höfuðborgarsvæðinu, í Borgarnesi og á Flúðum.

Framkvæmdastjóri

Límtré Vírnet óskar eftir að ráða öflugan framkvæmdastjóra.

Leitað er að árangursdrifnum, metnaðarfullum og sóknjörfum einstaklingi til að leiða framúrskarandi hóp starfsmanna hjá hátæknivæddu iðnfyrirtæki. Framsýni og þroskaðir stjórnunarhættir eru meðal eiginleika sem sóst er eftir, ásamt metnaði til þess að leiða fyrirtæki í forystuhlutverki á íslenskum markaði. Starfsstöð framkvæmdastjóra verður í Reykjavík.

Hæfniskröfur

- Mikil reynsla af stjórnun, rekstri og solumálum
- Brennandi áhugi á íslensku atvinnulífi, sérstaklega byggingarmarkaði
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Framúrskarandi leiðtogaþæfileikar



Upplýsingar veitir:

Sverrir Briem
sverrir@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is
Umsóknarfrestur er til og með 24. október nk.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

Hagstofa Íslands

leitar að metnaðarfullu og áhugasömu starfsfólki



Sérfræðingar í umhverfistölfraði

Hagstofa Íslands óskar eftir að ráða tvo metnaðarfulla og áhugasama starfsmenn í ný störf á fyrirtækjasviði. Á fyrirtækjasviði er framleidd tölfraði um afkomu og rekstur fyrirtækja eftir atvinnugreinum, gistinætur og ferðamál, nýsköpun, umhverfismál, sjávarútveg og landbúnað.

Störfin fela í sér uppbyggingu og þróun tölfraði um umhverfismál og framleiðslu umhverfisreikninga. Um er að ræða frábært tækifæri til að taka þátt í mótun nýrrar tölfraði um brýnt málefni.

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólapróf í hagfræði, verkfræði, viðskiptafræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af vinnslu gagna í gagnagrunnsumhverfi er nauðsynleg
- Reynsla af tölfraðilegri úrvinnslu og framsetningu gagna er æskileg
- Gagnrýn hugsun og frumkvæði
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Góð samskiptafærni
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

Sérfræðingur í gagnasöfnun

Hagstofa Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa í gagnasöfnunardeild. Deildin hefur umsjón með gagnasöfnun og framkvæmir úrtaksrannsóknir á vegum Hagstofu Íslands.

Starfið felur í sér sérhæfð tæknileg verkefni við undirbúning, framkvæmd og frumúrvinnslu gagna vegna úrtaksrannsókna sem og innsöfnun gagna frá fyrirtækjum og stofnunum. Jafnframt kallar starfið á teymisvinnu við hönnun, innleiðingu og spurningalistagerð vegna nýrra gagnasafnana í samræmi við viðurkenndar aðferðir og verklagsreglur í hagskýrslugerð.

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun er kostur
- Reynsla af vinnu og forritun í gagnagrunnum (svo sem SQL) er nauðsynleg
- Góð þekking á tölfraðihugbúnaði (svo sem R, SPSS, STATA) er æskileg
- Reynsla af gagnasöfnun er kostur
- Góð ritfærni á íslensku og ensku
- Góð samstarfs- og samskiptahæfni
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð

Starfsmaður við gagnasöfnun

Hagstofa Íslands leitar að þjónustuglöðum og kraftmiklum einstaklingi sem hefur ánægju af samskiptum til starfa í gagnasöfnunardeild. Deildin hefur umsjón með gagnasöfnun og framkvæmir úrtaksrannsóknir á vegum Hagstofu Íslands. Starfið felur í sér samskipti við gagnaveitendur Hagstofu Íslands, í gegnum síma eða með pósti. Í því felst meðal annars að sannfæra gagnaveitendur um mikilvægi þess að skila inn gögnum og leiðbeina þeim við skilin. Að auki felst starfið í því að slá inn gögn, gera grunnathugun á gögnum og koma að hreinsun gagna.

HÆFNISKRÖFUR

- Reynsla af gagnasöfnun, símasölu eða annarri þjónustu við notendur í gegnum síma
- Góð almenn tölvuþekking er nauðsynleg
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun er kostur
- Reynsla af vinnu við gagnagrunna er kostur
- Góð enskukunnátta og færni í að vinna með texta er kostur
- Þjónustulund, færni í mannlegum samskiptum og samstarfshæfni
- Frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæð skipulögð vinnubrögð

Umsóknarfrestur er til og með 30. október 2017 og skulu umsóknir berast til: Starfsumsókn, Borgartúni 21a, 150 Reykjavík eða rafrænt á netfangið starfsumsokn@hagstofa.is. Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Nánari upplýsingar um störfin veitir Helga Hauksdóttir í síma 528-1000.

Hagstofa Íslands er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar á Íslandi. Hlutverk Hagstofunnar er að vinna hlutlægar hagskýrslur, hafa forystu um samhæfingu hagtalna, stunda rannsóknir og stuðla þannig að upplýstri umræðu og faglegum ákvörðunum. Nánari upplýsingar má finna á www.hagstofa.is

Rekstrarstjóri fiskvinnslu í Noregi

Öflugt útgerðarfyrtæki leitar eftir starfskrafti til að stýra einu af vinnsluhúsum sínum í Noregi. Starfsemin fer fram í smábæ í Norður-Noregi en til greina kemur að starfsmaðurinn vinni í lotum, s.s. að unnið sé í fjórar vikur í senn í Noregi á móti fjórum vikum í fríi.

Umsóknarfrestur
29. október

Starfssvið

- Daglegur rekstur á starfseminni.
- Yfirumsjón með daglegri framleiðslu.
- Áætlanagerð og starfsmannahald.
- Samskipti við útgerðir sem selja fisk til fyrirtækisins.
- Samskipti og skýrslugjöf til yfirstjórnar.

Upplýsingar og umsókn
capacent.is/s/5816

Hæfniskröfur

- Góð reynsla af verkstjórn eða rekstri á fiskvinnslu.
- Reynsla af stjórnun.
- Enskukunnátta er skilyrði.
- Norskukunnátta eða kunnátta í öðrum norðurlandamálum er mikill kostur.

Fyrirtækið er bæði í saltfiskvinnslu sem og sölu á ferskum og frosnum afurðum. Um er að ræða aðalvinnsluhús félagsins og þar fara í gegn yfir 10.000 tonn af þorski og úsu á ári ásamt 20.000 tonnum af uppsjávarfisk.

Capacent – leiðir til árangurs

capacent

Kynnisferðir

Framkvæmdastjóri

Kynnisferðir óska eftir að ráða framkvæmdastjóra til starfa. Leitað er að sjálfstæðum og metnaðarfullum einstaklingi með afburðar samskiptahæfileika og jákvætt viðmót auk þekkingar á fjármálum og rekstri. Starfið veitir tækifæri til að vinna með fjölbreyttum hópi starfsmanna að þróun og eflingu starfseminnar.

Umsóknarfrestur
29. október

Starfssvið

- Ábyrgð og umsjón með daglegum rekstri.
- Umsjón með stefnumótun og þróun félagsins í samráði við stjórn.
- Áætlanagerð og kostnaðareftirlit.
- Samskipti og nán samvinna við ólíka aðila innan samstæðunnar.
- Erlend samskipti.

Upplýsingar og umsókn
capacent.is/s/5817

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Haldgóð stjórnunar- og rekstrarreynsla.
- Reynsla af viðskiptaþróun og breytingastjórnun kostur.
- Leiðtogahæfni, innsæi og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Mjög góð íslensku og enskukunnátta.



Kynnisferðir eru fjölbætt ferðaþjónustufyrirtæki, en innan samstæðu félagsins er m.a. rekstur hópbifreiða, ferðaskrifstofu og bílaleigu.

Meðal vörumerkja félagsins eru Reykjavik Excursions, Flybus og Enterprise Rent-A-Car.

Framkvæmdastjóri Kynnisferða ber ábyrgð á rekstri félagsins og situr í stjórnnum dótturfélaga.

Capacent – leiðir til árangurs

capacent

Danfoss

Sölumaður

Danfoss óskar eftir að ráða þjónustulundaðan sölumann. Um er að ræða sölu á hitastjórnubúnaði ásamt öðrum vörum fyrirtækisins. Um fullt starf er að ræða. Vinnutími er alla virka daga nema föstudaga frá kl. 8:00 - 17:00. Á föstudögum er unnið frá kl. 8:00 - 14:30. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Um er að ræða framtíðarstarf hjá traustu fyrirtæki sem leggur metnað í þjálfun og starfsþróun sinna starfsmanna.

Umsóknarfrestur
23. október

Starfssvið

- Sala á stjórnubúnaði fyrir hitakerfi.
- Þjónusta og ráðgjöf til viðskiptavina.
- Umsjón með vörukynningum og markaðssetningu.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Upplýsingar og umsókn
capacent.is/s/5735

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi svo sem sveinspróf í pípulögnum / framhaldsmenntun kostur.
- Þekking á hitastjórnubúnaði og innsýn inn í virkni hitakerfa.
- Framúrskarandi samskiptahæfni og þjónustulund.
- Góð íslensku- og enskukunnátta, dönskukunnátta kostur.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Reynsla og áhugi á sölumálum er mikill kostur.



Danfoss hf. er sölu- og þjónustufyrirtæki í eigu Danfoss A/S í Danmörku. Danfoss hf. er með aðsetur að Skútuvogi 6 í Reykjavík.

Hjá Danfoss hf. starfa tæknimenn með góða sérþekkingu hver á sínu sviði, sem leggja sig fram um að aðstoða við val á rétta búnaðinum við hvert úrlausnarefni.

Capacent – leiðir til árangurs

capacent

Gildi-lífeyrissjóður

Upplýsingafulltrúi



Gildi-lífeyrissjóður óskar eftir að ráða upplýsingafulltrúa í krefjandi og fjölbreytt starf hjá sjóðnum.

Umsóknarfrestur
23. október

Starfssvið

- Umsjón með kynningar- og fræðslumálum m.a. útgáfumálum, ytri og innri vef og fréttaskrifum á heimasíðu.
- Ritstjórn ársskýrslu.
- Skipulag funda og ráðstefna.
- Fjölmiðlatengsl.

Upplýsingar og umsókn
capacent.is/s/5812

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Reynsla af samskiptamálum og vefumsjón, blaða- eða fréttamennsku.
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta og hæfni til tjáningar í ræðu og riti.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Jákvætt lífsviðhorf og framúrskarandi samskiptahæfileikar.
- Þekking og áhugi á samskiptamiðlum.
- Þekking á starfsemi lífeyrissjóða er kostur.

Gildi - lífeyrissjóður er þriðji stærsti lífeyrissjóður landsins með um 21 þúsund lífeyrisþega, 46 þúsund greiðandi sjóðfélaga og yfir 200 þúsund einstaklingar eiga réttindi hjá sjóðnum. Eignir sjóðsins nema um 490 milljörðum króna. Sjóðurinn rekur bæði samtryggingardeild og séreignardeild. Hjá sjóðnum starfa 32 starfsmenn.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Framkvæmdastjóri



FJARDABYGGÐ

Fjarðabyggð leitar að öflugum aðila í starf framkvæmdastjóra Fjarðabyggðarhafna. Framkvæmdastjóri hefur yfirumsjón með stjórnun og rekstri á Fjarðabyggðarhöfnum. Næsti yfirmaður er bæjarstjóri.

Ath. lengdur umsóknarfrestur
23. október

Starfssvið

- Ábyrgð á stjórnun og rekstri Fjarðabyggðarhafna.
- Áætlanir, samningagerð og eftirlit með framkvæmdum og viðhaldi hafna.
- Gæða og öryggismál.
- Áætlanagerð og eftirfylgni.
- Stefnumótun og samningagerð.
- Undirbúningur og eftirfylgni funda.
- Samskipti við samstarfsaðila, ráðuneyti, opinberar stofnanir og hagsmunaaðila.

Frekari starfslýsing og ábyrgð er að finna á www.fjardabyggd.is

Upplýsingar og umsókn
capacent.is/s/5743

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Reynsla af stjórnun og rekstri.
- Þekking á stefnumótandi áætlanagerð og gerð rekstrar- og fjárhagsáætlana.
- Þekking og/eða reynsla af gæða- og öryggismálum er kostur.
- Reynsla af verklegum framkvæmdum hafna er kostur.
- Þekking og reynsla af samningagerð er kostur.
- Þekking og reynsla af starfsumhverfi opinberrar stjórnsýslu og/eða hafnarmála er kostur.
- Forystu-, skipulags- og samskiptahæfileikar.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti.

Fjarðabyggð er stærsta sveitarfélagið á Austurlandi og 10. stærsta sveitarfélag landsins. Veruleg uppbygging hefur átt sér stað í Fjarðabyggð á liðnum árum, bæði í þjónustu og atvinnulífi. Í sveitarfélaginu er hátt þjónustustig, framúrskarandi skólar ásamt öflugum menningar-, afþreyingar-, og íþróttastarfi. Náttúran er stórbrotin bæði til að njóta og til útivistar. Íbúar sveitarfélagsins eru um 4700 talsins í sex byggðarkjörnum. Þú ert á góðum stað í Fjarðabyggð.

Launakjör taka mið af launakerfi sviðsstjóra hjá sveitarfélaginu. Konur jafnt sem karlar eru hvattar til þess að sækja um stöðuna.



Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

www.capacent.is

Söluráðgjafi í verslun Brúnás innréttinga

Brúnás innréttingar óska eftir að ráða söluráðgjafa í verslun sína í Reykjavík. Helstu verkefni eru ráðgjöf, sala og þjónusta ásamt því að teikna upp innréttingar fyrir viðskiptavinum. Vinnutími er alla virka daga frá 9-17 (lokað um helgar).

Leitað er að aðila með menntun sem nýtist í starfi, s.s. innanhússarkitekt, tækniteiknara, byggingafræðingi eða sambærilegt. Kostur er ef viðkomandi hefur reynslu af sölustörfum. Starfið gæti einnig hentað nýútskrifuðum.

Sjá nánar á www.intellecta.is



intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Áhugaverð störf og mikil tækifæri

- Kerfisfræðingar
- Hugbúnaðarþróun

Sjá nánar á www.intellecta.is

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is

Verkstjóri á lager verslunar

Stórt og traust fyrirtæki í Reykjavík óskar eftir að ráða verkstjóra á lager verslunar sem selur grófvöru. Leitað er að metnaðarfullum og duglegum leiðtoga með góða samskiptahæfni. Helstu verkefni eru umsjón með lager, verkstjórn, leiðbeiningar til annarra starfsmanna og almenn lagerstörf. Leitað er að aðila með reynslu af lagerstörfum, reynslu af verkstjórn og góða þjónustulund. Kostur er ef viðkomandi hefur iðnmenntun og vinnuvélaréttindi. Góð laun í boði fyrir réttan aðila.

Sjá nánar á www.intellecta.is

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is



Cetus ehf. var stofnað 1998 og fagnar því 20 ára afmæli á næsta ári. Fyrirtækið er umboðsaðili fyrir leiðandi vörumerki í hjúkrunarvörum. Hjá Cetus er framúrskarandi þekking, færni og reynsla af farsælu samstarfi við helstu heilbrigðisstofnanir landsins, svo sem LSH. Viðskiptavinir Cetus eru traustir aðilar og birgjar eru leiðandi fyrirtæki á þessum vettvangi. Rekstur Cetus grundvallast einkum á samningum sem gerðir eru við viðskiptavinum í framhaldi af auglýstum útboðum.

Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess www.cetus.is

Nánari upplýsingar um starfið veita Bylgja Björk Pálsdóttir (bylgja@intellecta.is) og Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is), í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 22. október 2017. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.

Sölustjóri hjúkrunarvöru

Cetus auglýsir laust til umsóknar starf sölustjóra hjúkrunarvöru. Viðkomandi þarf að vera tilbúinn að takast á við fjölbreytt verkefni í sölu á hjúkrunarvörum og jafnframt að bera ábyrgð á mikilvægum samskiptum í rekstri. Staðan heyrir beint undir framkvæmdastjóra.

Starfssvið

- Þátttaka í opinberum útboðum
- Stjórnun samninga, sala á hjúkrunarvörum, kynningar, markaðssetning og samskipti við viðskiptavinum og birgja
- Þátttaka í námskeiðum erlendis og samstarf við birgja
- Stjórnun pantana með hliðsjón af veltuhraða og framlegð
- Samskipti við flutningsaðila og sölufundir

Menntunar og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði hjúkrunar er skilyrði
- Haldmikil starfsreynsla innan heilbrigðisgeirans
- Reynsla af rekstri og rekstrarþekking er mikill kostur
- Sjálfstæði og vilji til að ná árangri
- Þekking og reynsla af ferli útboða er kostur
- Góð samskiptahæfni og jákvæðni er mikilvæg
- Góð kunnátta í íslensku og ensku er nauðsynleg

Um er að ræða framtíðarstarf og mjög gott tækifæri fyrir réttan einstakling. Góð kjör eru í boði.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is

RÁÐGJÖF
RÁÐNINGAR
RANNSÓKNIR



Hlutverk Mannvirkjastofnunar er einkum að sinna stjórnýsly og samræmingu eftirlits á sviði byggingarmála, brunavarna og rafmagnsöryggismála og að annast markaðseftirlit á sviði rafmagnsöryggis, visthönnunar og orkumerkinga, byggingarvöru og timburvöru. Áhersla er lögð af hálfu stofnunarinnar á rafræna stjórnýsly og gerð gagnagrunna við eftirlit.



Brennur þú fyrir eldvörnum?

Mannvirkjastofnun leitar að kröftugu fólki til að taka þátt í áframhaldandi uppbyggingu stofnunarinnar. Í boði eru krefjandi störf hjá stofnun sem veitir starfsmönnum tækifæri til að sinna faglegri uppbyggingu í starfi með virkri endurmenntun og þjálfun. Góð vinnuaðstaða er í boði.

Fagstjóri Eldvarnasviðs

Fagstjóri Eldvarnasviðs er faglegur leiðtogi starfsmanna á sviðinu og leiðir stefnumótun og markmiðasetningu sviðsins í samvinnu við forstjóra, samstarfsmenn og samstjórnendur.

Helstu verkefni:

- Leiða og þróa hlutverk Mannvirkjastofnunar við skipulagningu og samræmingu eftirlits með öryggisþáttum bygginga á sviði eldvarna
- Tryggja eldvarnir í mannvirkjum, m.a. með þátttöku í undirbúningi reglugerða og gerð leiðbeininga á sviði eldvarna
- Yfirumsjón með úttektum á slökkviliðum og búnaði slökkviliða
- Yfirumsjón með öllu námi innan Brunamálastólans
- Vera stjórnvöldum til ráðgjafar um þau mál sem heyra undir sviðið og veita umsagnir um álitamál

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Meistarapróf í byggingarverkfræði eða byggingartæknifræði er skilyrði
- Amk. 5 ára reynsla af vinnumarkaði er skilyrði
- Farsæl stjórnunarreynsla
- Reynsla af byggingarleyfisskyldri mannvirkjagerð
- Reynsla af stefnumótandi áætlanagerð
- Geta til að taka þátt í og stjórna breytingum, teymisstarfi og umbótaverkefnum
- Frumkvæði og ríkir skipulagshæfileikar
- Sjálfstæð vinnubrögð og færni í samskiptum

Verkefnastjóri á Eldvarnasviði

Verkefnastjóri á Eldvarnasviði hefur m.a. umsjón með úttektum stofnunarinnar á brunavörnum og eldvarnaeftirliti, gerð leiðbeininga ásamt því að hafa umsjón með viðhaldi gagnagrunna um slík málefni. Verkefnastjóri aðstoðar einnig við gerð verkefnaáætlana og árangursmælingar fyrir Mannvirkjastofnun í heild.

Helstu verkefni:

- Ráðgjöf til stjórnvalda um brunaöryggi mannvirkja
- Ráðgjöf um brunatæknileg málefni til almennings
- Gerð leiðbeininga vegna verkefna sviðsins
- Mat á brunahönnun og brunatæknilegum lausnum
- Gerð verkefnaáætlana og árangursmælingar fyrir Mannvirkjastofnun

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði bygginga eða brunavarna s.s. tæknifræði eða verkfræði er skilyrði
- Reynsla af hönnun, framkvæmdum eða eftirliti á eldvarnasviði
- Menntun og reynsla á sviði verkefnastjórnunar er kostur
- Frumkvæði og ríkir skipulagshæfileikar
- Sjálfstæð vinnubrögð og færni í samskiptum



Nánari upplýsingar veita:

Guðmundur Gunnarsson, gg@mvs.is
Inga S. Arnardóttir, inga@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 30. október nk.

Sækja skal um starfið rafrænt í gegnum tengil sem má finna á hagvangur.is, mannvirkjastofnun.is og í auglýsingu stofnunarinnar á Starfatorgi.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

Starfshlutföll eru 100% og eru konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um störf.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

365 óskar eftir góðu fólki

MARKAÐSRÁÐGJAFI ÚTVARPSAUGLÝSINGA

365 auglýsir eftir duglegum, jákvæðum og hugmyndaþríkum einstaklingi með reynslu af auglýsingasölu.

Helstu kröfur:

- Reynsla af sölumennsku er skilyrði
- Sjálfstæði í starfi og hæfni til að vinna í hópi
- Rík þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæð vinnubrögð
- Þekking á íslensku viðskiptalífi
- Góð almenn tölvukunnátta

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á: www.365.is undir „laus störf“.

365 hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til og með 30. október 2017. Stefnt er að því að umsækjandi hefji störf sem fyrst.

365 er framsækið fjölmiðla- og fjarskipta fyrirtæki sem veitir lífandi og upplýsandi þjónustu við landsmenn, 365 daga ársins. 365 starfar á öllum sviðum fjölmiðlunar; sjónvarps- og útvarpsrekstri, blaðaútgáfu og vefmiðlun, auk þess að bjóða fjarskiptaþjónustu, bæði net og farsíma.

Félagið á auk þessa Midi.is sem annast miðasölu á mannfagnaði og viðburði, svo sem á leiksýningar, tónleika, kvikmyndasýningar, íþróttaleiki og fleira. Hjá 365 starfa um 410 manns.

365

VIÐSKIPTAGREIND BUSINESS INTELLIGENCE (BI)

1912 ehf. leitar að metnaðarfullum sérfræðingi í viðskiptagreind.

HELSTU VERKEFNI

- Uppbygging og rekstur á vöruhúsi gagna
- Þátttaka í þróun á áætlunarferlum
- Rauntímaeftirlit
- Gagnagreining
- Þátttaka í innleiðingu og uppsetningu upplýsingatæknikerfa
- Utanumhald og rekstur á vöruhúsa- og aksturstýringakerfum
- Önnur verkefni á fjármálasviði

MENNTUNAR- & HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun í tölvunarfræði, verkfræði eða viðskiptafræði
- Reynsla af sambærilegum verkefnum
- Þekking á viðskiptagreind og uppbyggingu gagnavöruhúsa
- Mikil greiningar-, skipulags- og samskiptahæfni
- Frumkvæði og drifkraftur

Um er að ræða fullt starf. **Umsóknarfrestur er til 22. október nk.** Frekari upplýsingar um starfið veitir María Arthúrsdóttir fjármálastjóri, maria.arthursdottir@1912.is.

Áhugasamir geta farið á www.1912.is og sótt um starfið.

Greina skal frá menntun, fyrri störfum og tekin fram sú reynsla sem umsækjandi telur að muni gagnast sér í starfi. Umsjón með ráðningu hefur Hildur Erla Björgvinsdóttir mannauðsstjóri. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



Nathan & Olsen hf



Klettagarðar 19 | 104 Reykjavík | +354 530 8400 | www.1912.is



1912 er móðurfyrirtæki Nathan & Olsen og Ekrunnar sem eru leiðandi fyrirtæki á íslenskum matvæla- og dagvörumarkaði. Meginmarkmið fyrirtækjanna í mannauðsmálum er að hafa ánægt og árangursdrifið starfsfólk með skýra ábyrgð og góða fagþekkingu.

Til að vísa okkur veginn höfum við eftirtalin gildi að leiðarljósi:

Frumkvæði – Líðsheild – Áreiðanleiki – Ástríða.



VIÐ ERUM AÐ LEITA AÐ KRAFTMIKLUM VERKEFNASTJÓRA

Hlutverk Póstsins er að veita áreiðanlega þjónustu fyrir fyrirtæki og einstaklinga á sviði dreifingar-, samskipta- og flutningalausna. Framtíðarsýn Íslandspósts er að fyrirtækið verði nýjunga- og tæknidrifið fyrirtæki sem svarar síbreytilegum þörfum viðskiptavina.

Verkefnastjóri óskast

Pósturinn leitar að öflugum verkefnastjóra til að stýra innleiðingum verkefna vegna nýrrar Persónuverndarlöggjafar. Verkefnastjóri mun einnig sjá um verkefnastjórn á öðrum verkefnum og vera með eftirlit á framkvæmd þeirra. Verkefnastjóri er staðsettur í skipuriti í verkefnastofu sem heyrir beint undir forstjóra. Um er að ræða krefjandi og fjölbreytt framtíðarstarf.

Menntun og reynsla

- Háskólagráða í verkefnastjórnun eða háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Reynsla af verkefnastjórnun.
- Þekking á LEAN straumlínustjórnun er kostur.
- Þekking á gæðastjórnun er kostur.

Hæfniskröfur

- Góð almenn tölvukunnátta.
- Mjög góð færni í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæð, öguð og nákvæm vinnubrögð.
- Frumkvæði og metnaður í starfi.
- Hæfni í miðlun upplýsinga í töluðu og rituðu máli.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í töluðu og rituðu máli.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veitir Ása Dröfn Fox Björnsdóttir, í síma 580-1000 eða í netfangi asadrofn@postur.is.



Pósturinn hlaut Gullmerki jafnlaunaúttektar PwC árið 2016. Pósturinn leggur mikla áherslu á jafna stöðu kynjanna og er það mikilvæg staðfesting á því að vel sé staðið að jafnréttismálum hjá fyrirtækinu og að mikið sé lagt upp úr því að tryggja að allir fái jöfn tækifæri og eigi þann kost að vaxa og dafna í starfi á eigin verðleikum.

Umsóknarfrestur:
29. október 2017

Starfsumsóknir:
www.postur.is



Framtíðarstörf

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) vill ráða starfsfólk til að sinna slökkvistarfi og/eða sjúkraflutningum. Um framtíðarstörf er að ræða og þeir sem eru ráðnir munu fá nauðsynlega menntun og þjálfun til að sinna starfinu. Allir starfsmenn verða að vera reiðubúnir að vinna vaktavinnu.

Við erum að leita að einstaklingum sem vilja láta gott af sér leiða og hafa áhuga á að tilheyra öflugum liði sem hefur það hlutverk að sinna útkallsþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Við viljum gjarnan sjá fleiri konur í liðinu og æskilegt er að umsækjendur séu ekki eldri en 28 ára vegna kröfu um eðlilega endurnýjun í liðinu.

Umsóknarfrestur er til 5. nóvember og nánari upplýsingar um hæfniskröfur og umsóknarferlið í heild sinni má finna á heimasíðu SHS (www.shs.is).

Kynningarfundur verður haldinn fyrir umsækjendur á slökkvistöðinni í Hafnarfirði, Skútahrauni 6, þann 26. október nk. kl. 17:00.

Nánari upplýsingar veita Ingibjörg Óðinsdóttir mannauðsstjóri í síma 528 3122 og Elías Nielsson íþróttapjálfari í síma 528 3000.



Slökkvilið
höfuðborgarsvæðisins

www.shs.is

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins – Skógarhlíð 14 – S: 528 3000 – www.shs.is



FINANCIAL MANAGER - INNOVA

Marel is seeking a Financial Manager of Innova Food Processing Software. The manager will contribute to the execution and development of short and long-term strategy for Innova. The manager will participate in management decision making, risk analysis, performance management, strategy and business development, while ensuring governance and compliance.

The Financial Manager is responsible for planning, implementing, managing and controlling all operational and financial reporting of Innova (software P&L).

Innova is Marel's food processing software serving fish, meat and poultry processors. Innova enables processors to maximize yield and throughput, conform to quality standards and ensure food safety, with traceability built into every process step. Innova is a fast growing part of Marel's business with over 160 employees worldwide.

Requirements

- Bachelor's and/or Master's degree in finance, business, economics or equivalent
- Strong experience in finance controlling, forecasting and planning
- Minimum 5 years experience in a financial position at a similar level in an international environment
- Strong analytical and financial skills and knowledge of operational excellence principles
- Good communication skills and ability to work in a team

For further information about the job please contact Hulda Björk Halldórsdóttir, HR Manager Commercial, hulda.halldorsdottir@marel.com. Please submit your application no later than October 25, 2017. Applications are accepted through the Marel website: marel.is/jobs.

Marel is an international technology company with about 5,100 employees, 600 of which are located in Iceland. Marel is the leading global provider of advanced processing systems and services to the poultry, meat and fish industries. We place a rich emphasis on innovation and advancement in everything we do. That is why we want to employ strong people that are driven by new challenges every day. We offer a great working environment, effective training, flexible work hours, a fantastic canteen, facilities for exercise and good employee morale.





Sérfræðingur á þjónustu- og upplýsingasviði

Fiskistofa óskar eftir að ráða metnaðarfullan og árangursdrifinn sérfræðing til starfa í höfuðstöðvar Fiskistofu á Akureyri. Um er að ræða fullt starf og er stefnt að ráðningu frá áramótum.

Mannauður Fiskistofu er grunnstoðin í starfsemi hennar og er lögð mikil áhersla á starfsþróun, teymisvinnu og þekkingarmiðlun.

Helstu verkefni:

- Utanumhald og úrvinnsla á upplýsingum um byggðakvóta, strandveiðar og grásleppuveiðar.
- Eftirlit og uppfærsla á skipaskrá Fiskistofu.
- Frágangur og úrvinnsla á umsóknum sem varða fiskveiðikerfið.
- Útgáfa veiðileyfa.
- Eftirlit með umframafla og viðbrögð við honum.
- Úrlausn mála sem varða millifærslur á kvóta.

Menntun- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi, háskólamenntun kostur.
- Mjög góð tölvukunnátta nauðsynleg, sér í lagi Excel-kunnátta.
- Góð samskiptahæfni, jákvætt viðhorf og geta til að starfa í hópi.
- Góð skipulagshæfni, frumkvæði sem og geta til að vinna sjálfstætt.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.
- Góð afköst og vönduð vinnubrögð.
- Þekking á sjávarútvegi er kostur.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hildur Ösp Gylfadóttir mannauðs- og fjármálastjóri eða Þorsteinn Hilmarsson, sviðsstjóri þjónustu- og upplýsingasviðs í síma 5697900.

Umsókn sem inniheldur ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir hæfni viðkomandi í starfið sendist á netfangið starf@fiskistofa.is merkt „Sérfræðingur á Akureyri“

Umsóknarfrestur er til og með 30. október 2017.

Laun taka mið af kjarasamningi ríkisins við viðkomandi stéttarfélag.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, með vísan til 3. tl. 2. mgr. 2. gr. regla nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Fiskistofa er þjónustu- og eftirlitsstofnun með sex starfsstöðvar um land allt og eru höfuðstöðvar á Akureyri. Stofnunin annast stjórnsýslu á sviði sjávarútvegs og lax- og silungsveiði ásamt því að safna og vinna úr upplýsingum um þá málaflokka. Nánari upplýsingar um Fiskistofu má finna á www.fiskistofa.is.

Læknisfræðileg myndgreining (Röntgen Domus) auglýsir stöðu móttökuritara lausa til umsóknar

Um er að ræða fjölbreytt starf á líflegum og skemmtilegum vinnustað þar sem samheldinn og þéttur hópur starfsmanna vinnur að sameiginlegu markmiði.

Reynsla af þjónustu og nám í móttökuritun er kostur. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst eða eftir samkomulagi.

Umsókn og frekari upplýsingar sendist á netfangið ragga@rd.is. **Umsóknarfrestur er til og með 22. október nk.**

Röntgen Domus | Sími 551-9333 – www.rd.is

Blaðamaður

Viðskiptablaðið óskar eftir blaðamanni í fullt starf á ritstjórn blaðsins.

Helstu verkefni:

- Skrif á vefinn vb.is og í Viðskiptablaðið

Hæfniskröfur:

- Reynsla af blaðamennsku æskileg
- Þekking og áhugi á viðskiptum skilyrði
- Háskólamenntun, s.s. á sviði hagfræði, viðskipta eða lögfræði æskileg
- Geta til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Frumkvæði, sjálfstæði, metnaður og öguð vinnubrögð eru nauðsynlegir eiginleikar

Hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til og með 23. október nk.

Umsókn þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Umsóknir sendist á starfsumsokn@vb.is.

Viðskiptablaðið

365 óskar eftir góðu fólki

LANDSBYGGÐARBLAÐAMAÐUR Á FRÉTTABLAÐIÐ

VILTU SLÁST Í HÓP ÖFLUGUSTU FRÉTTAMANNA LANDSINS?

Fréttablaðið óskar eftir

blaðamönnum búsettum á:

- Suðurlandi
- Vestfjörðum
- Austurlandi

Umsækjandi þarf:

- að hafa góða þekkingu á íslensku samfélagi og brennandi áhuga á málefnum líðandi stundar
- að hafa gott vald á íslenski tungu
- að vera fær í mannlegum samskiptum
- að geta unnið undir álagi

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á **Sunnu Karen Sigurþórsdóttur í gegnum netfangið sunnak@365.is**

Reynsla af fréttamennsku er skilyrði.

365 er framsækið fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtæki sem veitir lífandi og upplýsandi þjónustu við landsmenn, 365 daga ársins. 365 starfar á öllum sviðum fjölmiðlunar; sjónvarps- og útvarpsrekstri, blaðaútgáfu og vefmiðlun, auk þess að bjóða fjarskiptaþjónustu, bæði net og farsíma.

Félagið á auk þessa Midi.is sem annast miðasölu á mannfagnaði og viðburði, svo sem á leiksýningar, tónleika, kvikmyndasýningar, íþróttaleiki og fleira. Hjá 365 starfa um 400 manns.

365

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífnum og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

www.capacent.is



„Heildarlengd lagnanna okkar er svipuð vegalengdinni frá Reykjavík til Sochi í Rússlandi – fram og til baka.“

Hefur þú áhuga á stjórnkerfum?

Okkur vantar **sérfræðing á sviði stjórnkerfa** á lifandi og kraftmiklum vinnustað.

Sérfræðingar í stjórnstöð mynda teymi sem gegnir lykilhlutverki í rekstri og þróun stjórnkerfa. Meðal helstu verkefna er umsjón með rekstri og forritun stýrivéla og skjákerfa, samskipti við ráðgjafa og verktaka ásamt þátttöku í stefnumótun og hönnun. Starfið er fjölbreytt og krefjandi og byggir á samvinnu við önnur teymi.

Metnaður, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð eru eiginleikar sem reynir á í þessu starfi. Ef þú býrð yfir slíkri færni, ert með **próf í verk-, tæknifræði eða sambærilegu og hefur reynslu af forritun stjórnkerfa**, viljum við heyra í þér.


Við tökum á móti umsóknum á www.veitur.is þar sem nánari upplýsingar um starfið er að finna. Frekari aðstoð veitir Ellen Ýr Aðalsteinsdóttir mannauðsráðgjafi í netfanginu starf@veitur.is.

Umsóknarfrestur er til og með 24. október.

Við tökum jafnréttið alvarlega og viljum hafa fjölbreyttan hóp starfsmanna. Því hvetjum við jafnt **konur sem karla** til að sækja um.

Hjá Veitum er frábær starfsandi, mikil ánægja með stjórnendum og allur aðbúnaður fyrsta flokks. Við leggjum mikla áherslu á jafnvægi vinnu og einkalífs, sí- og endurmenntun og möguleika til að vaxa í starfi.

Rekstraröryggi og hagkvæmni í rekstri eru leiðarljós í öllum störfum okkar. Við leggjum áherslu á að byggja upp góðan hóp fagfólks sem annast rekstur og viðhald veitukerfanna. Hjarta þeirra er í stjórnstöðinni þar sem starfsmenn okkar gegna mikilvægu hlutverki við að halda viðskiptavinum okkar **í sambandi – alla daga**.



Kynntu þér vinnustaðinn Veitur á veitur.is og á Facebook



Verkstjóri



FAGMENN
ÖRYGGI
FRAMSÝNI

Starf verkstjóra við þjónustustöð Vegagerðarinnar á Höfn í Hornafirði er laust til umsóknar. Um 100% starf er að ræða. Verkstjóri hefur umsjón og eftirlit með verkefnum á þjónustustöð á Höfn og sér til þess að þau séu unnin í samræmi við markmið Vegagerðarinnar.

Starfssvið

- Almenn þjónusta og viðhald vega sem og vegbúnaðar á svæði þjónustustöðvar á Höfn
- Viðhald og þjónusta á malarvegum og bundnu slitlagi
- Umsjón með lagerhaldi og áhaldahúsi
- Eftirlit og stjórnun verkefna í sumarþjónustu
- Samskipti við verktaka
- Eftirlit í vetrarþjónustu með færð á vegum, upplýsingagjöf og stjórnun snjómoksturs í samvinnu við yfirverkstjóra og vaktstöð Vegagerðarinnar
- Samskipti og eftirlit með verkþöfum í vetrarþjónustu

Menntunar- og hæfniskröfur

- Almenn menntun
- Reynsla af stjórnun
- Verkstjórnarnámskeið er æskilegt
- Vinnuvélaréttindi
- Meirapróf
- Góð íslenskukunnátta
- Góð tölvukunnátta
- Starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í hóp



Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum og í samræmi við starfsmannastefnu Vegagerðarinnar eru konur með tilskyldar hæfniskröfur sérstaklega hvattar til að sækja um starfið.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 30. október 2017. Umsóknir berist Vegagerðinni á netfangið starf@vegagerdin.is. Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt upplýsingum um þá menntun og hæfni sem óskað er.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Reynir Gunnarsson rekstrarstjóri á þjónustustöðinni á Höfn í síma 522 1991 og í gegnum netfangið reynir.gunnarsson@vegagerdin.is og Davíð Þór Sigfússon byggingafræðingur í síma 522 1945 og í gegnum netfangið david.th.sigfusson@vegagerdin.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Hertz

VIÐ LEITUM AÐ STARFSMÖNNUM Á VERKSTÆÐI OKKAR

3 störf eru í boði.

**Eitt er á Keflavíkurflugvelli,
unnið er eftir vaktakerfi þar 2,2,3 frá 8-18.**

**Annað í Selhelli 5, 221 Hafnarfirði.
Unnið er virka daga milli 8-18.**

**Þriðja á Flugvallarvegi 5, 101 RVK.
Unnið er eftir vaktakerfinu 2,2,3
milli 7.45-18.45.**

**Helstu verkefni eru smur, dekk og
minniháttar viðgerðir á bílum.**

HÆFNISKRÖFUR:

**Reynsla af sambærilegu starfi
Geta unnið sjálfstætt
Frumkvæði
Minniháttar tölvukunnátta**

**Viðkomandi þarf að geta hafið
störf sem fyrst.
Áhugasamir mega senda umsókn
á atvinna@hertz.is**

Vilt þú stýra einu af flaggskipum íslenskrar ferðaþjónustu?

Frábært tækifæri fyrir kraftmikinn og skapandi stjórnanda.

Við leitum að hóteltjóra fyrir Icelandair hótél Akureyri. Það er eitt af glæsilegustu hótélum landsins með tæplega eitt hundrað fallega innréttuð herbergi auk þess að státa af Aurora, fyrsta flokks veitingastað og vinsælum bar.

Umsóknarfrestur er til 24. október 2017.

Nánari upplýsingar og hæfniskröfur eru á www.icelandairhotels.com/atvinna

Icelandair hótél eru leiðandi keðja gæðahótela á Íslandi og reka nú alls 21 hótél undir fjórum ólíkum vörumerkjum: Icelandair Hotels, Eddu hótelin, Hilton Reykjavík Nordica og Canopy Reykjavík. Hjá félaginu starfa rösklega 800 manns.

Icelandair Hotels

www.icelandairhotels.com



Krefjandi störf á góðum vinnustað

Ríkisskattstjóri er í fararbroddi innleiðingar rafrænnar stjórnsýslu. Helstu verkefni embættisins eru álagning opinberra gjalda, skatteftirlit og að halda lögbundnar skrár en að auki er embættinu falið að sinna ýmsum sérverkefnum.

Vinnustaðurinn er fjölmennur og dreifist starfsemin um landið. Meginstefna ríkisskattstjóra í mannauðsmálum byggir á gagnkvæmu trausti, tillitssemi og virðingu á milli stofnunar og starfsmanna og starfsmanna sín í milli. Ríkisskattstjóri er þátttakandi í eins árs tilraunaverkefni um styttingu vinnuvikunnar.

Nú er tækifæri fyrir jákvæða og öfluga einstaklinga til að bætast í kröftugan hóp starfsmanna embættisins því nokkur störf eru laus til umsóknar. Grunnkröfur fyrir öll störfín eru:

- Frumkvæði og metnaður
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Fáguð framkoma og lipurð í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og þjónustulund
- Geta til að vinna undir álagi
- Góð almenn tölvukunnátta

■ Fyrsta íbúð – Reykjavík/Akureyri

Frá og með 1. júlí 2017 tók gildi ný heimild til ráðstöfunar séreignar-sparnaðar ætluð einstaklingum sem kaupa sér íbúðarhúsnæði í fyrsta skipti. Samkvæmt lögunum hefur ríkisskattstjóri með höndum umsóknarferli, úrvinnslu og eftirlit með útgreiðslu iðgjalda. Um talsvert viðamikið verkefni er að ræða og því eru tvö störf við framkvæmdina nú laus til umsóknar.

Frekari hæfnikröfur

- Viðeigandi háskólamenntun, t.d. á sviði viðskiptafræði eða lögfræði
- Þekking á málsmeðferðarreglum æskileg
- Gott vald á íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli

■ Skatteftirlit - Reykjavík

Helstu verkefni eru að yfirfara gögn og upplýsingar um skattskil lögaðila og einstaklinga í þeim tilgangi að greina möguleg skattundanskot og vantalda skattstofna, ásamt því að endurákvæða opinber gjöld.

Frekari hæfnikröfur

- Viðeigandi háskólamenntun, t.d. á sviði viðskiptafræði eða lögfræði
- Þekking á reikningskilum, málsmeðferðarreglum og almennri skattframkvæmd æskileg
- Gott vald á íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli

■ Hugbúnaðarþróun - Reykjavík

Í undirbúningi er innleiðing nýrra upplýsingakerfa og þróun og endurbætur á eldri kerfum. Leitað er liðsauka til starfa við slík verkefni og eiga samskipti við samstarfsaðila vegna verkefna við skattframkvæmd.

Frekari hæfnikröfur

- Menntun á sviði tölvunarfræði eða verkfræði
- Góð þekking á upplýsingatæknimálum
- Þekking og reynsla í forritun (C#, Oracle) er kostur
- Reynsla og hæfni í verkefnastjórnun er kostur

■ Virðisaukaskattur - Reykjavík

Starfið felst einkum í vinnu við framkvæmd virðisaukaskatts, s.s. mati á tilkynningum um atvinnurekstur, úrvinnslu umsókna, frumálagningu, endurálagningu og bréfaskrifum.

Frekari hæfnikröfur

- Háskólamenntun á sviði lögfræði, viðskiptafræði eða hagfræði
- Gott vald á íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli

■ Þjónustuver - Akureyri

Þjónustuver ríkisskattstjóra er á starfsstöðinni á Akureyri. Helstu verkefni eru upplýsingagjöf um skattamál og símaþjónusta.

Frekari hæfnikröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Gott vald á íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli

Umsóknir skulu fylltar út á rsk.is/starf eða á Starfatorgi. Ferilskrá sem inniheldur ítarlegar upplýsingar m.a. um menntun, fyrri störf, umsagnaraðila og annað er máli skiptir þarf að fylgja með svo umsókn teljist fullnægjandi. Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélag.

Umsóknarfrestur er til og með 30. október 2017 og verður öllum umsóknum svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningar. Upplýsingar um störfín veita Inga Hanna Guðmundsdóttir og Birgitta Arngrímsdóttir í síma 442 1000.

Má bjóða þér sæti?

Við leitum að öflugum bifreiðastjórum í fjölbreyttar og skemmtilegar ferðir um landið á nýlegum Mercedes Benz hópferðabifreiðum. Um er að ræða bæði hlutastörf og 100% stöðu.

Hvetjum konur jafnt sem karla til þess að sækja um.



Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni:

- Akstur og umhirða hópferðabifreiða.
- Þjónusta við farþega.
- Vinna eftir öryggis- og gæðastöðlum fyrirtækisins.

Hæfniskröfur:

- Gilt ökuskrifteini, aukin ökuréttindi D.
- Gilt ökuritakort.
- Hreint sakavottorð.
- Reynsla af akstri hópferðabifreiða æskileg.
- Rík hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund.
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og jákvæðni.
- Snyrtimennska, stundvísi og samviskusemi.
- Íslensku- og enskukunnátta.

Umsóknarfrestur er til og með 17. nóvember 2017.

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á <https://gjtravel.rada.is>. Með umsóknum þarf að fylgja ferilskrá og kynningarbréf. Nánari upplýsingar um starfið veitir Már Þorvarðarson í síma 520 5240 eða í tölvupósti á netfangið starf@gjtravel.is.

Guðmundur Jónasson ehf er eitt af elstu ferðaþjónustufyrirtækjum landsins. Fyrirtækið rekur öfluga ferðaskrifstofu og gerir út fjölda hópferðabifreiða. Hjá fyrirtækinu starfar samhentur hópur starfsfólks með breiða þekkingu og mikla reynslu af ferðaþjónusturekstri



BAADER-MANN vantar á Kleifaberg

Brim hf óskar eftir að ráða Baader-mann á Kleifaberg RE-70 í næsta túr sem hefst miðvikudaginn 18. október n.k. Um framtíðarstarf er að ræða fyrir góðan mann.

Nánari upplýsingar gefa:

Víðir Jónsson skipstjóri í síma 843-4266
Pálmi Hafþór Ingólfsson starfsmannastjóri í síma 849-0261

Heildverslunin Regalo ehf.

Óskar eftir starfskrafti á lager og útkeyrslu Vinnu tími er frá 9 til 17 alla virka daga.

Starfið felst í tiltekt vara og skipulagi á lager ásamt vörumótöku og útkeyrslu.

Hefur þú áhuga að slást í hópinn hjá okkur?

Sendu okkur umsókn á netfangið umsoknir@regalo.is



www.regalo.is

FRAMTÍÐARSTÖRF Á ÖLLUM ÞJÓNUSTU-STÖÐVUM OLÍS

Störfin fela í sér almenna afgreiðslu, áfyllingar vöru, vörumóttöku, þrif, þjónustu við viðskiptavini og annað tilfallandi.

Hæfniskröfur

- Snyrtimennska og reglusemi
- Jákvæðni, dugnaður, þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum

Í boði eru fjölbreytt störf í góðu starfsumhverfi. Starfsmenn njóta góðra afsláttarkjara og styrks til heilsueflingar.

Umsóknir á olis.is

Umsóknarfrestur er til 22. október.

VIÐ LEITUM AÐ TRAUSTU STARFSFÓLKI



Hjá Olís er lögð áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, stuðning til náms og heilsueflingar, heiðarleika í samskiptum, snyrtimennsku og fagleg vinnubrögð.



Vinur við veginn

Visionær og ambitiøs centerdirektør til Steno Diabetes Center Aarhus

Er du visionær, initiativrig og har strategisk ledelseserfaring samt internationalt udsyn? Brænder du for at etablere, udvikle og drive Steno Diabetes Center Aarhus (SDCA) til gavn for patienter og personale?

Region Midtjylland etablerer pr. 1. januar 2018 med midler fra Novo Nordisk Fonden, Steno Diabetes Center Aarhus. Ambitionen er at etablere et internationalt førende diabetescenter, i Region Midtjylland.

Som centerdirektør får du hovedansvaret for etableringen og udviklingen af SDCA. Du skal være med til at skabe rammerne for udvikling af såvel forskning som klinisk aktivitet?

Du skal have en sundhedsvidenskabelig eller anden relevant akademisk uddannelse og have forståelse for politisk ledede organisationer. Du taler et skandinaviske sprog.

Se mere på midtjob.dk.

Ansøgningsfrist 30. oktober kl. 12.00

Søg et job med hjerne og hjerte på midtjob.dk



Knattspyrnufélagið Fram óskar eftir að ráða bókara á skrifstofu félagsins.

Um 50% starfshlutfall er að ræða

Starfslýsing:

- Færsla bókhalds
- Launavinnsla
- Afstemmingar og frágangur á bókhaldi til uppgjörs
- Aðstoð við innri úttektir og eftirlit
- Innkaup á rekstrarvörum

Hæfniskröfur :

- Viðtæk reynsla af bókhaldi og launavinnslu
- Góð almenn tölvukunnátta
- Reynsla af sambærilegum störfum
- Nákvæm og vönduð vinnubrögð
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum

Knattspyrnufélagið Fram óskar eftir að ráða verkefnastjóra á skrifstofu félagsins.

Um 100% starfshlutfall er að ræða en launakjör að hluta til byggð á árangursþóknun

Starfslýsing:

- Verkefnastjórnun fyrir deildir félagsins
- Samningagerð
- Markaðssetning og skipulag auglýsinga og styrktarmála
- Aðstoð við skipulagningu á íþróttastarfi
- Innheimta og aðstoð við æfingagjöld
- Almenn skrifstofustörf

Hæfniskröfur :

- Menntun sem nýtist í starfi
- Rekstrarþekking
- Reynsla og þekking úr íþróttastarfi
- Nákvæm og vönduð vinnubrögð
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum

Áhugasamir vinsamlega sendið umsókn rafrænt ásamt starfsferilsskrá til framkvæmdastjóra Fram ludvik@fram.is fyrir **mánudaginn 30. október**, sem jafnframt veitir nánari upplýsingar um starfið.



Umsjónarmaður í vöruhúsi Distica – Suðurhrauni

Distica vill ráða drifandi og duglegan starfsmann í stöðu umsjónarmanns vöruhúss félagsins í Suðurhrauni. Um er að ræða 9 manna vinnusvæði í örum vexti.

Umsjónarmaður sér um daglegan rekstur og þarf að vera gæddur leiðtogafileikum, hafa reynslu af því að stjórna fólki og metnað til að gera vel. Hann þarf að geta unnið undir álagi og vera frábær í mannlegum samskiptum. Umsjónarmaður heyrir undir deildarstjóra vöruhúsa og er hluti af stjórnunarteymi vöruhúsa Distica.

■ HELSTU VERKEFNI

- Ábyrgð á daglegum rekstri vöruhússins
- Dagleg stjórnun starfsmanna og umsjón með starfsmannamálum
- Framkvæmd og skilgreining umbótaverkefna
- Samskipti við viðskiptavinum, umþjófendur og þjónustuaðila
- Gerð og framfylgni rekstraráætlunar
- Þátttaka í stjórnendateymi vöruhúsa Distica.

■ MENNTUN OG HÆFNISKRÖFUR

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla og þekking á starfssemi vöruhúsa er skilyrði
- Reynsla af verkstjórn og/eða annars konar stjórnun er skilyrði
- Framúrskarandi samskiptahæfni og skipulagshæfileikar
- Góð tölvukunnátta er skilyrði og þekking á vöruhúsakerfum og NAV er mikill kostur
- Greiningarhæfni og umbótahugsun

Umsóknarfrestur er til og með **27. október**.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið í gegnum ráðninga-vef á heimasíðu Distica (www.distica.is).

Umsókn um starfið þarf að fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar um starfið veita:

- BIRGIR HRAFN HAFSTEINSSON, DEILDARSTJÓRI VÖRUHÚSA
☎ 861 8168 | birgir@distica.is
- VILBORG GUNNARSDÓTTIR, MANNAUÐSSTJÓRI
☎ 824 7136 | vilborg@distica.is

Distica sérhæfir sig í dreifingu á lyfjum, heilsuvörum, neytendavörum og vörum fyrir heilbrigðisþjónustu og rannsóknarstofur. Fyrirtækið er með um 70% markaðshlutdeild í lyfjadreifingu á Íslandi. Nánar á www.distica.is.

GILDI DISTICA ERU
ÁREIDANLEIKI, HREINSKIPTNI
OG FRAMSÆKNI



Medical Advisor

Vistor óskar eftir að ráða í stöðu Medical Advisor. Um er að ræða nýtt og krefjandi starf fyrir metnaðarfullan einstakling.

■ HELSTU VERKEFNI

- Koma á og hafa umsjón með vísindalegu samstarfi og samskiptum við m.a. viðskiptavinum, yfirvöld, markaðsleyfishafa og dreifingaraðila.
- Greina og miðla upplýsingum um klínískar rannsóknir í tengslum við þróun lyfja.
- Áætlunargerð og eftirfylgni.

■ MENNTUN OG HÆFNISKRÖFUR

- Læknisfræðimenntun, doktor í raunvísindum, master í lyfjafræði eða sambærileg háskólamenntun.
- Framhaldsmenntun á sviði viðskipta er kostur.
- Mjög góð hæfni í samskiptum og framsögutækni.
- Sjálfstæð vinnubrögð en jafnframt framúrskarandi hæfni í teymisvinnu og að leiða teymi.
- Mjög góð enskukunnátta.
- Reynsla af verkefnastjórnun.

Umsóknarfrestur er til og með **31. október nk.**

Sótt er um starfið í gegnum ráðninga-vef á heimasíðu Vistor (www.vistor.is).

Óskað er eftir ítarlegri ferilsskrá ásamt stuttri greinargerð þar sem fram kemur ástæða þess að sótt er um starfið og rökstuðningur fyrir því hvers vegna viðkomandi telur sig hæfan til að gegna því.

Nánari upplýsingar um starfið veita:

- GUNNUR HELGADÓTTIR, FRAMKVÆMDASTJÓRI
☎ 824 7160 | gh@vistor.is
- VILBORG GUNNARSDÓTTIR, MANNAUÐSSTJÓRI
☎ 824 7136 | vilborg@vistor.is

Vistor hf. er leiðandi fyrirtæki á sviði markaðssetningar á lyfjum, heilsuvörum og dýraheilbrigðisvörum á Íslandi.

GILDI VISTOR ERU
ÁREIDANLEIKI, HREINSKIPTNI
OG FRAMSÆKNI



súpa

Súpubarinn er að leita að starfsfólki sem getur hafið störf sem fyrst.

Við erum að leita að starfsfólki í afgreiðslu í Borgartúni 26 og Bergstaðastræti 4 í:

- 50% starf frá kl. 10-14 eða 11-15.
- 100% starf frá kl. 8-20 með breytilegar vaktir.
- helgar og kvöld starfsfólki

Peir eiginleikar sem við kunnum best að meta eru:

- orka og útgeislun
- almenn starfsgleði
- áhugi á hollum mat
- að geta höndlað álagspunkta
- að hafa langa reynslu af heimilisstörfum
- reynsla úr veitingabransanum

Umsækjendur eru hvattir til að sækja um sem fyrst hjá rakel@supa.is



ÓSKUM EFTIR AFGREIÐSLUFÓLK Í BAKARÍÐ HJÁ JÓA FEL

Bakaríð hjá Jóa Fel óskar eftir að ráða afgreiðslufólk í fullt starf.

Unnið er á tvískiptum vöktum og aðra hvora helgi. Um framtíðarstarf er að ræða.

Einnig vantar okkur afgreiðslufólk í hlutastörf um helgar.

STARFSKRÖFUR:

- Stundvísi, áreiðanleiki og góð þjónustulund.
- Íslenskukunnátta er skilyrði

Umsóknum skal skilað til Lindu á linda@joifel.is

Holtagarðar - Smáralind - Garðabær - Hringbraut
www.joifel.is



Ert þú meistari í mannauðsmálum?

Arion banki leitar að öflugum mannauðsráðgjafa

Ráðgjafinn kemur til liðs við mannauðsdeild, en hlutverk hennar er að tengja saman fólk og ferla með upplifun viðskiptavina að leiðarljósi. Í einingunni starfar samstilltur og framsækinn hópur með skýra sýn og þekkingu á viðfangsefnum bankans. Mannauðsteymið veitir ráðgjöf og stuðning við val á starfsfólki, eflir hæfni, styður við starfsþróun auk þess að hvetja til stöðugra umbóta og aukinnar starfsánægju. Arion banki hefur skýra stefnu í jafnréttismálum og hefur verið jafnlaunavottaður síðan 2015.

Helstu verkefni

- Val og ráðningar nýs starfsfólks
- Gerð ráðningarsamninga og starfslýsinga
- Upplýsingagjöf og stuðningur við starfsfólk
- Þróun markmiða og mælikvarða í mannauðsmálum
- Verkefni tengd jafnlaunavottun
- Úrvinnsla tölfraeðigagna

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Starfsreynsla á sviði mannauðsmála
- Framhaldsmenntun í mannauðsstjórnun er æskileg
- Góð færni í Excel
- Þekking á jafnlaunavottun er kostur
- Framúrskarandi samskipta- og samvinnuhæfni
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Góð greiningarhæfni

Nánari upplýsingar veita Jökull H. Úlfsson, forstöðumaður mannauðs, jokull.ulfsson@arionbanki.is

Sótt er um starfið á arionbanki.is. Umsóknarfrestur er til og með 26. október nk. Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



Arion banki er líflegur og spennandi vinnustaður. Við vinnum með viðskiptavinum okkar að því að búa í haginn fyrir framtíðina. Við ræktum jákvæðan starfsanda og leggjum áherslu á að starfsfólk okkar þroskast og þróist í starfi með markvissri fræðslu og þjálfun. Straumlinustjórnun er hluti af daglegri menningu með stöðugum umbótum og samvinnu allra starfsmanna. Jafn réttur kvenna og karla til starfa er okkur hjartans máli og síðan árið 2015 höfum við árlega fengið Jafnlaunavottun VR. Saman látum við góða hluti gerast.



Arion banki
– fyrir framtíðina

Byggðastofnun óskar að ráða sérfræðing til starfa.

Byggðastofnun óskar eftir að ráða sérfræðing á þróunarsvið stofnunarinnar. Meginverkefni viðkomandi starfsmanns verður að sinna verkefninu Brothættar byggðir og gegna starfi landstengiliðar Norræna Atlantssamstarfsins (NORA) á Íslandi. Starfinu fylgja töluverð ferðalög.

Þá þarf viðkomandi að vera tilbúinn til að vinna að öllum þeim þáttum byggðamála sem þróunarsviðið sinnir en það eru fjölbreytt verkefni svo sem vinnsla byggðaaætlunar, skýrslugerð og úttektir á sviði byggðamála, samskipti við atvinnuþróunarfélög, starfræksla landsskrifstofa NPA og NORA og samskipti við ESPON, umsjón með AVS (rannsóknarsjóði í sjávarútvegi) og aflamarki Byggðastofnunar svo eitthvað sé nefnt.

Hæfniskröfur:

- Háskólanám sem nýtist í starfi.
- Reynsla af verkefnastýringu er kostur.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Frumkvæði og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Hæfileiki til að vinna sjálfstætt og eiga auðvelt með að koma fyrir sig orði munnlega og skriflega.
- Viðkomandi þarf að hafa vald á dönsku, norsku eða sænsku auk ensku.

Staðsetning starfsins er á Sauðárkróki. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja.

Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til 31. október nk. og skulu umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsreynslu sendar til Byggðastofnunar, Ártorgi 1, 550 Sauðárkróki eða á netfangið postur@byggdastofnun.is

Nánari upplýsingar veitir Snorri Björn Sigurðsson, forstöðumaður þróunarsviðs, snorri@byggdastofnun.is eða 895 8653

Byggðastofnun hefur það að markmiði að vera eftirsóknarverður vinnustaður fyrir hæfa og metnaðarfulla starfsmenn, konur jafnt sem karla. 25 manns starfa hjá stofnuninni sem hefur á að skipa vel menntuðu fólki með fjölbreytta reynslu. Þar sem karlar eru í meirihluta starfsmanna á þróunarsviði eru konur sérstaklega hvattar til að sækja um starfið.

Sauðárkrókur er einn öflugasti byggðakjarni landsbyggðarinnar. Þar er fjölbreytt og öflugt atvinnulíf. Fjölbreytt þjónusta er í boði, góðir skólar á öllum skólastigum, kröftugt menningarlíf og öflugt íþróttalíf. Boðið er upp á skóla á öllum skólastigum, frá leikskóla til háskóla. Í sveitarfélaginu Skagafirði búa um 4.000 manns.



BYGGÐASTOFNUN
Sími: 455 54 00 Fax: 455 54 99

postur@byggdastofnun.is
byggdastofnun.is

ÍSTAK

Framkvæmdagleði í fyrirrúmi

Ístak er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Ístak var stofnað árið 1970 og annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stóriðjuver, jarðvinnuverk, hafnarframkvæmdir, vega- og brúagerð auk flugvalla, enn fremur húsbýggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga. Ístak er dótturfélag Aarsleff Group sem er leiðandi verktaki með yfir 4.500 starfsmenn í ýmsum heimsálfum.



Öflugur verkefnastjóri og hönnuður, til að stýra framleiðslu steinsteypra eininga

Steypuskáli Ístaks hefur yfir að ráða fyrirtaks aðstöðu til framleiðslu á steiptum einingum. Leitað er að aðila sem getur útfært hönnun og haft yfirumsjón með framleiðslu eininga, í samvinnu við viðskiptavini, jafnt innan fyrirtækisins sem utan. Um er að ræða nýtt starf og mun viðkomandi aðili taka þátt í að móta starfsemi steypuskálans til framtíðar.

Helstu verkefni:

- Hönnun á steinsteyptum einingum.
- Umsjón með framleiðslu og gæðaeftirliti.
- Umsjón með rekstri steypuskála og áætlana.
- Útbúa teikningar og gögn til framleiðslu eininga.
- Gerð tilboða.

Hæfniskröfur:

- Byggingarverkfræði eða -tæknifræði.
- Þekking á framleiðslu steyptra eininga.
- Haldgóð reynsla af burðarþolshönnun.
- Góðir samskipta- og skipulagshæfileikar.
- Fagleg og sjálfstæð vinnubrögð.

Umsóknarfrestur er til og með 22. október. Kostur er ef viðkomandi getur hafið störf sem fyrst. Sótt er um starfið á www.istak.is/starfsumsókn/. Nánari upplýsingar veitir Ólöf Jóna Tryggvadóttir (olofj@istak.is) í síma 530 2705.

Ístak - Bugðufjótí 19 - 270 Mosfellsbær - Sími 530 2700 - www.istak.is



Hefur þú brennandi áhuga á að takast á við krefjandi starf hjá einu framsæknasta fyrirtæki landsins? Össur leitar að metnaðarfullum, jákvæðum og skipulögðum einstaklingi til að vinna í öflugum hópi.

VERKFRÆÐINGUR Á GÆÐASVIÐI

STARFSSVIÐ

- Greiningar á vörum og kvörtunum frá viðskiptavinum
- Samþætting vinnuferla og upplýsingagjafar milli deilda og starfstöðva Össurar erlendis
- Þróun greiningarbúnaðar og aðferða fyrir bilanagreiningar
- Upplýsingamiðlun og skýrslugerðir á niðurstöðum úr greiningum
- Umsýsla upplýsinga sem tengjast greiningum
- Stuðningur og samvinna við prófanir og úrlausnir á úrbótaverkefnum

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, BSc í tæknifræði, verkfræði eða skyldum greinum
- Reynsla af meðhöndlun vélbúnaðar og bilanagreiningum
- Reynsla í úrvinnslu gagna í Excel- og Pivot- töflum kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Mjög góð enskukunnátta

VERKEFNASTJÓRI Í VÖRUÞRÓUN

STARFSSVIÐ

- Verkefnastjórnun á sviði vöruþróunar í þverfaglegum verkefnateymum
- Gerð verkefnaáætlana og framfylgd þeirra
- Umsjón með skjölun og skjalastjórnun í verkefnum

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, BSc eða MSc í verkfræði, tæknifræði eða verkefnastjórnun
- Að minnsta kosti fimm ára starfsreynsla á sviði verkefnastjórnunar
- Leiðtogaþæfileikar
- Reynsla í Microsoft Project
- Mjög góð enskukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð

Umsóknarfrestur er til og með 22. október 2017.

Sótt er um starfið á vef Össurar, ossur.is/mannaudur. Athugið að velja viðeigandi starf.

Nánari upplýsingar veitir mannauðsdeild í síma 515 1300.



Össur er leiðandi alþjóðlegt fyrirtæki á sviði stoð- og stuðningstækja. Hjá félaginu starfa um 2800 manns í 20 löndum. Gildi félagsins eru: Heiðarleiki – Hagsýni – Hugrekki.



WWW.OSSUR.COM

Lifandi og skemmtilegt skrifstofustarf

Mekka Wines & Spirits leitar að skemmtilegum samstarfsfélaga. Í boði er tímabundin vinna við fjölbreytt skrifstofustarf, bæði í innheimtu, við fjárhagsbókun og ýmiss konar verkefni með stóskemmtilegum vinnufélögum og samstarfsaðilum.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Innheimta og gjaldkerastörf
- Samskipti við viðskiptavinum
- Bókhald og afstemmingar
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur:

- Reynsla sem nýtist í starfi og/eða menntun
- Frumkvæði og hæfni í mannlegum samskiptum
- Nákvæmni, samvirkusemi og skipulögð vinnubrögð
- Excel kunnátta nauðsynleg

Við bjóðum samkeppnishæf og árangurstengd laun.

Frábæra vinnuástöðu, hvetjandi vinnuumhverfi og skemmtilegan starfsanda.

Um er að ræða afleysingar út október 2018 og er því tilvalið tækifæri til auka við reynslu og þekkingu. Áhugasamir vinsamlega sendið inn ferilskrá (ásamt mynd) og kynningarbréf á netfangið umsokn@mekka.is. Umsóknarfrestur er til 20. október 2017.

 **Mekka Wines & Spirits**

Við leitum að þér ef þú...



ERT
NÁKVÆM/UR



HEFUR GÓÐA
ÞJÓNUSTULUND



HEFUR
BÓKHALDSREYNSLU



ERT LIPUR Í MANN-
LEGUM SAMSKIPTUM

Löggiltur fasteignasali

Rótgróin fasteignasala sem hefur mikil umsvif í fasteignasölu auglýsir eftir löggiltum fasteignasala til starfa.

Æskilegt er að viðkomandi hafi víðtæka reynslu af sölu- og leigumiðlun fasteigna, bæði íbúðar- og atvinnuhúsnæðis. Góð föst laun í boði.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf umsækjenda berist á netfangið box@frett.is merkt „Lögg. fast“ fyrir 27. október nk.



POLITICAL ASSISTANT

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu Political Assistant lausa til umsóknar. **Umsóknarfrestur er til og með 20 október 2017.** Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins: <https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/>

JAFNRÉTTISSTAÐA: Sendiráðið veitir jafnrétti í atvinnu til allra án tillits til kynþáttar, litar, trúarbragða, kyns, þjóðernis, aldurs, fötlunar, pólitískrar tengslar, hjúskaparstöðu eða kynhneigðar

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Political Specialist. The closing date for this position is **October 20, 2017.** Application forms and further information can be found on the Embassy's home page:

<https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/>
Please send your application and resumé to:
reykjavikvacancy@state.gov

EQUAL EMPLOYMENT OPPORTUNITY: The U.S. Mission provides equal opportunity and fair and equitable treatment in employment to all people without regard to race, color, religion, sex, national origin, age, disability, political affiliation, marital status, or sexual orientation



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið



Yfirverkfræðingur samgöngumála hjá samgöngustjóra

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar óskar eftir að ráða yfirverkfræðing samgöngumála á skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar. Unnið er að þróun samgangna út frá samþykktri stefnumörkun borgaryfirvalda og er nánari stefnumörkun, skipulag og undirbúningur verkefna næstu ára í þessum málaflokkum á ábyrgð skrifstofunnar. Yfirverkfræðingur samgöngumála er staðgengill samgöngustjóra. Skrifstofan er til húsa í Borgartúni 12-14.

Starfssvið

- Stefnumótun í samgöngumálum, samgönguskipulag í nýrri og eldri byggð, frumhönnun samgöngumannvirkja, gerð kostnaðaráætlana og eftirfylgni í hönnunarferli.
- Yfirumsjón með umferðaröryggisáætlun Reykjavíkur – mótun og framfylgd.
- Stjórn aðkeyprar vinnu ráðgjafa í hönnun og áætlanagerð.
- Þátttaka í starfs- og stýrihópum um samgönguskipulag og hönnun samgöngumannvirkja í samstarfi við embætti skipulagsfulltrúa, Vegagerðina, önnur sveitarfélög og fleiri aðila.
- Skýrslugerð og umsagnir um ýmis samgöngumál, þ.m.t. umsagnir um afnotaleyfi á götum og stígum í borgarlandi.
- Svörun fyrirspurna frá fag- og hverfisráðum, borgarráði, íbúum og hagsmunaaðilum.
- Upplýsingamiðlun til stjórnsýslu, íbúa og fjölmiðla.
- Tillögur og ákvarðanir um umferðarmerkingar á gatna- og stígakerfi borgarinnar.
- Þátttaka í mati á úrbótum og nýjungum í umferðarljósastýringum og miðlægri stýringu umferðarljósa.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í verkfræði með sérhæfingu í samgöngum.
- Reynsla á viðkomandi starfssviði.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Stjórnunarhæfileikar til að leiða teymisvinnu og stýra starfi aðkeypra ráðgjafa.
- Framsýni og geta til að sýna frumkvæði.
- Nákvæm, öguð og sjálfstæð vinnubrögð.
- Viðkomandi þarf að geta unnið vel undir álagi.
- Færni í notkun á algengum hugbúnaði sem tengist samgöngum.
- Færni til að setja fram ritað mál fyrir stjórnsýslu borgarinnar á greinargóðri íslensku.

Um er að ræða 100% starf. Launkjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélags. Nánari upplýsingar um starfið veitir Þorsteinn R. Hermannsson í tölvupósti thorsteinnrh@reykjavik.is.


Sótt er um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is undir flípanum „Laus störf“ og „Yfirverkfræðingur samgöngumála“. Umsóknarfrestur er til 30. október 2017. Öllum umsækjendum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglir það margbreytilega samfélag sem borgin er.

**Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi**
www.hagvangur.is



RÚV starfar í almannabágu og hefur það hlutverk að vekja, virkja og efla. Öflugt og samhent starfsfólk RÚV skoðar samfélagið með gagnrýnum hætti, segir mikilvægar sögur og þróar nýjar leiðir til miðlunar.



Verkefnastjóri Hugbúnaðarþróun

RÚV auglýsir eftir öflugum verkefnastjóra til að leiða ört vaxandi verkefni á sviði hugbúnaðarþróunar í samræmi við stefnu RÚV til 2021.

Við leitum að drifandi og hæfileikaríkum einstaklingi með haldbæra reynslu af því að stýra verkefnum.

Umsóknarfrestur er til 24. október 2017.

Upplýsingar um starfið og skil umsókna er að finna á www.ruv.is/laus-storf.

Við hvetjum konur jafnt sem karla og fólk af ólíkum uppruna til að sækja um starfið.

www.ruv.is



Blikksmiður / Nemi

Blikksmiðjan Vík ehf. óskar eftir að ráða blikksmið eða starfsmann vanan málmsmiði.

Einnig óskum við eftir að ráða nema til starfa.

Umsóknir sendist á eyjolfur@blikkvik.is
Öllum verður svarað.

BLIKKSMIDJAN
VÍK

SKEMMIVEGUR 42 • BLEIK GATA • 200 KÓPAVOGUR
SÍMA 557 1580 • 557 1555 • BRÉFASÍMI 557 2588
KENNITALA 430985-0279 • VSK.NR. 7772 • BANKAR.NR. 537526-501225
Netfang: blikkvik@blikkvik.is

Fjölmennt, símenntunar- og þekkingarmiðstöð óskar eftir starfsmanni.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Dagleg umsjón með húsnæði Fjölmenntar
- Móttaka og aðstoð við þátttakendur á námskeiðum Fjölmenntar

Hæfniskröfur:

- Reynsla af starfi með fötluðu fólki
- Félagsliðamenntun æskileg
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði í vinnubrögðum

Um er að ræða 100% starf og æskilegt að viðkomandi geti byrjað sem fyrst

Laun eru samkvæmt samningi Fjölmenntar og SFR

Nánari upplýsingar gefur Helga Gísladóttir forstöðumaður Fjölmenntar í síma 530 1300

Umsóknir, ásamt ferilskrá, skulu sendar á netfangið helgag@fjolmennt.is

Umsóknarfrestur er til 22. október

FJÖLMENNT
SÍMENNTUNAR- OG ÞEKKINGARMÍÐSTÖÐ

Skrifstofumaður/skjalavinnsla

LIND fasteignasala leitar að jákvæðum einstaklingi til aflýsinga á skrifstofu í eitt ár frá 1. desember 2017.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Almenn skrifstofustörf
- Bókanir
- Samskipti við lánastofnanir og sýslumannsembættin
- Aðstoð við undirbúning samninga
- Skjalavinnsla, senda gögn til þinglýsingar
- Móttaka viðskiptavina

Hæfni:

- Sjálfstæði og viðsýni
- Hæfni til að starfa í teymi
- Dugnaður
- Faglegur metnaður og ábyrgð í starfi
- Jákvætt viðhorf og öryggi í samskiptum

Við bjóðum upp á:

- Jákvætt og skemmtilegt starfsumhverfi
- Góð staðsetning og aðgengi að vinnustað
- Frábært tækifæri til að bæta við sig þekkingu
- Metnaðarfullt og fjölbreytt starf

Um fullt starf er að ræða og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.

Sótt er um starfið með því að senda náms- og starfsferilskrá ásamt kynningarbréfi fyrir 24. október 2017 á heidrun@fastlind.is

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

LIND
FASTEIGNASALA

**Uppspretta
ánægjulegra
viðskipta**

510 7900

Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

LIND fasteignasala er öflugt og framsækið fyrirtæki sem leggur metnað í störf sín. Mikil áhersla er lögð á ábyrga og góða þjónustu. LIND er ein af stærstu og öflugustu starfandi fasteignasölum á landinu þar starfar 22 manna hópur af löggiltum fasteignasölum, sölufulltrúum og starfsmönnum í skjalavinnslu.

VIÐ VITUM HVAÐ STAFRÆNAR LAUSNIR SKIPTA MIKLU MÁLI

